



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
ÁRSSKÝRSLA 2019

LOTTÓ APPIÐ!

HAFÐU HEPPNINA
MEÐ ÞÉR Í SÍMANUM!



Náðu þér í happaapp þjóðarinnar!

Lottó appið er þegar búið að skila mörgum og stórum vinningum til þjóðarinnar. Appið er auðvelt og þægilegt í notkun og þar er miðinn þinn öruggur hvernig sem viðrar. Náðu þér í happaappið sem allir eru að tala um! **Nánar á lotto.is**



APPIÐ OKKAR

Stjórn HSK 2019

**Formaður:**

Guðriður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var
ritari frá 2001–2010. Sat í
varastjórn frá 2000–2001.

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í
varastjórn frá 2012–2014.

**Ritari:**

Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í
varastjórn frá 2011–2016.

**Varaformaður:**

Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016.
Var ritari stjórnar frá
2015–2016.

**Meðstjórnandi:**

Baldur Gauti Tryggvason
Meðstjórnandi frá 2017. Sat
í varastjórn frá 2016–2017.

**Varamenn:**

Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.

**Olga Bjarnadóttir**

Varamaður frá 2016.

**Jón Þróstur Jóhannesson**

Varamaður frá 2018.

**Framkvæmdastjóri:**

Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá
1991.

Ársskýrsla 2019

Umsjón með útgáfu: Engilbert Olgeirsson.
Prófarkarlestur: Anný Ingimarsdóttir, Baldur
Gauti Tryggvason, Engilbert Olgeirsson,
Fanney Ólafsdóttir, Helgi S. Haraldsson,
Lísa Thomsen og Olga Bjarnadóttir.

Hönnun og umbrot: Guðmundur Karl
Sigurdórsson.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Myndir: Engilbert Olgeirsson og forystufólk í
félögum, nefndum og ráðum HSK.

Upplag: 200 eintök.

Myndir á forsiðu eru frá héraðsmótum 2019.



Hluti keppenda á héraðsmótnu í sundi, ásamt Magnúsi Tryggvasoni, þjálfara.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

- 4 Ávarp formanns
- 6 Ársreikningur
- 10 Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði
- 11 Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2019
- 12 Íþróttamaður og íþróttakona HSK kosin í
annað sinn
- 14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- 15 Heiðursmerki HSK veitt árið 2019
Þakkir til þeirra sem styrktu starfseminu
HSK fréttir í héraðsfreðtamiðlum
Heimasíða HSK
Ársskýrsla HSK
Annað kynningarstarf

Fundir, þing og ráðstefnur:

- 16 Héraðsþing HSK haldið í fyrsta sinn í miðri
viku
Þing ÍsÍ
Þing UMFÍ
- 17 Formannafundur HSK
Formannafundur ÍsÍ
Þing sersambanda
Fræðslufundur um innleiðingu nýju persónu-
verndarlaganna
Stjórnarfundir HSK

Samstarfsverkefni:

- 18 Félagsmiðstöðin Sel
- 18 Öll aðildadarfélög HSK skiluðu Felixskýrslu
HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi
nefndir hjá HSK
Heildarstigatafla HSK
- 19 Getraunakaffi – gott félagsstarf
Enn eitt metárið í lottóinu
Hreyfivika UMFÍ á Suðurlandi
Myndasafn HSK skannað og merkt

Ýmsar upplýsingar:

- 20 Lög HSK
- 21 Aðildarfélög og formenn félaga um áramót
2019
- 22 Gull- og silfurmerki HSK
Fjöldi iðkenda eftir greinum

- 23 Stærð félaga og tekjur af lottói og
getraunanúmer félaga
- 24 Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK
- 25 Íþróttamaður HSK 1964 – 2017
Íþróttakarl og Íþróttakona HSK frá 2018
- 26 Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
- 27 Fréttapunktur frá ÍsÍ
- 29 Fréttapunktur frá UMFÍ
- 31 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
Umhverfissjóður UMFÍ
Ferðasjóður Íþróttafélaga

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

- 32 Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd HSK
- 33 Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts
UMFÍ á Selfossi 2020

Yfirlit um störf nefnda og ráða:

- 34 Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2019
- 35 Almenningsíþróttanefnd
Badmintonnefnd
Blaknefnd
- 36 Borðtennisnefnd
Briddsnefnd
Frjálsíþróttaráð
- 39 Glimuráð
- 41 Íþróttanefnd eldri félagsmanna
Íþróttanefnd fatlaðra
Skáknefnd
- 42 Starfsíþróttanefnd
Sundnefnd
Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

- 44 Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
- 45 Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
- 46 Golfklúbbur Kibjæbergis
Golfklúbbur Selfoss

- 47 Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
Golfklúbbur Þorlákshafnar
- 48 Golfklúbbur Öndverðarness
Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Logi
- 49 Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
- 50 Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
- 51 Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
- 52 Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri
Karatefélag Suðurlands
Knattspyrnufélag Árborgar
- 53 Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir
- 54 Körfuknattleiksfélag Selfoss
Lyftingafélagið Hengill
- 55 Skotíþróttafélagið Skyttur
Skotíþróttafélag Suðurlands
Torfæraklúbbur Suðurlands
UBH
UMf. Biskupstungna
- 56 UMf. Eyfellingur
UMf. Eyrbakka
UMf. Framtíðin
UMf. Hekla
- 57 UMf. Hrunamanna
UMf. Hvöt
- 58 UMf. Ingólfur
UMf. Laugdæla
UMf. Merkiðhvoll
UMf. Selfoss
- 59 UMf. Skeiðamanna
- 60 UMf. Stokkseyrar
UMf. Þjótandi
UMf. Þór
- 62 Svipmyndir úr starfinu

Skýrsla stjórnar:

Ávarp formanns HSK

Áð baki er enn eitt viðburðaríkt starfsár hjá HSK. Þegar ég áttaði mig á því á dögnum að héraðsþing væri á næsta leyti datt mér í hug víðukorn eftir Guðmund Kristjánsson:

*Tíminn liður títt og ótt
tífar klukkan dag og nótt.
Jörðin snýst, eins það er
árið líka hringinn fer.*

Mér finnst örfáar vikur síðan við höldum héraðsþing 2019. En það er sem sagt liðið eitt ár, ótrúlegt en satt. Að þessu sinni höldum við þing okkar á fimmtudegi líkt og við gerðum í fyrra, en það gaf mjög góða raun.

Áfram veginn

Undanfarnir 20 ár hefur Ísland náð slíkum árangri í forvörnum að horft er til okkar hvað það varðar. Vímuefnaneysla barna og unglunga hefur minnkað mikið á þessu tímabili. Árið 1998 notuðu íslenskir ungmenni mest afáfengi, tóbaki og kannabis í Evrópu. Þá var brugðist við vandanum, farið í markvissar aðgerðir og áherslum í forvarnastarfi breytt. Meðal annars var sett á laggirnar íslenskt samvinnumódel þar sem leitast var við að hafa gott framboð frístunda, gott samstarf við foreldra og forráðamenn og góða líðan í skólum. Aukið var við úrval tómstunda og segja má að í mörgum tilfellum séu gæðin í heimsklassa. Við búum svo vel að hér höfum við vel menntaða þjálfara, gjarnan með meistaraþráðu í íþróttatæknunum, en víða erlendis byggir þjálfarastarf barna og ungmenna á sjálfbærni foreldra.

Ég hef áður komið inn á mikilvægi íþróttar- og tómstundastarfa í lífi okkar í nútímasamfélaginu. Hvers konar félagsstarf er afar þýðingamikill þáttur í lífi einstaklinga og á það sérstaklega við um börn og unglunga. Að tilheyra jafningjahópi er börnum og unglingum afar mikilvægt og hefur einnig jákvæð áhrif á þroska og andlega líðan. Víða er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir þennan aldurshóp og brýnt að valmöguleikarnir séu fjölbreyttir og höfði til sem flestra. Þarna tel ég að félögin innan HSK standi sig mjög vel í sínu starfi. Við sem störfum í íþróttahreyfingunni þurfum að hafa í huga að gott sjálfsstraust, jákvætt sjálfssálit og sjálfsvirðing eru allt góðir eiginleikar sem gott er að búa yfir í daglegu lífi. Rannsóknir sýna að einstaklingur sem ber virðingu fyrir sjálfum sér og hefur gott sjálfssálit glímur síður við neikvæðni á lífsleiðinni og því er til mikils að vinna að starfsemi HSK sé með sem mestum blóma.

Ljóst er af nýrri íþróttastefnu og stöðu mála að bjart er fram undan í íþróttamálum hérlandis. Við þurfum þó að gæta þess að sofna ekki á verðinum. Við erum flétt að glíma við nýjar áskoranir og þurfum að bregðast við aukinni notkun rafretta, sem og aukningu í þunglyndi og kviða þessa aldurshóps en þar spila samfélagsmiðlar stórt hlutverk. Forvarnir eru lifandi verkefni sem við eigum að leggja metnað okkar í að hlúa sem best að.

Íþróttaiðkun hefur veruleg áhrif á sjálfssálit og er grunnur að heilsusamlegum lífsstíl. Börn og ungmenni sækja mikið í íþróttir út af félagslegum þáttum og leitast við að ná einhvers konar félagslegri stöðu og viðurkenningu frá m.a. þjálfurum. Því er stjórn HSK afar þakklát að hafa innan sinna vébanda vel menntaða og hæfa þjálfara.



Örn Guðnason varaformaður UMFÍ afhenti Guðröði formanni HSK gullmerki UMFÍ á þingi HSK 2019.

Allir jafnir, róm í sömu átt

Spurningunni um það hvort öll börn og ungmenni sitji við sama borð varðandi þátttöku í skipulögðu íþróttar- og tómstundastarfi hef ég oft velt fyrir mér.

Árið 2015 lagði ríkisstjórnin fram þingsályktunartillögu fyrir Alþingi vegna þess að opinberir aðilar höfðu áhyggjur af því að börn innflytjenda tækju ekki nógu mikinn þátt í tómstundastarfi. Stefna átti að því að auka „þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi sem og öðru tómstundastarfi og draga úr brotthvarfi þeirra úr slíku starfi“. Stofna átti starfshóp sem átti að vinna að aukinni þátttöku innflytjendabarna í tómstundum til að virkja þau og auka velliðan þeirra. Árið 2015 gaf ÍSÍ út bækling, ÍÞRÓTTIR – BARNASINS VEGNA. Við lestur á honum má lesa göfug markmið, en því er ekki að neita að á huga minn leita spurningar um hvernig til hefur tekist að fylgja markmiðunum eftir.

Í bæklingnum kemur m.a. fram að bjóða eigi upp á fjölbreytta hreyfingu og þar skal gleði og ánægja vera í öndvegi og öll börn eigi að hafa kost á að stunda íþróttir. Í september 2018 var til umfjöllunar á mbl.is staða barna af erlendu bergi varðandi íþróttastarfið. Hvetja átti börn af erlendum uppruna til að „vera með!“. Þar kom fram að 56% barna sem búa á heimili þar sem engin íslenska er töluð taka sjaldan þátt í íþróttastarfinu. Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) vildu breyta þessu og kynntu nýtt verkefni sem hafði það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi. Gefin var út bæklingur sem ber heitið „Vertu með“, ætlaður foreldrum barna af erlendum uppruna. Í honum er að finna upplýsingar um starfsemi íþróttar- og ungmennafélaga m.a. um æfingagjöld, frístundastyrki, mikilvægi þátttöku foreldra og ekki síst kosti þess að hreyfa sig í skipulögðu starfi.

UMFÍ og ÍSÍ veittu í tengslum við verkefnið fimm íþróttar- og ungmennafélögum styrki til að standa fyrir verkefnum sem átti að hvetja þessi börn til

þátttöku í íþróttastarfinu, en það voru Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV), Héraðssamband Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu (HSH), Valur, ÍA og taekwondodeild Keflavíkur. Væri gaman að heyra frá þessum aðilum hvernig til hefur tekist. Tilgangur með styrkjunum var að fólkið í grasróttinni færi af stað og ynni í sínu nærsamfélagi að aukinni þátttöku erlendra barna í sínu samfélagi.

Um tíma höfðu forsvarsmanna hreyfinganna grun um að þátttaka þessara barna væri lítil og var sá grunur á rökum reistur og staðfestur með rannsókn sem Rannsókn og greining ehf., lögðu fyrir nemendur í 8.–10. bekk á Íslandi 2016. Fram kom að íslenskir foreldrar vita forvarnargildi þess að senda börn í íþróttir en það sama er ekki uppi á teningnum í sumum menningarheimum. Fram kom að rannsóknir sem gerðar hafa verið í Austur-Evrópu benda jafnvel til þess að skipulagt íþróttastarf geti aukið líkur á áfengisneyslu.

Ragnhildur Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ, stýrir aðumefndu verkefni og segir að um sé að ræða lifandi verkefni og er von á niðurstöðum frá Rannsókn og greiningu nú árið 2020 um ávinning vinnunnar.

Á Reykjanesi var farið í átaksverkefnið „Vertu memm“ sem fólst í því að hvetja börn af erlendum uppruna til þátttöku í íþróttastarfi bæjarins enda eru tómstundir mikilvægar fyrir aðlögun. Fram hefur komið að átakið er að skila góðum árangri og bæjaryfirvöld afar ánægð með þann árangur sem náðst hefur. Eitt af megin markmiðum Reykjanesbæjar, er að fjölga þessum börnum í íþróttar- og tómstundastarfi. Átakið felst m.a. í því að þýða auglýsingar íþróttafélaga yfir á pólsku og ensku. Eftir að þessi vinna fór af stað hefur nýting hvatakorta aukist úr 9% í rúm 20% árið 2019 en foreldrar erlendu barnanna þekktu ekki hvatakort í upphafi verkefnisins.

Eitt af því sem Reykjanesbær vill gera er að fá erlenda foreldra og íbúa inn í stjórnir deilda innan íþróttafélaganna. Sem dæmi má nefna að eftir að erlend móðir kom inn í stjórn taekwondodeilda

Keflavíkur jókst þátttökuhlutfall úr 10% í rúm 20% hjá erlendum þátttakendum en móðirin þýddi allt efni sem frá deildinni kom.

Til þess að árangur náist í að fjölga erlendum börnum í íþrótt- og tómstundastarfi þurfa allir að stilla saman strengi og róa í sömu átt.

Unglingalandsmót UMFÍ – Landsmót UMFÍ 50+

Síðasta Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Höfn í Hornafirði 1.–4 ágúst 2019. Þar mættu um eitt þúsund keppendur sem öttu kappi í hinum ýmsu greinum en alls var boðið upp á 21 keppnisgrein. Keppendur á vegum HSK voru fjölmargir og voru allir HSK til sóma. Ekki var annað að sjá en að þátttakendur skemmtu sér konunglega saman á heilbrigðan hátt.

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Neskaupstað að þessu sinni. Mótið er blanda af íþróttakeppni og annarri skemmtun og fór fram dagana 28.–30. júní. Boðið var upp á fjölda íþróttagreina. Á laugardeginum var síðan skemmtikvöld með dýrindis kvöldverði og skemmtiatriðum. Keppendur HSK stóðu sig með miklum ágætum eins og þeirra var von og vísa.

Á Unglingalandsmótum er gleði frá morgni til kvölds. Fótaferð er snemma, keppt allan daginn, frábærar kvöldvökur og magnaðar flugeldasýningar. Á þennan hátt lýsa einstaklingar stemningunni á þessum mótum, sama hvar á landinu þau eru haldin. Ég hef áður sagt að Unglingalandsmót sé ein frábærasta forvörn sem fundin hefur verið upp og skrautfjórðin í starfi UMFÍ. Á þessum mótum gefst fólki kostur á að koma með börnum sínum og allir hafa eitthvað við að vera.

Nú er komið að okkur Skarphéðinsmönnum að bjóða til veislu en mótið verður haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina 2020 í samstarfi HSK, UMFÍ og Sveitarfélagsins Árborgar. Hér á Suðurlandi er mikill mannauður og fólk sem kann að halda stóra viðburði. Það hafa m.a. stórmót UMFÍ sem hér hafa verið haldin í gegnum tíðina sannað. Skarphéðinsmenn geta svo sannarlega borið höfuðið hátt og litið með stolti yfir farinn veg landsmóta á sambandsvæðinu.

Í ár verður mótið með hefðbundnu sniði og víða leitað fanga til að gera allri fjölskyldunni kleift að vera með, bæði yngri systkinum þátttakenda og fullorðnum. Aðstaða til mótahalds er frábær á Selfossi og magnað að halda stór mót á þessu svæði. Allir sem komið hafa að skipulagningu landsmóta vita að sú vinna gerist ekki á einni nóttu. Það er sama hversu vel nefndarvinnan er unnin, á endanum eru það sjálfbæðið og skipta mestu máli og þeirra ómetanlega vinnu. Það eru þeir sem gera það að verkum að mót sem þessi eru framkvæmdaleg. Hver hönd skiptir gríðarlega miklu máli og því hvet ég alla sem tók hafa á að leggjast á áramnar með okkur og hrinda í framkvæmd frábæru unglingalandsmóti á Selfossi 2020.

Fundur og þing

Eins og áður sóttu fulltrúar HSK hefðbundna fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári sem og áðra viðburði á þeirra vegum. Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn í Danmörku í maí. Því miður áttu fulltrúar HSK ekki heimangengt að þessu sinni og tóku því ekki þátt í fundinum.

Fulltrúar HSK sóttu Íþróttþing ÍSÍ sem haldið var í maí 2019. Fyrir þinginu lágu 24 tillögur. Ýmsar breytingar voru gerðar á lögum ÍSÍ og sómuleiðis á lögum um lyfjamál. Var þar um að ræða lagfæringar í tengslum við breytingar á heitum nefnda Lyfjaeftirlits Íslands. Okkur fulltrúum HSK á þinginu til mikillar ánægju var Olga Bjarnadóttir kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ.



Fulltrúar HSK á þingi UMFÍ 2019.

Sambandsþing UMFÍ var haldið á Laugarbakka í Miðfirði í október 2019 og mætti HSK á þingið með fullmannað lið. Stærsta mál þingsins var samþykkt umsókn þriggja íþróttabandalaga um aðild að UMFÍ. Af þessu tilefni langar mig að benda á heimasíðu UMFÍ en þar má lesa eftirfarandi: „Þegar íþróttabandalög bættast við UMFÍ fá þau stöðu sambandsaðila á sama hátt og önnur íþróttahéruð landsins. Hvert og eitt bandalag þarf að sækja um inngöngu og geta þau sem ekki vilja gera það staðið utan UMFÍ. Félög UMFÍ með beina aðild munu áfram halda aðild sinni að UMFÍ en í gegnum íþróttabandalög á sama hátt og flest aðildarfélag UMFÍ í dag. Í þeim tilvikum þar sem íþróttabandalag hefur ekki sótt um aðild verður staða félags með beina aðild óbreytt. Með tillögum vinnuhóps um aðild hafa hagsmunir núverandi sambandsaðila varðandi lottó og fjölda þingfulltrúa verið tryggðir.“ Á þinginu var Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri UMFÍ, Selfoss kosinn í varastjórn UMFÍ og því fögnum við HSK-félagar.

Árlegur formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 29. nóvember í Laugardalshöllinni. Formaður og framkvæmdastjóri HSK sóttu fundinn. Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, ræddi fjölmargar áskoranir í starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar, m.a. styrkjaumhverfi og markaðsmál, brottfall og þjóðarleikvanga, svo fátt eitt sé talið. Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, flutti skýrslu stjórnar og Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ, fór yfir fjárhag hreyfingarinnar. Margrét Lilja Guðmundsdóttir, frá Rannsóknar- og greiningu, hélt fróðlegt erindi um íslenska módelið í forvörnum. Elías Atlason, verkefnastjóri ÍSÍ, fór yfir upplýsingar úr starfsskýrslum ÍSÍ og kynnti m.a. nýja framsetningu á tölræði hreyfingarinnar á vefsíðu ÍSÍ. Andri Stefánsson, sviðstjóri afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ, kynnti stöðu mála á verkefnum vinnuhópa sem skipaðir voru á Íþróttþingi ÍSÍ 2019. Stefán Jóhannesson, formaður vinnuhóps um stafræn upplýsingakerfi, sagði frá störfum nefndarinnar. Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundargestum til kvöldverðar í Café Easy.

Ýmis verkefni

Samkvæmt venju tóku HSK-félagar þátt í fjölmörgum verkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ og má lesa nánar um þau verkefni í ársskýrslunni.

Lokaorð

Við getum verið sammála um að það sé bjart fram undan í íþróttastarfi á Íslandi nú þegar ný íþróttastefna hefur litið dagsins ljós. Sífellt er unnið að því að bæta umgjörð starfsins. Ég tek heilshugar undir orð Hauks Valtýssonar, formanns UMFÍ, þegar hann sagði í ræðu sinni á Íþróttþingi ÍSÍ 2019, að margsannað væri að samvinna skilaði árangri. Hann nefndi að UMFÍ hefði unnið að því að efla samstarf á meðal sambandsaðila UMFÍ og benti á að samvinnan birtist í sterkari félögum og meiri fjölbreytni í íþróttalífi landsmanna. Samvinnuverkefnið er í takti við nýja íþróttastefnu þar sem hún leitast við að tryggja aðgengi sem flestra að öllu íþróttastarfi svo allir fái tækifæri til að taka þátt í starfinu óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, kynvitund, lítarhætti og uppruna.

Íþróttafólk okkar hafði í mörg horn að líta á liðnu starfsári og náði frábærum árangri. Félagsmenn höfðu í nógu að snúast, bæði á félags- og íþróttalegum grunni. Mörg góð og eftirminnileg afrek voru unnin á árinu og höfum við horft á íþróttafólkið okkar vaxa og dafna sem aldrei fyrr.

Ég horfi stolt til baka yfir nýliðið starfsár. Hér erum við svo lánsöm að hafa á að skipa, afar duglegu stjórnarfólki í félögunum, vel menntuðum þjálfurum, áhugasömum foreldrum og frábærum iðkendum. Þessi frábæri hópur auðveldar okkur í HSK að halda úti öflugum íþrótt- og tómstundastarfi. Færum við öllum hjartans þakkir fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi okkar.

Þeim fjölmörgu sveitarfélögum og fyrirtækjum á sambandsvæðinu, sem aðstoða okkur við að halda starfseminni jafn sterkri og árangursríkri og raun ber vitni, ber að þakka.

Öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem hafa komið að starfi HSK og lagt okkur lið með einum eða öðrum hætti á liðnu ári ber einnig að þakka fyrir óeigingjarn starf og dýrmætt framlag sem seint verður fullþakkað.


Stjórnarmönnum, framkvæmdarstjóra og sjálfbæðið færi ég þakkir fyrir góð og vel unnin störf og árangursríkt og skemmtilegt samstarf.


Guðriður Aadnegard, formaður HSK

Ársreikningur HSK 2019

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2019. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2019 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2019. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2019 með undirskrift sinni.

Selfossi, 10. febrúar 2020,



Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK


Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2019. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 10. febrúar 2020,


Brynja Hjálmtýsdóttir


Bergur Guðmundsson

Rekstrarreikningur HSK 2019

	Skýr.	Rauntölur 2019	Áætlun 2019	Rauntölur 2018
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	37.970.900	33.348.000	34.484.829
Tekjur af mótum	2	522.000	180.000	14.860.215
Auglýsingatekjur	3	435.000	425.000	425.000
Aðrar tekjur	4	4.577.574	5.005.000	4.721.208
Rekstrartekjur alls		43.505.474	38.958.000	54.491.252
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	5	11.690.179	11.408.000	11.197.800
Fundir og þing	6	674.281	690.000	673.134
Áhöld og tæki	7	0	0	0
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/mótahalds	9	361.786	135.000	14.319.824
Rekstur mannvirkja	10	400.000	400.000	500.000
Rekstur skrifstofu	11	943.240	925.000	913.793
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	550.125	440.000	1.323.176
Önnur gjöld	13	28.368.783	25.294.000	26.550.996
Rekstrargjöld alls		42.988.394	39.292.000	55.478.723
Hagnaður án fjármagnsliða		517.080	-334.000	-987.471
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur		526.425	530.000	453.308
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-41.649	-80.000	-139.233
Fjármagnstekjuskattur		-115.726	-116.000	-99.715
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls		369.050	334.000	214.360
Hagnaður (tap) tímabilsins		886.130	0	-773.111

Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2019

	2019	2018
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu)	6.734.721	6.400.785
Fastafjármunir alls	6.734.721	6.400.785
VELTUFJÁRMUNIR		
Viðskiptakröfur	0	45.982
Handbært fé	13.127.901	12.196.574
Veltufjármunir alls	13.127.901	12.242.556
Eignir samtals	19.862.622	18.643.341
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé	18.976.492	19.415.667
Tekjuafgangur ársins	886.130	-773.111
Eigið fé alls	19.862.622	18.642.556
LANGTÍMASKULDIR	0	0
SKAMMTÍMASKULDIR		
Ógr. launatengd gjöld	0	785
Viðskiptaskuldir	0	0
Skammtímaskuldir alls	0	785
Skuldir og eigið fé samtals	19.862.622	18.643.341

Skýringar á fjárhagsáætlun HSK	Rauntölur 2019	Áætlun 2019	Rauntölur 2018
1. Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.789.312	2.220.000	2.329.340
Styrkur UMFÍ	125.000		
Lottó	32.735.488	29.000.000	29.989.087
Getraunir	824.600	628.000	692.322
Framlag frá sveitarfélögum	1.496.500	1.500.000	1.474.080
Framlög og styrkir alls	37.970.900	33.348.000	34.484.829
2. Tekjur af mótum			
Þátttökugjöld	522.000	180.000	254.900
Landsmótshald	0	0	14.605.315
Tekjur af mótum alls	522.000	180.000	14.860.215
3. Auglýsingatekjur			
Útgáfa	185.000	175.000	175.000
Heimasíða	250.000	250.000	250.000
Aðrar auglýsingatekjur	0	0	0
Auglýsingatekjur alls	435.000	425.000	425.000
4. Aðrar tekjur			
Skattar aðildarféлага	2.975.875	3.050.000	3.038.525
HSK þing	287.500	315.000	315.000
Leigutekjur v/skrifstofu	240.000	240.000	80.000
Tekjur v/Unglingalandsmóts	655.287	950.000	462.000
Heimildarmynd um landsmót	227.000	250.000	628.000
Aðrar tekjur	191.912	200.000	197.683
Aðrar tekjur alls	4.577.574	5.005.000	4.721.208
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna	8.046.864	7.650.000	7.622.646
Tryggingagjald	681.170	660.000	675.237
Lífeyrissjóður	963.045	1.035.000	907.247
Laun alls	9.691.079	9.345.000	9.205.130
Bíðreiða- og aðrir styrkir			
Bíðreiðastyrkir starfsmanna	1.321.100	1.370.000	1.337.270
Dagpeningar	678.000	693.000	655.400
Bíðreiða- og aðrir styrkir alls	1.999.100	2.063.000	1.992.670
Laun og verktakagreiðslur alls	11.690.179	11.408.000	11.197.800
6. Fundir og þing			
Stjórnarfundir	43.773	50.000	227.885
Þing ÍSÍ	0	0	
Þing UMFÍ	470.524	400.000	
Þing HSK	70.382	200.000	276.772
Nefndafundir HSK	23.950	25.000	64.552
Sambandsráðsfundur UMFÍ	0	0	90.460
Formannafundur HSK	11.652	15.000	13.465
Aðrir fundir og ráðstefnur	54.000		
Fundir og þing alls	674.281	690.000	673.134

	Rauntölur 2019	Áætlun 2019	Rauntölur 2018
7. Áhöld og tæki			
Skrifstofuáhöld	0	0	0
Önnur áhöld	0	0	0
Áhöld og tæki alls	0	0	0
9. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	188.290	120.000	134.335
Húsa- eða vallarleiga	0	0	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	173.496	15.000	45.227
Landsmótshald	0	0	9.954.780
Landsmótshald, hlutdeild félaga	0	0	3.720.428
Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs	0	0	465.054
Kostnaður v/mótahalds alls	361.786	135.000	14.319.824
10. Rekstur mannvirkja			
Selið	400.000	400.000	500.000
Rekstur mannvirkja alls	400.000	400.000	500.000
11. Rekstur skrifstofu			
Sími	203.640	190.000	176.339
Ritföng	29.756	20.000	17.013
Prentun	35.976	35.000	32.209
Póstkostnaður	20.990	15.000	29.072
Kaffikostnaður og risna	4.652	10.000	5.505
Tölvukostnaður	189.267	195.000	193.173
Annar skrifstofukostnaður	458.959	460.000	460.482
Rekstur skrifstofu alls	943.240	925.000	913.793
12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa ársskýrslu	309.600	310.000	304.600
Heimasíða	182.262	130.000	128.261
Heimildarmynd um landsmót	58.263	0	890.315
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	550.125	440.000	1.323.176
13. Önnur gjöld			
Lottógreiðslur til félaga	23.527.688	20.880.000	21.121.477
Unglingalandsmótsþátttaka	1.630.785	1.400.000	1.958.113
Þátttaka á landsmóti 50+	0	0	0
Verkefnasjóður HSK	3.145.784	2.699.000	3.275.818
Ýmis kostnaður	64.526	315.000	195.588
Afskriftir	0	0	0
Önnur gjöld alls	28.368.783	25.294.000	26.550.996

Verkefnasjóður HSK

Rekstrarreikningur 2019

31/12/19

31/12/18

Tekjur:

Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	3.103.921	2.805.142
Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	41.863	470.676
Vaxtatekjur	kr.	68.880	61.000
Ósóttir styrkir frá 2018	kr.	55.000	120.000
Hlutdeild í hagnaði Unglingalandsmóts	kr.		465.054
Tekjur alls:		3.269.664	3.921.872

Gjöld:

Styrkir 2019, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	5.154.000	3.327.500
Fjármagnstekjuskattur	kr.	15.152	13.420
Gjöld alls:		5.169.152	3.340.920

Rekstarhagnaður (tap) ársins

-1.899.488

580.952

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir:

Í sjóði 31.12.2019	kr.	4.309.588	4.644.076
Eignir alls:		4.309.588	4.644.076

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé frá fyrra ári	kr.	4.419.076	3.838.124
Rekstarhagnaður ársins	kr.	-1.899.488	580.952
Ógreiddir styrkir um áramót	kr.	1.790.000	225.000
Skuld, ofgreiddur styrkur	kr.		
Skuldir og eigið fé alls:		4.309.588	4.644.076

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2019

Bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK hafa haldist nánast óbreytt að krónutölu undanfarin ár og ekki fylgt verðlagsþróun eða íbúafjölgun.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	17.959	280 kr. á íbúa	1.064.000	59,24 kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.924	280 kr. á íbúa	192.500	100,05 kr.
Rangárþing ytra	1.636	280 kr. á íbúa	170.000	103,91 kr.
Ásahreppur	248	280 kr. á íbúa	70.000	282,25 kr.

*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2019.

Greiðsla alls úr héraði 2019: 1.496.500

Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2019

Verkefnasjóður HSK úthlutar úr sjóðnum tvisvar á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. apríl eða 1. október. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandsvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	50.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	30.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands, en þó að hámarki	10.000 kr. á einstakling
Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni	35.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Afreksstyrkur, þar með talið landsliðsval (þarf að hafa verið valin/n í A-landslið)	150.000 kr. á einstakling

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Fyrri úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Hamars	Þjálfaranámskeið innanlands, 14 þátttakendur	140.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, tveir þátttakendur	20.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, fimm þátttakendur	50.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, þrír þátttakendur	30.000
Fimleikadeild Selfoss	Námskeiðahald	35.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, fimm þátttakendur	200.000
Fimleikadeild Selfoss	Námskeiðahald	25.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Útbreiðsluverkefni	40.000
Golfklúbburinn Flúðir	Útbreiðsluverkefni	40.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Námskeiðahald, tvö námskeið	80.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, 35 þátttakendur	350.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, tveir þátttakendur	20.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, tveir þátttakendur	20.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Landsliðsval, einn einstaklingur	50.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Landsliðsval, einn einstaklingur	50.000
Skotíþróttafélag Suðurlands	Afreksstyrkur, einn einstaklingur	150.000
Skotíþróttafélag Suðurlands	Þjálfaranámskeið erlendis, einn þátttakandi	40.000
Sunddeild Hamars	Námskeiðahald	15.000
Sundnefnd HSK	Námskeiðahald	40.000
	Samtals	1.395.000

Seinni úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Hamars	Endurmenntun þjálfara	72.000
Fimleikadeild Hamars	Skyndihjálparnámskeið	40.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 1A	60.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið í Danmörku	160.000
Fimleikadeild Selfoss	Fræðsludagur Fimleikasambandsins	10.000
Fimleikadeild Selfoss	Móttökunámskeið 1	6.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfarafyrirlestur	20.000
Fimleikadeild Selfoss	Jóhann Ingi - iðkendur	20.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Þórs	Þjálfaranámskeið á vegum ÍSÍ	10.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Landsliðsfólk	200.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Ferðakostnaður vegna landsliðsverkefnis	50.000
Golfklúbbur Selfoss	Landsliðsval þrír einstaklingar	150.000
Hamar	Þjálfaranámskeið	40.000
Hamar	Landsliðsferð U15	50.000
Hamar Körfuknattleiksdeild	Landsliðsferð u-20 karla	50.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsval	700.000
Júðodeild Umf. Selfoss	Landsliðsval	250.000
Knattspyrnudeild Selfoss	KSÍ 3 þjálfaranámsekið	20.000
knattspyrnudeild Selfoss	KSÍ 4a þjálfaranámskeið	20.000
Knattspyrnudeild Selfoss	KSÍ 4B þjálfaranámskeið	30.000
Knattspyrnudeild Selfoss	KSÍ B/UEFA B þjálfarapróf	6.000
Knattspyrnudeild Selfoss	KSÍ A þjálfaraskóli	20.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Landsliðsval	150.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Þjálfaramenntun	80.000
Körfuknattleiksdeild Þórs	Landsliðskrakkar	100.000
Körfuknattleiksfélag Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis	40.000
Suðri	Bogfimi á Suðurlandi	40.000
Sunddeild Hamars	Fræðslufyrirlestur sunddeildar	35.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Landsliðsval	50.000
Ungmennafélag Hrunamanna	Landsliðsval	300.000
Ungmennafélag Hrunamanna	Nýjung í starfi	40.000
Ungmennafélag Selfoss	Endurmenntun styrktarþjálfara	40.000
	Samtals	2.859.000

Sérstök úthlutun sjóðsstjórnar 2019:

Í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: „Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist.“

Nafn	Ástæða úthlutunar	Úthlutun
Dagný María Pétursdóttir	Íþróttakona HSK 2018	50.000
Elvar Örn Jónsson	Íþróttakarl HSK 2018	50.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Íslandsmeistaratið karla í handknattleik 2019	400.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Bikarmeistaratið kvenna í knattspyrnu 2019	400.000
	Sérstök úthlutun samtals	900.000

Samtals úthlutun 2019 5.154.000

Íþróttakarlar og íþróttakona HSK kosin í annað sinn

Reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK var breytt á héraðsþingi 2018. Í annað sinn í sögu HSK var íþróttakarlar og íþróttakona HSK valin úr röðum þeirra sem tilnefndir eru í einstökum greinum. Valnefndin valdi **Fjóla Signý Hannedsdóttir** sem íþróttakonu HSK 2019 og **Hauk Þrastarson** sem íþróttakarlar HSK 2019. Á þessari opnu má sjá það íþróttafólk sem tilnefnt var í kjörinu.



Frjálsíþróttir

Íþróttakona HSK 2019

Fjóla Signý Hannedsdóttir, Umf. Selfoss

Fjóla Signý var fulltrúi Íslands á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi þar sem hún keppti í þremur greinum. Hún kom heim af móttinu með tvö gull, annars vegar fyrir 400m grindahlaup og hins vegar var hún í sigursveit Íslands í 4x400m hlaupi. Fjóla Signý varð einnig Íslandsmeistari í sjöbraut utanhúss með 4529 stig sem gaf henni keppnisrétt á Norðurlandamóttinu í fjölbrautum en hún sá sér því miður ekki fært að fara og keppa á móttinu. Fjóla Signý er mikilvæg fyrir keppnislið HSK á bikarkeppnum og meistaramótum enda reynslumikil og góð fyrirmynd fyrir yngri keppendur bæði innan vallar sem utan. Fjóla varð einnig HSK meistari í fjölmörgum greinum bæði innan- og utanhúss.

Badminton

Hrund Guðmundsdóttir, Hamri

Hrund hefur verið mjög sigursæl á undanförmum árum auk þess að vera einn virkasti meðlimur badmintondeildar Hamars. Hrund keppir í A flokki fullorðinna og keppir hún aðallega í tvíliða- og tvenndarleik. Hún vann m.a. silfur í tvíliðaleik á Meistaramóti Íslands. Hrund er í áttunda sæti í tvíliðaleik og sjötta sæti í tvenndarleik á styrkleikalista Badmintonsambands Íslands í sínum flokki.



Blak

Lucile Delfoss, Dímon-Heklu

Lucile er 28 ára gömul og hefur æft og spilað með Dímon-Heklu í þrjú ár. Hún er vaxandi spilar og hefur tekið miklum framförum. Hún er fjölbæf og getur spilað miðju, kant, díó og libero. Árið 2019 átti hún stóran þátt í því að B-liðið varð í 2. sæti í 5. deild í Íslandsmóti og spilar því þetta keppnistímabil í 4. deild. Hún var í A-liðinu sem varð HSK meistari í vor. Og í haust spilaði hún með A-liðinu í Íslandsmóti sem er eftir 1. umferð í 1. sæti í 3. deild. Auk þessa tók hún þátt í ýmsum hraðmótum á árinu.



Fimleikar

Evelyn Þóra Jósefsdóttir, Umf. Selfoss

Evelyn Þóra er Íslands- og deildameistari í hóp fimleikum með 1. flokki Selfoss. Hún er lykilmannskja í sínu liði og er í úrvalshóp landsliða fyrir Evrópumót í hóp fimleikum 2020. Hún er hógvæ, metnaðarfull og samviskusöm og hefur allt sem þarf til að komast alla leið í íþróttinni.



Golf

Heiðrún Anna Hlynisdóttir, GOS

Heiðrún vann eitt af stórmótum ársins á mótarið GSl, hún endaði mótið á 4 höggum undir pari, sem er eitt besta skor mótaraðarinnar frá upphafi, auk þess að hafa slegið vallarmetið á Þorlákshafnarvelli. Hún spilaði með A-landsliði kvenna á Evrópumóti og er ein fimm efstu íslenskra kvenna á Heimslista áhugamanna í golfi.



Glima

Marín Laufey Davíðsdóttir, Þiótanda

Marín Laufey er þrautreynd glímukona og fimmfaldur handhafi Freyjumensins. Árið 2019 átti hún góðu gengi að fagna, sigraði tvöfalt á Bikarglímu Íslands, náði öðru sæti í Íslandsglímunni auk þess að leiða mótarið GLÍ um áramót með fullt hús stiga. Marín Laufey stóð sig jafnframt frábærlega á EM í keltneskum fangbrögðum þar sem hún sigraði tvöfalt og var fyrir bragðið valin fangbragðakona mótsins.



Handknattleikur

Hulda Dís Þrastardóttir, Umf. Selfoss

Hulda Dís var einn af fyrirlidum meistaraflokks kvenna í Olisdeildinni á síðasta tímabili og var valin besti varnarmaður liðsins á lokahófi deildarinnar. Í dag er hún fyrirlíði liðsins í Grill66-deildinni sem er í toppbaráttu, en hún er markahæsti leikmaður liðsins. Hulda er metnaðargjörn og er mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendur og leiðtogi í liðinu.



Hestaíþróttir

Olil Amble, Sleipni

Olil Amble átti góðu gengi að fagna á hesti sínum Álfarni frá Syðri-Gegnishólum. Þau tóku þátt í tveimur mótum hér heima á Íslandi og sigruðu fimmgangskeppni á þeim báðum. Olil varð Íslandsmeistari í fimmgangi með einkunnina 7,68 í úrslitum. Þau tóku þátt fyrir Íslands hönd á HM í Berlín þar sem Olil keppti til úrslita.



Íþróttir fatlaðra

Sigríður Sigurjónsdóttir, Suðra

Sigríður hefur æft íþróttir í mörg ár bæði meðal fatlaðra og ófatlaðra íþróttamanna. Með miklum metnaði og þrautseigju uppskar hún glæsilegan

árangur árið 2019. Sigríður keppti í kastgreinum í frjálsum íþróttum. Á héraðsmóti HSK og Íslandsmóti ÍF lenti Sigríður í 1. eða 2. sæti í öllum greinum. Hún tók einnig þátt í nokkrum lyftingamótum og lenti ávallt í verðlaunasætum. Sigríður vann titilinn Sterkasta fatlaða kona Íslands 2019 og náði 3. sæti á Viking disabled Strength Challenge og tryggði sér því þátttökurétt á tveimur stórmótum erlendis árið 2020.



Knattspyrna

Barbára Sól Gísladóttir, Umf. Selfoss

Barbára Sól er lykileikmaður hjá Selfoss en liðið hampaði Mjólkbikar KSÍ eftir glæstan sigur á KR í framlengdum úrslitaleik. Í Pepsi Max deildinni varð liðið í þriðja sæti og jafnaði sinn besta árangur frá upphafi. Barbára spilaði alla leiki liðsins í deild og bikar á tímabilinu. Barbára Sól lék alla þrettán leiki U19 ára liðs Íslands á árinu.



Körfuknattleikur

Íris Ásgeirsdóttir, Hamri

Íris er mikill leiðtogi í meistara-flokkliði Hamars. Hún er ein af reynsluboltunum í liði Hamars og hefur undanfarin ár verið ein af betri leikmönnum 1. deildar kvenna. Hún átti gott tímabil á síðasta ári þar sem hún var í fimmta sæti yfir stigahæstu leikmenn 1. deildar og sú sjöunda í framlagi.



Mótókross

Gyða Dögg Heiðarsdóttir, Umf. Selfoss

Gyða Dögg hefur átt farsælan feril í íþróttinni og hefur hún þrívægis orðið Íslandsmeistari í opnum flokki kvenna. Þetta árið ákvað hún að breyta til og keppa í flokki MX2 til að auka við reynslu sína og reyna sig samhliða karlkyns öikumönnum. Hún endaði í 7. sæti til Íslandsmeistara, einnig má geta að hún er fyrsti kvenkyns öikumadurinn til þess að keppa í þessum flokki yfir heilt keppnistímabil.



Skotiþróttir

Helga Jóhannsdóttir, SFS

Helga stóð sig vel á árinu og tók þátt í meistaraflokki fjórum sinnum á árinu. Einnig keppti hún á Scandinavian open í Danmörku og á Evrópumeistaramóti í Austurríki og náði finum árangri þar. Hún er hæst á styrkleikalista STÍ í skeet kvenna.



Taekwondo

Dagný María Pétursdóttir, Umf. Selfoss

Dagný María vann til tveggja verðlauna á mótum erlendis á árinu en hún hlaut silfurverðlaun á Nurtzi Open í Finnlandi og einnig á Dracula Open G1 í Rúmeníu.





Handknattleikur Íþróttakarli HSK 2019

Haukur Þrastarson, Umf. Selfoss

Haukur er lykilmáður í liði Selfoss sem landaði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli í vor. Hann var jafnframt valinn efnilegasti leikmaður Ólísdeildarinnar. Á yfirstandandi tímabili er Haukur markahæsti leikmaður deildarinnar með 114 mörk. Haukur er fastamaður í landsliði Íslands og lék í janúar með liðinu á HM í Þýskalandi og varð þar með yngsti leikmaður í sögu Íslands til að leika á stórmóti í handbolta.

Akstursíþróttir

Steingrímur Bjarnason, Torfæraklúbbi Suðurlands

Steingrímur var í harðri baráttu um Íslandsmeistaratitilinn í götubílaflokkum sem hann landaði í síðustu umferð Íslandsmeistaratsins. Einnig varð hann Íslandsmeistari í sandsþyrnu í jeppaflokkum. Steingrímur hefur verið duglegur að byggja upp sportið ásamt því að hjálpa ungum efnilegum ökuhöfðingjum að stíga sín fyrstu skref í torfæru.



Blak

Roberto Guarino, Hamri

Roberto leikur með liði Hamars í Hveragerði og er þjálfari karla- og kvennaliða Hamars. Roberto er fjölbáttur leikmaður sem getur spilað hvaða stöðu sem er og hann er einn af lykilmönnum í liði Hamars. Hann spilar helst sem miðjumaður enda afgerandi góður í hávörn en styrkir liðið einnig sem kantsmassari, dio eða uppspilari eftir þörfum.



Fimleikar

Sindri Snær Bjarnason, Umf. Selfoss

Sindri Snær hefur æft af kappi í vetur og tekið miklum framförum. Hann er samviskusamur, góður liðsmaður og leggur sig vel fram við að bæta sig í greininni og hefur náð góðum árangri með sínu liði. Hann er góð fyrirmynd innan sem utan vallar fyrir iðkendur deildarinnar. Sindri er nú í úrvalshóp Fimleikasambands Íslands fyrir Evrópumót 2020.



Frjálsíþróttir

Dagur Fannar Einarsson, Umf. Selfoss

Dagur Fannar er Íslandsmeistari í níu greinum í sínum aldursflokki, þar með talið í tugbraut. Dagur keppti með landsliði Íslands í tugbraut á Norðurlandamóti 19 ára og yngri og Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar með góðum árangri. Dagur Fannar setti 16 HSK met á árinu m.a. í tugbraut auk þess sem hann varð HSK meistari í sínum aldursflokki og fullorðinsflokki í fjölda greina.



Golf

Aron Emil Gunnarsson, GOS

Aron Emil er jákvæður, samviskusamur og góð fyrirmynd annara kylfinga innan vallar sem utan. Aron er lykilmáður í sveit GOS sem hafnaði í 2. sæti í sveitakeppni golfklúbba í sumar. Hann tók þátt í öllum unglingamótaröðum GSF í sumar og endaði í 4. sæti í heildina. Aron Emil tók þátt í tveimur sterkum mótum erlendis með góðum árangri. Hann var valinn í afrekshóp GSF og tók þátt í Evrópumóti unglinga í Frakklandi sl. sumar.



Hestaíþróttir

Guðmundur F. Björgvinsson, Geysi

Guðmundur tók þátt í fjölmörgum skeiðkappreiðum á Glúm frá Þórðsstöðum með frábærum árangri. Kepptu þeir í 100m skeiði þar sem besti tími þeirra er 7,35 sek sem er fjórði besti tími ársins. Svo kepptu þeir líka í 250m skeiði með bestan tíma 21,74 sek sem er annar besti tími ársins hérlandis. Svo tryggðu þeir sér heimsmeistaratitilinn í 250m skeiði á 21,80 sek. Í Gæðingakeppni tók Guðmundur þátt með góðum árangri var í úrslitum á þeim mótum sem hann tók þátt í. Í þróttakeppninni var Guðmundur líka ofarlega í þeim greinum sem hann tók þátt í, var í fjölda úrslita á flestum mótum og sigraði fimmgang á WR Suðurlandsmóti á Rangárbökkum við Helli í ágúst.



Íþróttir fatlaðra

Reynir Arnar Ingólfsson, Suðra

Reynir hélt uppteknum hætti árið 2019 og lenti í verðlaunasætum á mótum. Á héraðsmóti fatlaðra í golfi varð hann í 2. sæti. Á héraðsmóti fatlaðra í lyftingum, réttstöðulyftu varð hann í 2. sæti. Í boccia, einstaklingskeppni, spilar hann í 1. deild sem er frábær árangur. Hann tók þátt í nokkrum mótum á árinu bæði í liða- og einstaklingskeppni og komst í úrslit á öllum mótunum.



Júdo

Egill Blöndal, Umf. Selfoss

Egill er tvöfaldur Íslandsmeistari í opnum flokki og -90 kg flokki. Hann er fastamaður í íslenska landsliðinu í -90 kg flokki og hefur lagt gríðarlega hart að sér við æfingar og keppni innanlands sem utan á árinu. Egill er í 138. sæti á heimslista Alþjóða júdósambandsins og stefnir á Ólympíuleikana í Tokyo 2020.



Knattspyrna

Guðmundur Tyrfingsson, Umf. Selfoss

Guðmundur er efnilegasti leikmaður Selfoss og hefur þegar vakið mikla athygli erlendra liða. Þrátt fyrir að vera á þriðja flokk aldri lék hann 21 leik með meistaraflokk Selfoss á árinu, ásamt því að spila þrettán leiki með þremur yngri landsliðum Íslands á þessu ári en hann lék með U16, U17 og U18 ára landsliðum Íslands.



Körfuknattleikur

Halldór Garðar Hermannsson, Umf. Þór

Halldór er lykilleikmaður í meistaraflokki Þórs og hefur leikið vel í vörn og sókn liðsins. Á árinu hefur hann leikið mjög vel og var hann valinn í A landslið karla sem keppti á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi í lok maí. Nú í haust hefur hann að meðaltali verið með í Dominos deildinni 16,4 stig og 12,8 framlagspunkta og 5,2 stoðsendingar. Halldór var valinn í úrvalslið fyrri hluta leiktímabils 2019-2020 og besti ungi leikmaðurinn. Það er ljóst að Halldór er búinn að stimpla sig inn í hóp bestu körfuknattleiksleikmanna landsins.



Mótkross

Heiðar Örn Sverrisson, Umf. Þór

Heiðar Örn byrjaði í motocrossi frekar seint miðað við venjur en hann byrjaði að keppa árið 2012 og var hann þá fertugur að aldri. Hann ákvað að breyta til þetta árið og keypti sér gamalt 250 rúmsentimetra hjól og keppti í flokki MX2. Það gekk vonum framur og landaði hann Íslandsmeistaratitilinn í þeim flokki. Það má segja að þetta sé með öflugari flokkum hér á landi. Heiðar Örn landaði einnig Íslandsmeistaratitli í enduro Polakstri í flokki 40-49 ára en þann titil hlaut hann nú í annað sinn.



Skotiþróttir

Hákon Þór Svavarsson, SFS

Hákon keppti á mörgum mótum á árinu, bæði hér heima og erlendis og stóð sig vel. Með þátttöku sinni tryggði hann sér keppnisrétt á heimsbikarmóti í Mexíkó. Þar stóð hann sig með ágætum og tryggði sér þaðan keppnisrétt á evrópuleika í Minsk í Hvíta-Rússlandi.



Taekwondo

Þorsteinn Ragnar Guðnason, Umf. Selfoss

Þorsteinn Ragnar vann til fjölda verðlauna innanlands í junior flokki (15-17 ára) m.a. varð hann Íslandsmeistari í hópaformum. Þá vann hann til silfurverðlauna í freestyle formum á Norðurlandamóti sem fram fór á Íslandi.



Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag
Unglingabíkar HSK
Foreldrarstarfsbikar HSK
Öðlingur ársins

Íþróttafélagið Dímón
Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Geysis
Badmintondeild Íþróttafélagsins Hamars
Jason Ívarsson, Þjótanda

Unglingabíkar HSK 2019

Æskulýðsstarf á vegum æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Geysis var öflugt árinu. Mikil þátttaka var á flest alla viðburði sem nefndin stóð fyrir þrátt fyrir að starfssvæðið sé mjög stórt eða frá Þjórsá að Markarfljóti.

Það varð algjör sprenging í skráningu á almenn reiðnámskeið hjá Geysi sem að var boðið upp á í vetur en hægt var að skrá sig í 6 eða 12 vikna almennt reiðnámskeið. Þátttakendur í ár voru helmingi fleiri en í fyrra. Fjórðán knapar skráðu sig á keppnisnámskeið þar sem m.a. var farið yfir hvernig hægt er að gera góðan reiðhest enn betri.

Fjölbreytt starf var hjá æskulýðsnefndinni, haldið var þing, föndurkvöld og óvissuferð auk uppskeruhátíðar. Æskulýðssýning Geysis fór fram í reiðhöllinni á Hellu. Reiðkennarnir höfðu æft með sínum hópum metnaðarfull atriði þar sem flottir knapar og hestar fengu að njóta sín og margir í skautlegum búningum. Þátttakendur voru frá 4 – 18 ára. Sýnd voru 19 atriði og áhorfendur 350. Einnig var farið í fjölskyldureiðtúr og um páskana var haldið óhefðbundið mót þar sem keppt var í hindrunastökki. Geysiskrakkarnir voru auk þess áberandi á flestum mótum á árinu og greinilega mikil aukning á þátttöku, þá sérstaklega í barnaflokki. Þess má geta að Hestamannafélagið Geysir hlaut æskulýðsbikar LH fyrir öflugt æskulýðsstarf á árinu.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2019

Badmintondeild Hamars hefur verið þeirrar gæfu njótandi að hafa öflug foreldra með sér í liði undanfarin ár. Án þeirra væri deildin ekki eins öflug og hún er í dag. Stjórn deildarinnar er næstum eingöngu skipuð foreldrum iðkenda og hefur verið um langt skeið. Hefð er fyrir því að foreldrar sjái um fjárfarir, eins og sölu happdrættismiða, dósasafnanir o.fl. Við dósasafnanir keyra þau börnin um bæinn, sem hlaupa í hús og safna flöskum og dósam. Að lokum sjá svo foreldrar um að klára talningu fram eftir kvöldi. Þetta er mjög mikilvægur liður fyrir svona litla deild þar sem allir leggjast á eitt. Sömu leiðis sjá foreldrar og eldri systkini um að manna sjöppuvaktir á stóra Kjörismótinu, sem er orðinn árviss viðburður.

Foreldrar eru duglegir að fylgja börnum sínum á öll mót og hittast yfirleitt öll í Shellskálanum áður en allir leggja af stað í samfloti á mótstað. Þetta er skemmtileg hefð sem Sigurður Blöndal kom á og myndast góð stemmning á morgnana í Shellskálanum áður en lagt er af stað. Foreldrar eru svo boðnir og búnir að aðstoða yngstu keppendurnar með því að vera í hlutverki teljara í mótum. Þá hjálpa þau þeim með stigagjöf og helstu reglur.

Á sunnudögum byður Badmintondeild Hamars upp á fjölskyldutíma sem aðgengilegir eru öllum gjaldfrjálst í Hamarshöllinni. Deildin býður hvergerðingum og nágrönnum að koma og spila badminton á þessum tíma í tvær klukkustundir undir leiðsögn ef óskað er eftir. Í þessa tíma eru foreldrar og iðkendur hvattir til að mæta og taka leik saman. Þarna er tilvalinn tími fyrir foreldra og aðra ættingja og vini að koma og kynna íþróttinni enda lítur deildin á þessa tíma sem hluta af útbreiðslustarfi félagsins.



Krakkar úr Geysi fjölmenntu á viðburði æskulýðsnefndar félagsins.



Fjölmennt lið badmintondeildar Hamars á héraðsmóti HSK.



Jason öðlingur ársins.

Öðlingur ársins 2019

Öðlingur ársins er Jason Ívarsson. Jason byrjaði ungur að stunda frjálsar íþróttir í ungmennafélaginu Samhygð. Hann keppti á sínu fyrsta íþróttamóti Samhygðar og Vöku árið 1968 og keppti nær óslitið

þangað til félagið var sameinað öðrum félögum í Þjótanda árið 2016.

Hann keppti einnig fyrir HSK í frjálsum íþróttum og blaki á landsmótum UMFÍ á árunum 1975 – 1994.

Jason kynntist blaki á Laugarvatni og keppti á fyrsta héraðsmóti í blaki árið 1974. Hann varð HSK meistari með Samhygð í mörg ár auk þess að leika með liðinu í 2. deild Íslandsmótsins. Árið 1982 var liðið hársbreidd frá því að komast í úrslitaleik bikarkeppni BLÍ. Hann keppti einnig í blaki í mörg ár með Þrótti Reykjavíkur og varð Íslands- og bikarmeistari með liðinu í mörg ár. Hann var í unglingalandsliði FRÍ og lék 15 landsleiki í blaki.

Jason hefur einnig keppt í körfubolta á héraðsmótum HSK. Í seinni tíð hefur hann keppt í frjálsum íþróttum og Ringói á nokkrum landsmótum UMFÍ 50+.

Jason hefur verið virkur í félagsmálum íþróttahreyfingarinnar. Hann hefur verið formaður blaknefndar HSK og hann hefur verið formaður dómara nefndar BLÍ og er enn virkur dómari. Hann var í stjórn Blaksambandsins í rúm 20 ár og þar af formaður í 14 ár.



Guðni Guðmundsson var sæmdur gullmerki HSK á þingi HSK. Guðriður formaður og Guðmundur Kr. heiðurs-formaður HSK stilltu sér upp með Guðna.

Heiðursmerki HSK veitt árið 2019

Á héraðsþinginu á Laugalandi var veitt eitt gullmerki HSK og tvö silfurmerki HSK. Líkt og í síðustu ársskýrslum HSK er birt greinargerð um þá sem hljóta gullmerki og silfurmerki HSK.

Gullmerki: Guðni Guðmundsson

Guðni hefur um áratugaskeið tekið þátt í verkefnum HSK og félaganna í Holtunum, fyrst með Umf. Ingólfi og síðar með Íþróttafélaginu Garpi.

Hann var við nám í íþróttaskólanum á Haukadalveturinn 1950-1951 og á unglingsárum og fram yfir tvítugt æfði og keppti hann með vaskri sveit Umf. Ingólfs í sinni heimasveit. Um 1960 tók hann að sér að þjálfa sveitunga sína og síðar tók hann þátt í keppni í glímu, þá 44 ára gamall. Guðni tók þátt í því að endurvekja Skjaldarglímu Skarphéðins 1978, en hann var þá formaður glímunefndar HSK.

Guðni og Margrét kona hans tóku undantekningarlítið þátt í verkefnum Fjölskyldan á fjallið. Þá hefur hann í seinni tíð keppt á nokkrum Landsmótum 50+, síðast í Hveragerði árið 2017 og keppti þar í 100 og 800 metra hlaupi. Hann á HSK metin í þeim greinum í flokki 80 – 84 ára.

Þau störf sem Guðni er þekktastur fyrir í dag innan HSK er hin gríðarlega umfangsmikla dósasöfnun sem hann hefur staðið að á annan áratug, en hann er enn að 86. aldursári sínu.

Með dósasöfnun sinni hefur hann styrkt góð mállefni, s.s. Hagakirkju, bókarstöð HSK og Íþróttafélagið Garp. Upphæðin sem Guðni safnaði með dósasöfnun meðfram vegum á sambandssvæðinu til styrktar 100 ára sögu HSK fyrir um 10 árum síðan var 557.350 kr. Síðustu ár hefur hann árlega afhent Garpi rúmlega eina milljón króna, árið 2017 var upphæðin 1.429.900 kr. Það eru óteljandi kílómetrar og klukkustundir sem hann hefur lagt að baki í þetta frábæra framtak sitt. Hann hefur vakið aðdáun víða fyrir þessa óeingingjörnu og

ósérhlífnu vinnu sína, sem verður lengi í minnum höfð.

Guðni er vel að því kominn að verða sæmdur gullmerki HSK fyrir sín miklu og góðu störf fyrir hreyfinguna.

Silfurmerki: Gissur Jónsson, Umf. Selfoss

Gissur Jónsson hefur starfað sem framkvæmdastjóri Ungmennafélags Selfoss frá árinu 2013. Áður en hann tók við því starfi var hann öflugur félagsmaður í knattspyrnu deild Selfoss og meðal annars hélt hann utan um getraunastarf félagsins af miklum myndugleik. Gissur hefur unnið mjög gott starf fyrir hreyfinguna og verið virkur þátttakandi á fundum og þingum samstakanna.

Haraldur Gísli Kristjánsson, Íþróttafélaginu Garpi

Haraldur Gísli tók sæti í stjórn Garps árið 1998 og tók svo við gjaldkerastarfinu hjá félaginu árið 2004 og gegndi því embætti til 2008. Haraldur Gísli hefur verið virkur þátttakandi í frjálsíþróttastarfi í héraði, en hann hefur þjálfað krakka og unglunga hjá Garpi í um 20 ár. Hann er einkar laginn við að fá krakkana með sér og er góð þátttaka Garpskrakka á mótum ekki síst honum að þakka.



Haraldur og Gissur ásamt Guðriði og Guðmundi Kr.

HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum

Í nóvember 2017 gerðu forsvarsmenn HSK og Dagskrárinnar samkomulag um að héraðsblaðið myndi birta fréttir úr starfi HSK. Síðan þá hafa vikulega verið birtar fjöldamargar greinar á síðum blaðsins.

Undanfarin ár hefur einnig mikið af fréttum frá HSK birst á sunnlenska fréttavefnum sunnlenska.is og þá hefur útvarpsstöðin Suðurland FM fjallað talsvert um íþróttir og starfsemi HSK.

Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér það um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostnaði síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn. Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið í viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.



Ársskýrsla HSK

Fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Skýrslurnar hafa síðan ýmist verið prentaðar eða ljósritaðar. Undanfarin ár hefur ársskýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu. Ársskýrslan er nú í fjórða sinn prentuð í lit, en mörg ár þar á undan voru bara kápusíður prentaðar í lit, en innsíður í svarthvítu.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan í ár var gefin út í 200 eintökum og var hún send til aðildarfélaga HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga og sérráða HSK og einnig á nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.

Þakkar til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

Fundir, þing og ráðstefnur:

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

Héraðsþing HSK haldið í fyrsta sinn í miðri viku

97. héraðsþing HSK 2019 var haldið í íþróttahúsinu á Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 14. mars 2019. Þingið hófst stundvíslega kl. 17:30 og þingslit voru um kl. 21:20. Þetta var í fyrsta skipti í 109 ára sögu sambandsins sem þingið er haldið að kvöldi til í miðri viku. Þessi breyting þótti takast vel. Lengst af voru þingin tveggja daga, en hafa verið haldin á einum degi frá árinu 1995. Reyndar voru fyrstu aðalfundir sambandsins frá 1910 – 1921 haldnir á einum degi.

Rétt til setu á þinginu áttu 125 fulltrúar frá 57 aðildarfélögum HSK og tveimur sérráðum sambandsins, auk gesta. Um 120 manns mættu á þingið að þessu sinni.

Stjórn HSK lagði fram 17 tillögur og voru þær allar samþykktar, en nokkrum þeirra var breytt í meðförum þingsins.

Engar breytingar urðu á stjórn sambandsins, en allir stjórnar- og varastjórnarmenn gáfu kost á sér áfram.

HSK veitti nokkur sérverðlaun á þinginu, líkt og undanfarin ár. Umf. Þjótandi hlaut unglingabikar HSK, Umf. Hrunamanna fékk foreldrarstarfsbikarinn og þá var Marteinn Sigurgeirsson valinn öðlingur ársins.

Á héraðsþinginu á Laugalandi var tilkynnt um val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK í fyrsta sinn, en reglugerð um kjörið var breytt á þingi 2018. Það voru þau Dagný María Pétursdóttir, taekwondokona og Elvar Örn Jónsson, handknattleiksmaður, bæði úr Umf. Selfoss sem voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarli HSK árið 2018.

Á héraðsþinginu voru nokkir einstaklingar af sambandssvæði HSK heiðraðir fyrir þeirra störf fyrir hreyfinguna. Guðriður Aadnegard formaður HSK veitti, f.h. stjórnar HSK, eitt gullmerki og tvö silfurmerki. Guðni Guðmundsson, Umf. Ingólfi og Íþf. Garpi, var sæmdur gullmerki HSK og Gissur Jónsson, Umf. Selfoss og Haraldur Gísli Kristjánsson, Íþf. Garpi, voru sæmdir silfurmerki sambandsins.

Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna, var sæmd heiðurskrossi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Það var Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður í ÍSÍ, sem afhenti Valgerði viðurkenninguna. Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda, fékk einnig viðurkenningu frá ÍSÍ en hún var sæmd silfurmerki sambandsins.

Guðriður Aadnegard, formaður HSK, var sæmd gullmerki Ungmennafélags Íslands. Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, afhenti fyrir hönd stjórnar UMFÍ. Þrír einstaklingar fengu starfsmerki UMFÍ þau Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Umf. Selfoss, Jóhanna Hlöðversdóttir, Íþf. Garpi og Guðmann Óskar Magnússon, Íþf. Dímóni.

Myndskreytt ársskýrsla kom út á þinginu og má sjá vefutgáfu skýrslunnar á www.hsk.is. Nánari upplýsingar um þingið má lesa í þinggerð, sem aðgengileg er á vef sambandsins.

Þing ÍSÍ

74. Íþróttþing Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands var haldið í Reykjavík 3. – 4. maí 2019. Þingfulltrúar voru vel á annað hundrað af öllu landinu. Fulltrúar HSK á þinginu voru þau Guðriður Aadnegard, Helgi S. Haraldsson, Guðmundur Jónasson, Olga Bjarnadóttir, Engilbert Olgeirsson, Gissur Jónsson og Jana Lind Ellertsdóttir, sem mætti sem varafulltrúi seinni daginn.



Íþróttakarli og Íþróttakona HSK voru kjörin í fyrsta sinn á héraðsþingi 2019. Elvar Örn Jónsson íþróttakarli HSK er hér með afa sínum Guðmundi Kr. heiðursformanni HSK.



Fulltrúar HSK á þingi ÍSÍ 2019.

Þrír einstaklingar af sambandssvæði HSK voru heiðruð á þinginu. Hrafnhildur Guðmundsdóttir í Þorlákshöfn og Guðmundur Kr. Jónsson Selfossi voru kosin heiðursfélagar ÍSÍ og Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhól var sæmdur heiðurskrossi sambandsins.

Tíu aðilar voru í framboði til sjö sæta í stjórn ÍSÍ til fjögurra ára. Olga Bjarnadóttir á Selfossi var kjörin í stjórn, en hún var að gefa kost á sér í fyrsta skipti. Gunnar Bragason frá Hellu var endurkjörinn og því eru þrír Sunnlendingar í nýju stjórninni en Selfyssingurinn Þráinn Hafsteinsson var kosinn til fjögurra ára á Íþróttþingi 2017. Reykvikingurinn Knútur G. Hauksson kom nýr inn í stjórn, en hann er formaður Golfklúbbs Öndverðarness. Aðrir sem náðu kjöri eru Ása Ólafsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson og Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir.

Lárus Blöndal forseti ÍSÍ var kjörinn til fjögurra ára á Íþróttþingi ÍSÍ árið 2017 og á því tvö ár eftir af kjörtímabilinu. Þá voru einnig sjö meðstjórnendur kjörnir til fjögurra ára, þeir eru Garðar Svansson, Lilja Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísóttir og Þráinn Hafsteinsson. Úr stjórn ganga Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Jón Finnþogason og Örn Andrússon og var þeim þakkað sérstaklega fyrir góð störf í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Þess má geta að mjög fáir Sunnlendingar hafa átt sæti í stjórn ÍSÍ frá upphafi. Auk Gunnars, Þráins og Olgu eru það þau Sigurður Greipsson, Guðmundur Kr. Jónsson, Unnur Stefánsdóttir og Engilbert Olgeirsson.

Þing UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ var haldið á Hótel Laugarbakka í Miðfirði 11. – 13. október 2019. Um 100 fulltrúar mættu á þingið. HSK sendi 18 manna fullmannað þinglið til þings sem tók virkan þátt í störfum þingsins. Fulltrúar HSK á þinginu voru þau Guðriður Aadnegard, Anný Ingimarsdóttir, Baldur Gauti Tryggvason, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Gissur Jónsson, Guðmunda Ólafsdóttir, Guðmundur Jónasson, Guðrún Tryggvadóttir, Helgi S. Haraldsson, Jóhanna Hjartardóttir, Markús Ívarsson, Ragnar Sigurðsson, Sandra Björg Gunnarsdóttir, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Þórir Haraldsson og Örn Guðnason.

Helstu tíðindi þingsins voru að þingfulltrúar samþykktu með nær öllum atkvæðum umsókn íþróttabandalaga að UMFÍ. Við inngönguna fá íþróttabandalögin stöðu sambandsaðila innan UMFÍ. Þau íþróttabandalög sem hafa staðfest umsókn sína eru Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalag Akureyrar (IBA) og Íþróttabandalag Akraness (IA).

Haukur Valtýsson var sjálfkjörinn formaður UMFÍ til næstu tveggja ára. Í aðalstjórn voru kjörin Guðmundur Sigurbergsson frá UMSK, Gunnar Gunnarsson frá UÍA, Gunnar Þór Gestsson frá UMSS, Jóhann Steinar Ingimundarson frá UMSK, Ragnheiður Högnadóttir frá USVS og Sigurður Óskar Jónsson frá USÚ. Í varastjórn voru kjörin Gissur Jónsson frá HSK, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir frá UDN, Hallbera Eiríksdóttir frá UMSB og Lárus B. Lárusson frá UMSK. Þau Elísabet, Gissur og Hallbera eru ný í varastjórn UMFÍ.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður UMFÍ, var gerð að heiðursfélagi UMFÍ, sem er æðsta viðurkennig sem UMFÍ veitir. Helga var um tíma búsett á sambandssvæði HSK.

Örn Guðnason og Hrönn Jónsdóttir voru sæmd gullmerki UMFÍ á þinginu. Þau hafa setið í stjórn UMFÍ, en gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Örn og Hrönn eru bæði búsett á sambandssvæði HSK. Örn hefur átt sæti í stjórn UMFÍ í samtals 10 ár og Hrönn í sex ár.

Formannafundur HSK

Um 30 manns mættu á formannafund HSK sem haldinn var í Tíbrá á íþróttavellinum á Selfossi 19. nóvember 2019. Fundurinn var mjög fróðlegur og þótti takast mjög vel.

Guðríður Aadnegard formaður HSK setti fund og bað Helga S. Haraldsson varaformann HSK að taka við fundarstjórn. Við tóku fimm áhugaverð erindi um hin ýmsu mál.

Kjartan Örn Sigurðsson frá Sidelinesport kynnti sidelinesports appið og hvaða möguleika það gefur í starfi félaga og deilda. Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ kynnti mótahald UMFÍ á næsta ári, m.a. unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi. Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri UMSB sagði frá innleiðingu á hugmyndafræði verkefnisins Sýnum karakter í starfi aðildarfélaga og deilda innan UMSB. Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ sagði frá netnámskeiði, nýju efni frá æskulýðsvettvangnum þar sem lögð er áhersla á að mæta þörfum félaganna fyrir fræðslu óháð tíma og rúmi. Loks sagði Gissur Jónsson framkvæmdastjóri UMFÍ frá fræðsluferð UMFÍ til Danmerkur á síðasta ári og því ferli að sækja um styrk til fararinnar frá Evrópu unga fólksins.



Slegið á léttu strengi á þingi UMFÍ.



Hluti fundargesta á formannafundi HSK.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn 29. nóvember 2019 í Laugardalshöllinni. Riflega 70 manns sóttu fundinn. Fulltrúar HSK á fundinum voru þau Guðríður Aadnegard og Engilbert Olgeirsson.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ setti fundinn og ávarpaði fundargesti. Hann ræddi ýmsar áskoranir í starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar, svo sem styrkjaumhverfi og markaðsstarf, brottfall, þjóðarleikvanga, #églika málefni, íþróttalög, lottóskiptingu og framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti skýrslu stjórnar og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir fjárhagslegar upplýsingar.

Framkvæmdastjórn lagði þrjú mál fyrir Formannafund til kynningar og umræðu. Margrét Lilja Guðmundsdóttir, frá Rannsóknnum og greiningu, hélt erindi um íslenska mótelið og íþróttir. Elías Atlason, verkefnastjóri ÍSÍ, kynnti tölfraðiupplýsingar úr starfsskýrslum ÍSÍ og nýja framsetningu á tölfraði íþróttahreyfingarinnar á vefsíðu ÍSÍ.

Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, fór yfir stöðuna á verkefnum vinnuhópa sem skipaðir voru á íþróttapingi 2019. Einnig var starfandi vinnuhópur um stafræn upplýsingakerfi. Stefán Jóhannesson, formaður nefndarinnar, fór yfir skýrslu nefndarinnar.

Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundargestum til kvöldverðar í Café Easy.

Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda. Landeyingurinn Freyr Ólafsson er formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.

Jason Ívarsson úr UMF. Þjótanda, sem verið hefur formaður Blaksambandsins undanfarin ár, gaf ekki kost á sér til endurkjörs á þingi BLÍ árið 2019.

Fræðslufundur um innleiðingu nýju persónuverndarlaganna

Um 20 manns mættu á fræðslufund á vegum ÍSÍ og Advania Advice varðandi innleiðingu nýju persónuverndarlaganna (GDPR), en fundurinn var haldinn í Selinu 4. febrúar 2019.

Fundurinn var haldinn í kjölfar útsendingar á innleiðingar- og upplýsingapakka sem ÍSÍ sendi til HSK og USVS og íþrótt- og ungmennafélaga innan þeirra vébanda í desembermánuði.

Elías Atlason verkefnastjóri ÍSÍ og Anna Þórdís Rafnsdóttir stjórnendaráðgjafi frá Advania Advice kynntu það innleiðingarferli sem framundan er hjá öllum íþrótt- og ungmennafélögum á landinu.

Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði sjö sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir voru haldnir í Selinu á Selfossi. Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosin í framkvæmdastjórn á fundi stjórnar þann 8. apríl. Framkvæmdastjórnin fundaði ekki starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

Mætingar á stjórnarfundum HSK 8. apríl 2019 – 18. febrúar 2020

	8/4	7/5	27/8	8/10	19/11	16/1	18/2
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur		x	x	x	x	x	x
Helgi	x	x	x	x	x	x	x
Anný	x		x	x	x		
Baldur Gauti	x	x	x	x	x		x
Gestur					x		x
Olga	x	x	x				x
Jón Þröstur						x	
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x

[illegible]

Getraunakaffi – gott félagsstarf

Íslenskar getraunir eru í eigu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og rennur allur hagnaður af rekstri fyrirtækisins til félaga innan hennar. Alls skilar fyrirtækið rúmum 100 milljónum á ári til ÍSÍ, UMFÍ, héraðssambanda og einstakra félaga innan íþróttahreyfingarinnar. Tekjum sem renna til héraðssambanda og íþróttafélaga er skipt eftir ákveðnum reglum og gilda þar sömu reglur og hjá Litlu gulu hænunni. Þeir sem taka þátt í að baka brauðið njóta þess, hinir fá ekkert. Þau félög sem eru dugleg við að kynna sitt getraunanúmer og sinna getraunastarfinu með sölu á getraunaseðlum, afla sjálfum sér og sínu héraðssambandi tekna. Þau félög sem ekki sinna getraunastarfi og fá ekki áheiti frá tippurum, fá engar tekjur í sinn hlut.



Pétur Hrafn Sigurðsson.



WWW.GETRAUNIR.IS

En getraunastarfið er ekki aðeins fjárfestun. Mörg íþróttafélög hafa tekið upp getraunastarf og bjóða félagsmönnum sínum í getraunakaffi á föstudagskvöldum eða á laugardagsmorgnum. Þar er búin til keppni meðal þeirra sem mæta um það hver stendur sig best í tippinu og keppt í nokkrar vikur. Myndast oft góð stemming í getraunakaffinu og hafa sumir nefnt að getraunakaffið komi í staðinn fyrir félagsvistina hér á árum áður þegar fólk kom saman og spilaði vist. Getraunir eru ekki aðeins fjárfestun heldur hefur það sýnt sig að þær eru skemmtileg félagsleg viðbót við starf íþróttafélaganna. Starfsmenn Getrauna eru reiðubúnir til að veita áhugasömum félögum aðstoð, allt frá því að setja getraunanúmer félagsins á heimasíðuna og útgefið efni, yfir í að skipuleggja innanfélagsleik þar sem markmiðið með þátttöku er að efla félagsstarfið innan félagsins og afla tekna á sama tíma.

**Með íþróttakveðju,
Pétur Hrafn Sigurðsson,
deildarstjóri Getraunadeildar**

Enn eitt metárið í lottóinu

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2019 kr. 32.735.488 og hafa aldrei verið meiri. Tekjuaukningin er m.a. vegna aukagreiðslu frá ÍSÍ, sem kom til vegna góðrar rekstrarafkomu Getspá. Til samanburðar voru lottótekjur árið 2018 kr. 29.989.087, árið 2017 kr. 28.767.749, 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290, árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402, árið 2012 kr. 19.163.011, árið 2011 kr. 15.480.189, árið 2010 kr. 14.942.890 og árið 2009 kr. 12.790.362.

Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2019 var kr. 14.295.786 og frá UMFÍ kr. 18.439.709.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mætttra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef



Sögu- og minjanefnd og gestir á myndagreiningsfundum.

viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkandatölum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkandatölum.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og síða meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófélög úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfuleg tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.

Hreyfivika UMFÍ á Suðurlandi

Hreyfivika UMFÍ 2019 fór fram dagana 27. maí til 2. júní. Þetta var áttunda árið sem UMFÍ stendur fyrir Hreyfivikunni en það eru boðberar víða um land sem eiga hrós skilið fyrir að smita gleðina út frá sér og hrifa aðra með sér í ýmskonar hreyfingu.

Hreyfivikan er hluti af evrópski lýðheilsuherferð sem ber nafnið Now We Move. Markmið verkefnisins er að leiða til þess að hundrað fleiri Evrópubúar hreyfi sig árið 2020 en þegar verkefnið fór af stað árið 2012. Rannsóknir sína að einungis þriðjungur íbúa í Evrópu hreyfa sig reglulega.

Jafnframt er það markmið verkefnisins að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega. UMFÍ tekur verkefnið sem langhlaup og

hvetur alla til að finna sína uppáhalds hreyfingu og stunda hana reglulega eða að minnsta kosti í 30 mínútur daglega.

Það var víða mikil og skemmtileg dagskrá á Suðurlandi og ýmskonar afþreying í boði fyrir áhugasama. Ýmsa viðburði mátti finna víða um landsfjórðunginn, svo sem bauð gönguhópur upp á göngu um friðland fugla við Eyraþakka. Það var létt og þægileg ganga sem hentaði fjölskyldufólki afar vel. Hlaupahópurinn Frískir Flóamenn buðu líka gestum að mæta í hressandi útiðlaup með sér. Þá stóð Ferðafélag Árnesinga stóð fyrir gönguferðum í nágrenni Selfoss. Konur sem skráðar voru í námskeiðið Léttari lífsstíll hjá Crossfit Selfoss gátu líka boðið vinkonum með sér á léttu og skemmtilega æfingu.

Útvarpsstöðin Suðurland FM hefur verið sérstaklega ötul í Hreyfiviku UMFÍ. Fjallað um viðburði, auglýst vel og fengið fleiri fyrirtæki í lið við sig.

HSK hvetur fleiri ungmennafélög til þátttöku í Hreyfiviku UMFÍ næsta vor en þá fer vikan fram dagana 25. til 31. maí og er þetta síðasta árið sem verkefnið fer fram.

Myndasafn HSK skannað og merkt

HSK og Héraðsskjalasafn Árnesinga gerðu fyrir nokkru samkomulag um að safnið myndi skanna myndasafn sambandsins og hefur verið unnið að því verkefni í nokkurn tíma.

Búið er að skanna rúmlega 2.000 ljósmyndir sem komu á safnið árið 2018. Búið er að fullskrá um 900 ljósmyndir frá HSK sem eru komnar á www.myndasetur.is og eru fleiri væntanlegar á vefinn fyrir áramót.

Á síðunni myndasetur.is eru nú 116.000 ljósmyndir og fjölmargar tengdar starfsemi HSK sem koma úr öðrum ljósmyndasöfnum en hinu eiginlega HSK ljósmyndasafni. Má þar t.d. nefna söfn Tómasar Jónssonar, Sigurðar Jónssonar og Árna Sverris Erlingssonar. Ef slegið er inn leitarorðinu HSK birtast 2325 ljósmyndir og eru þá ótaldar myndirnar sem tengjast stórum aðildarfélögum. Safninu hafa aðeins borist þrjú myndasöfn frá einstökum ungmennafélögum (Vaka, Baldur og Umf. Hveragerðis og Ólfus).

Sögu- og minjanefnd HSK hefur haldið nokkra svokallaða greiningarfundi, en þar eru gamlar ómerktar myndir skoðaðar á stórum skjá og reynt að nafgreina alla þá sem eru á myndunum.

Ýmsar upplýsingar:

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmaet að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélagum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félagum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem felld hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201–400 tvo fulltrúa, frá 401–700 þrjá fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukabing ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukabing skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukabings skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukabingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélag sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttgrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélagin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sersamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. – 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mætum þingfulltrúum eru samþykktir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiddast af viðkomandi félagum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)

Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2019

Akstursíþróttafélag:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Torfæruklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Helga Katrín Stefánsdóttir

Berghyl, Hrunamannahreppi
Marbakkabraut 15, Kópavogi

Golfklúbbbar:

Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbbur Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabergs
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Bryndís Scheving
Árni Tómasson
Pálmi Hlökkversson
Óskar Pálsson
Össur Emil Friðgeirsson
Börkur Arnviðarson
Páll Sveinsson
Bjarni Magnússon
Þorsteinn Sverrisson
Guðmundur Baldursson
Viðir Jóhannsson
Knútur G. Hauksson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Bæjargili 109, Garðabæ
Hraunbraut 20, Kópavogi
Breiðvangi 5, Hafnarfirði
Öldugerði 20, Hvolsvelli
Valsheiði 24, Hveragerði
Þverási 13, Reykjavík
Álftarima 14, Selfossi
Móbergi 2, Hafnarfirði
Melbæ 15, Reykjavík
Lýsubergi 16, Þorlákshöfn
Hellishólum, Fljótshlíð
Álftamýri 63, Reykjavík

Hestamannafélag:

Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
Hestamannafélagið Trausti

Ólafur Þórisson
Stefán Jónsson
Jón Guðlaugsson
Freydís Örlygsdóttir
Magnús Ólason
Hulda Hrönn Stefánsdóttir
Birgir Leó Ólafsson

Miðkoti, V-Landeyjum
Selvogsbraut 7, Þorlákshöfn
Mánamörk 5, Hveragerði
Bjarkarbraut 20, Reykholti
Grenigrund 7, Selfossi
Hrepphólum, Hrunamannahreppi
Stangarlæk 1, Grímsnesi

Íþróttafélag:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri

Arnheiður Dögg Einarsdóttir
Jóhanna Hlökkversdóttir
María K. Jacobsen
Hallgrímur Óskarsson
Birgir Örn Harðarson
Orri Bjarnason
Vilhelmía S. Smáradóttir

Guðnastöðum, Landeyjum
Hellum, Landsveit
Undirhlíð 1, Sólheimum
Lækjarhvammi, Ölfusi
Grænuvöllum 6, Selfossi
Heimavist ML, Laugarvatni
Kjarrhólum 2, Selfossi

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélag:

Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir

Hafþór Theodórsson
Tinna Erlingsdóttir
Guðbjartur Örn Einarsson

Gerplustræti 33, Mosfellsbæ
Gilsbakka 31, Hvolsvelli
Lyngbergi 15, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Gylfi Þorkelsson

Dverghólum 3, Selfossi

Lyftingafélag:

Lyftingafélagið Hengill

Hlynur Kárasen

Hraunbæ 45, Hveragerði

Skotíþróttafélag:

Skotíþróttafélag Suðurlands
Skotíþróttafélagið Skyttur

Ólafur Árni Músson
Magnús Ragnarsson

Brandshúsum 3, Flóahreppi
Gilsbakka 31, Hvolsvelli

Ungmennafélag:

U.B.H.
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkiðhvoll
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjórandi
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Oddur Bjarni Bjarnason
Albert Rútsson
Ármann Fannar Magnússon
Helga Böðvarsdóttir
Lilja Guðnadóttir
Jón Hákonarson
Guðmundur Jónasson
Jóhanna Briet Helgadóttir
Guðrún Ása Kristleifsdóttir
Þróstur Guðnason
Daníel Pálsson
Jóhanna Hlökkversdóttir
Viktor S. Pálsson
Lára Jónsdóttir
Ólafur Már Ólafsson
Bjarki Freyr Sigurjónsson
Guðmunda Ólafsdóttir
Hjörtur Sigurður Ragnarsson
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvolsvelli
Brautarhóli, Biskupstungum
Bryggjum 1, Landeyjum
Hrútafelli, Eyjafjöllum
Hvammi, Eyrarbakka
Hrauk, Þykkvabæ
Ásum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Bólöldu 3, Hellu
Suðurhófi 5, Flúðum
Hraunbraut 10, Borg í Grímsnesi
Varghóli, Holtum
Hjálmsstöðum, Laugardal
Hellum, Landsveit
Grafhólum 18, Selfossi
Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ólafsvöllum 9, Stokkseyri
Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum
Fögruhellu 2, Selfossi
Eyjhraun 11, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Gull og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 16 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og 13 hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlíusson	Frá Akurey	2012
Lísa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015
Svanur Ingvarsson	Selfossi	2016
Jón Jónsson	Hellu	2017
Árni Þorgilsson	Hvolsvelli	2018
Guðni Guðmundsson	Þverlæk	2019

Eftirtalin hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Selfossi	2016
Þuríður Ingvarsdóttir	Selfossi	2016
Ingvar Garðarsson	Selfossi	2017
Ólafur Guðmundsson	Selfossi	2017
Gissur Jónsson	Selfossi	2019
Haraldur Gísli Kristjánson	Hólum	2019

Fjöldi iðkenda eftir greinum

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélagum HSK í einstökum íþróttagreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2018, samkvæmt upplýsingum úr felixskýrslum sem var skilað 2019. Einnig eru birtar tölur síðustu ára.

Íþróttagrein	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Golf	2152	2843	2642	2867	2960	2981	2921	3163	3018	3028
Hestaíþróttir	1932	1964	2014	2044	2044	2070	2078	2016	2077	2028
Almenningsíþróttir	551	1252	1240	1210	1308	1857	1879	1909	1862	722
Knattspyrna	1441	1340	1167	1177	1418	1456	1337	1481	1379	1561
Fimleikar	807	859	1032	735	1155	1262	1193	1056	973	1280
Körfuknattleikur	868	716	716	720	861	821	874	797	828	766
Frjálsar íþróttir	763	633	639	647	692	764	961	978	644	676
Sund	115	116	194	235	244	229	187	189	475	509
Handknattleikur	457	426	355	454	521	565	511	549	253	414
Skotfimi	131	77	135	187	186	313	248	242	253	446
Blak	224	221	185	228	224	235	280	137	238	194
Glíma	201	178	149	167	182	179	163	188	193	203
Motocross	131	151	151	131	140	104	114	151	152	150
Badminton	148	135	117	130	131	137	160	73	143	175
Kraftlyftingar	26	38	34	94	73	92	71	71	71	70
Íþróttir fatlaðra	103	104	111	108	89	76	86	86	69	71
Leiklist	93	103	93	104	98	73	73	66	66	38
Borðtennis	100	97	67	60	59	66	59	44	58	56
Akstursíþróttir			9	16	20	26	31	49	50	57
Júdó	79	55	83	55	55	55	55	171	44	116
Taekwondo	100	134	115	180	144	137	127	150	43	121
Lyftingar						26	41	25	36	42
Bridds	37	37	32	31	30	30	30	30	29	29
Karate				11	11		9	8	9	7
Bogfimi									6	11
Skógrækt	5	5	5	5	5	5	5			
Þríþraut			9	9						
Hnefaleikar		13	13							
Skák	7	5								
SAMTALS	10464	11497	11307	11605	12650	13559	13493	13629	12969	12770

Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum aðildarfélaga er félagsmannafjöldi nánast sá sami og á síðasta ári. Félagsmenn eru nú 21.322 talsins og fjölgaði um þrjá á milli ára. Íbúum á sambandssvæðinu fjölgaði um 738 á milli ára, sem er 3,5% fjölgun og eru nú 21.676 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2019.

Aðildarfélög og sérrað	félagsmenn			tekjur af lottói	getrauna-númer
	15 ára -	16 ára +	alls		
Frjálsíþróttaráð HSK				627.145	
Glimuráð HSK				184.661	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	1	14	15	61.345	
Golfkl. Ásatúns	1	227	228	180.625	830
Golfkl. Dalbúi	0	75	75	17.750	813
Golfkl. Flúðir	3	254	257	72.305	814
Golfkl. Geysir	12	42	54	120.275	
Golfkl. Hellu	13	97	110	112.017	852
Golfkl. Hveragerðis	15	259	274	217.044	812
Golfkl. Kiðjæbergs	19	405	424	190.439	797
Golfkl. Selfoss	59	606	665	416.123	808
Golfkl. Tuddi	12	27	39	55.052	
Golfkl. Úthlið	0	185	185	41.684	845
Golfkl. Þorlákshafnar	21	315	336	239.596	796
Golfkl. Þverá	2	66	68	13.780	867
Golfkl. Öndverðarness	21	479	500	198.277	798
Hestamannaf. Geysir	169	431	600	640.351	856
Hestamannaf. Háfeti	9	66	75	19.861	
Hestamannaf. Ljufur	21	101	122	62.198	816
Hestamannaf. Logi	27	170	197	95.199	
Hestamannaf. Sleipnir	92	496	588	498.095	
Hestamannaf. Smári	60	275	335	314.468	
Hestamannaf. Trausti	8	131	139	51.519	842
Íþróttaf. Dímon	280	422	702	1.012.031	859
Íþróttaf. Garpur	34	275	309	234.830	855
Íþróttaf. Gnýr	0	29	29	66.454	
Íþróttaf. Hamar	501	1728	2229	2.871.960	810
Íþróttaf. Milan	0	52	52	67.261	
Íþróttaf. Mímir	1	139	140	87.546	843
Íþróttaf. Suðri	9	124	133	120.085	827
Karatef. Suðurlands	0	7	7	303	
Knattsp.f. Árborg	15	231	246	202.368	811
Knattsp.f. Rangæinga	257	542	799	822.708	866
Knattsp.f. Ægir	43	500	543	368.861	822
Körfuknattf. Selfoss	176	137	313	578.326	831
Lyftingaf. Hengill	0	42	42	5.916	
Skotíþr.félagið Skyttur	1	116	117	81.245	795
Skotíþr.félag Suðurlands	0	340	340	130.461	
Torfærskl. Suðurlands	0	95	95	79.364	
UBH	0	187	187	92.810	860
Umf. Biskupstungna	87	247	334	466.828	803
Umf. Dagsbrún	0	165	165	91.734	865
Umf. Eyfellingur	0	56	56	52.269	863
Umf. Eyrarbakka	7	54	61	86.814	820
Umf. Framtíðin	21	60	81	127.383	
Umf. Gnúpverja	34	383	417	226.888	802
Umf. Hekla	172	514	686	714.727	851
Umf. Hrunamanna	106	310	416	560.712	801
Umf. Hvöt	6	140	146	110.596	809
Umf. Ingólfur	0	107	107	80.169	850
Umf. Laugdæla	74	186	260	443.469	840
Umf. Merkiðvoll	0	56	56	10.219	854
Umf. Selfoss	1562	3394	4956	6.852.364	800
Umf. Skeiðamanna	6	277	283	189.844	799
Umf. Stokkseyrar	42	295	337	397.133	825
Umf. Trausti	1	88	89	75.598	862
Umf. Þjótandi	96	175	271	427.104	
Umf. Þór	236	735	971	1.291.280	815
Umf. Þórsmörk	0	61	61	70.219	861
Samtals	4.332	16.990	21.322	23.527.688	

Íþróttaiðkendur aðildarfélag HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2018, sem skilað var á árinu 2019.

Aðildarfélag HSK	Konur		Karlar		Bæði kyn		Alls
	-15 ára/16 ára		-15 ára/16 ára+		-15 ára/16 ára+		
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	0	1	14	1	14	15
Golfkl. Ásatúns	0	42	1	185	1	227	228
Golfkl. Dalbúi	0	28	0	47	0	75	75
Golfkl. Flúðir	0	106	3	148	3	254	257
Golfkl. Geysir	5	7	6	34	11	41	52
Golfkl. Hellu	6	30	7	48	13	78	91
Golfkl. Hveragerðis	7	98	8	159	15	257	272
Golfkl. Kiðjabergs	5	147	14	258	19	405	424
Golfkl. Tuddi	5	8	7	19	12	27	39
Golfkl. Selfoss	8	172	40	312	48	484	532
Golfkl. Úthlið	0	47	0	107	0	154	154
Golfkl. Þorlákshafnar	7	100	14	215	21	315	336
Golfkl. Þverá	0	26	2	40	2	66	68
Golfkl. Öndverðarness	5	212	16	267	21	479	500
Hestamannaf. Geysir	94	191	75	240	169	431	600
Hestamannaf. Háfeti	8	25	1	40	9	65	74
Hestamannaf. Ljúfur	12	38	9	62	21	100	121
Hestamannaf. Logi	11	65	15	92	26	157	183
Hestamannaf. Sleipnir	54	224	38	272	92	496	588
Hestamannaf. Smári	30	123	29	142	59	265	324
Hestamannaf. Trausti	4	58	4	72	8	130	138
Íþróttaf. Dímon	206	8	174	5	380	13	393
Íþróttaf. Garpur	16	86	16	115	32	201	233
Íþróttaf. Gnýr	0	20	0	28	0	48	48
Íþróttaf. Hamar	374	83	415	84	789	167	956
Íþróttaf. Milán	0	0	0	42	0	42	42
Íþróttaf. Mímir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	1	16	3	25	4	41	45
Karatef. Suðurlands	0	0	0	7	0	7	7
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	91	0	91	91
Knattsp.f. Rangæinga	50	0	99	33	149	33	182
Knattsp.f. Ægir	1	52	0	111	1	163	164
Körfuknattleiksf. Selfoss	38	15	132	64	170	79	249
Lyftingaf. Hengill	0	29	0	13	0	42	42
Skotíþróttafélagið Skyttur	0	4	1	117	1	121	122
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	6	0	329	0	335	335
Torfæruklúbbur Suðurlands	0	0	0	32	0	32	32
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Biskupstungna	37	14	48	26	85	40	125
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	1	0	1	0	2	2
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	8	7	11	0	19	7	26
Umf. Gnúpverja	12	20	23	132	35	152	187
Umf. Hekla	78	216	69	229	147	445	592
Umf. Hrunamanna	61	74	57	135	118	209	327
Umf. Hvöt	1	8	1	61	2	69	71
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	115	23	115	31	230	54	284
Umf. Merkiðvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Selfoss	939	171	995	232	1934	403	2337
Umf. Skeiðamanna	1	1	0	0	1	1	2
Umf. Stokkseyrar	26	24	16	131	42	155	197
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Þjótandi	33	10	53	14	86	24	110
Umf. Þór	127	58	99	168	226	226	452
Umf. Þórsmörk	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2385	2705	2617	5063	5002	7768	12770

Íþróttamaður HSK frá 1964 - 2017

Hér má sjá yfirlit um þá sem voru kjörnir íþróttamenn HSK frá 1964 – 2017.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmsdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Prastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2015	Ragnar Á Nathanaelsson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2016	Margrét Lúðvígsdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2017	Egill Blöndal	Umf. Selfoss	júdó

Íþróttakarlar og Íþróttakona HSK

HSK hefur frá árinu 2018 valið íþróttakarlar og íþróttakona HSK.

Íþróttakarlar

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
2018	Elvar Örn Jónsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2019	Haukur Þrastarson	Umf. Selfoss	handknattleikur

Íþróttakona HSK

Ár	Íþróttakona	Félag	Íþróttagrein
2018	Dagný María Pétursdóttir	Umf. Selfoss	taekwondo
2019	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir

Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfólki fyrir veitingar á þinginu. Baldur Gauti Tryggvason stjórnamaður í HSK var valinn matmaður héraðsþingsins á Laugalandi.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúð	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1967	Féll niður	Flúðir	1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Pingborg
1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús	1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1972	Hörður Óskarsson	Árnes	1999	Páll Eggertsson	Laugaland
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	2000	Helga Fjöla Guðnadóttir	Borg
1974	Guðmundur Guðmundsson	Aratunga	2001	Jón Andrússon	Hvoll
1975	Klemen Erlingsson	Gunnarshólmi	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
1976	Pétur Pétursson	Borg	2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver
1977	Björn Gíslason	Hella	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli	2005	Markús Ívarsson	Selfoss
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	2006	Þróstur Guðnason	Hveragerði
1980	Féll niður	Laugarvatn	2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúð	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver	2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	2010	Þór Ólafur Hammer	Pingborg
1984	Jón M. Ívarsson	Árnes	2011	Helgi S. Haraldsson	Hella
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss	2013	Guðríður Aadnegard	Aratunga
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur	2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	2016	Gestur Einarsson	Selfoss
1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði	2017	Guðmundur Pálsson	Hveragerði
1991	Elinborg Gunnarsdóttir	Skógar	2018	Guðmundur Jónasson	Þorlákshöfn
1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn	2019	Baldur Gauti Tryggvason	Laugaland
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshúð			

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturferð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3–4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Kristín Svandís Jónsdóttir úr Hestamannafélaginu Geysi vann sleifarkeppnina 2019.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1995	Kristinn Guðnason	Hella
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Pingborg
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1969-70	Engin keppni		1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	2002	Kári Jónsson	Flúðir
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
1978-81	Engin keppni		2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	2008	Jóhanna Lilja Þróðmarsdóttir	Þorlákshöfn
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	2010	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Pingborg
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	2013	Þróstur Guðnason	Aratunga
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	2015	Sigbrúður Harðardóttir	Flúðir
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	2016	Gylfi Þorkelsson	Selfoss
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	2017	Rut Stefánsdóttir	Hveragerði
1993	Gunnar Sverrisson	Njálshúð	2018	Svanur Bjarnason	Þorlákshöfn
1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga	2019	Kristín Svandís Jónsdóttir	Laugaland

Fréttapunktur frá ÍSí 2019

Sjóvá Kvannahlaup ÍSí

Sjóvá Kvannahlaup ÍSí fór fram í Þrítugasta sinn þann 15. júní 2019. Frábær þátttaka var í hlaupinu en gera má ráð fyrir að um 10.000 konur hafi tekið þátt á yfir 80 stöðum um allt land og víða erlendis. Mikil og góð stemning var hjá þátttakendum, konum sem körlum, ungum sem öldnum.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSí hefur vaxið og dafnað á þessum áratugum og er einn útbreiddasti og fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi ár hvert. Tengiliðir Kvannahlaupsins á hverjum hlaupastað eru afar mikilvægir fyrir skipulag og framkvæmd hlaupsins og eiga þeir hrós skilið fyrir að standa vaktina, sumir hverjir ár eftir ár.

Ólympíuhlaup ÍSí

Með Ólympíuhlaupi ÍSí er leitast við að hvetja grunnskólanemendur til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Þátttaka íslenskra grunnskólanemenda hefur verið mjög góð og almenn í gegnum árin en hefur náð nýjum hæðum á undanförunum árum. Nemendur geta valið á milli þriggja vegalengda í hlaupinu, þ.e. 2,5 km, 5 km eða 10 km. Að hlaupinu loknu fær hver þátttakandi og hver skóli viðurkenningarskjal þar sem greint er frá árangri.

Ólympíudagurinn

Þann 23. júní ár hvert er Alþjóðlegi Ólympíudagurinn haldinn hátíðlegur um allan heim í tilefni af stofnun Alþjóðálympíunefndarinnar 23. júní árið 1894. Markmiðið með deginum er að hvetja fólk til að koma saman, hreyfa sig og hafa gaman, en dagurinn er í raun ætlaður öllum óháð íþróttalegri getu. Meginþema í tengslum við daginn eru þrjú: Hreyfa, læra og uppgötva. Ólympíudagurinn er kjörinn vettvangur til að kynna gildi Ólympíuhreyfingarinnar sem eru: vinátta, virðing og ávallt að gera sitt besta.

Forvarnardagurinn

Þann 2. október var Forvarnardagur forseta Íslands haldinn í flestum grunn- og framhaldsskólum landsins. Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og þá er sjónum sérstaklega beint að unglungum í 9. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla. Embætti landlæknis stendur að Forvarnardeginum í samstarfi við embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Skátana, Ungmennafélag Íslands, Rannsóknir og greiningu, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samstarf félagasamtaka í forvörnum.

Í ár beindist athyglin að aukinni notkun rafretta og orkudrykkja, auk þess sem áhersla var lögð á mikilvægi svefns.

Persónuvernd

Með tilkomu nýrra laga um persónuvernd voru lagðar nýjar skyldur og kröfur á félagasamtök og fyrirtæki. Gerð er krafa um að öll sersambönd, íþróttahéruð og aðildarfélög haldi skrá (vinnsluskrá) um alla vinnslu persónuupplýsinga innan viðkomandi einingar og einnig þarf að vinna áhættumat og úrbótaáætlun, ef nauðsyn er talin. Gerð er krafa um að allir ábyrgðaraðilar setji sér gilda Persónuverndarstefnu eða fræðslu til einstaklinga með öðru móti, sem unnið er eftir.

ÍSí hefur, í samstarfi við Advice/Advania, unnið leiðbeiningarpakka fyrir íþróttahreyfinguna þar sem tekið er á flestum þeim hlutum sem sersambönd ÍSí, íþróttahéruð og íþrótta- og ungmennafélög þurfa að huga að í kjölfar breytinga á persónuverndarlöggjöfinni.



Guðmundur Kr. Jónsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir voru gerð að heiðursfélögum ÍSí á þingi ÍSí og Jón M. Ívarsson var sæmdur heiðurskrossi ÍSí.

Sett hefur verið upp vinnusvæði (Teams) fyrir ábyrgðaraðila héraðssambanda/sersambanda og íþróttafélaga þar sem ábyrgðaraðilar geta tengst og sett inn spurningar varðandi verkefni. Svör við spurningunum má síðan sjá á vinnusvæðinu. Ef ábyrgðaraðila vantar upplýsingar til að tengjast þessu vinnusvæði þá er hægt að hafa samband við skrifstofu ÍSí.

Sýnum karakter

Sýnum karakter er samstarfsverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ). Vefsíða verkefnisins (www.synumkarakter.is) er ætluð þjálfurum og íþróttafélögum. Fjórða ráðstefna verkefnisins fór fram í byrjun október undir yfirskriftinni „Hvernig getur keppnisfyrirkomulag mótað eða eyðilagt karakter?“ í Háskólanum í Reykjavík. Mætingin á ráðstefnunni var frábær. Ungmennasamband Borgarfjarðar vinnur nú að því að innleiða hugmyndafræði verkefnisins Sýnum karakter í allar deildir aðildarfélaga sambandsins.

Fyrirmyndarfélag ÍSí og Fyrirmyndarhérað ÍSí

Fyrirmyndarfélag ÍSí og Fyrirmyndarhérað ÍSí eru gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar en snúa að íþróttastarfi. Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög, -deildir eða -héruð sótt um viðurkenningu til ÍSí miðað við þær gæðakröfur sem ÍSí gerir. Standist þau þessar kröfur fá þau viðurkenningu á því frá ÍSí og geta kallað sig Fyrirmyndarfélag ÍSí, Fyrirmyndardeild ÍSí eða Fyrirmyndarhérað ÍSí.

Þjálfaramenntun ÍSí

Þjálfaramenntun ÍSí er áfangaskipt fræðsluferfi í fimm þrepum þar sem skilgreindar eru kröfur um menntun fyrir ákveðna markhópa. Þetta kerfi er samræmt fyrir allar íþróttagreinar. Menntun á fyrstu þremur þrepunum er innan íþróttahreyfingarinnar. ÍSí sér um almenna hluta fyrstu þriggja stiganna og heldur utan um þá kennslu, sem öll er í fjarnámi. Sersambönd ÍSí sjá svo um sérgreinaþátt þeirra stiga eins reglulega og þeim er unnt. ÍSí býður upp á almenna hlutann á fyrstu tveimur stigunum þrisvar á ári sem sumar-, haust- og vorfjarnám.

Þjálfaramenntun ÍSí gefur réttindi til íþróttþjálfunar. Allir nemendur sem ljúka námi á 1.

stigi fá þjálfaraskirteini með staðfestingu á náminu og einkunn. Auk náms á stigunum þurfa þjálfarar að hafa gilt skyndihjálparnámskeið og ákveðna þjálfunarreynslu til að geta haldið áfram námi. Fyrirmyndarfélög og deildir fá 20% afslátt fyrir sína þjálfara.

Metoo fræðsluefni

ÍSí bendir félögum og öðrum sambandsaðilum á það fræðsluefni sem til er og má finna á vefsíðu ÍSí. Íþróttafélög geta haft samband við ÍSí ef þau vilja fá nánari fræðslu um þetta málefni.

•Bæklingurinn Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi í íþróttum.

•Hegðunarviðmið ÍSí og Siðareglur ÍSí sem félög geta haft að leiðarljósi við samningu siðareglna eða tekið þær óbreytt upp.

•Viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum.

•Tillaga að samþykki um uppflettingu í sakaskrá.

•Fræðslumyndbönd á Vímeo-síðu ÍSí.

Besta forvörnin felst í því að fræða, eiga góðar siðareglur og að opið og jákvætt andrúmsloft ríki í félaginu. Þegar nýr þjálfari hefur störf innan félagsins er æskilegt að fá meðmæli frá félögum sem hann hefur þjálfað hjá og fara yfir siðareglur félagsins.

Ef grunur leikur á kynferðislegu ofbeldi eða einhverjar spurningar vakna skal hafa samband við Barnavernd í því sveitarfélagi þar sem brotið er framið ef um barn er að ræða og tilkynna í nafni félagsins. Ef um fullorðinn einstakling er að ræða skal hringt í lögreglu í síma 112.

Samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs og breyting á íþróttalögum

Lög um samskiptaráðgjafa í Íþrótta- og æskulýðsstarfi tóku gildi 1. apríl 2019. Við gildistöku laganna varð breyting á íþróttalögum nr. 64/1998. Á eftir 15. grein laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

„Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem falla undir lög þessi og sinna íþróttastarfi einstaklinga sem hlotið hafa refsíðmóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðmóm fyrir brot gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem eru sjálfboðaliðar í íþróttastarfi.

Við ráðningu til starfa hjá þeim aðilum sem falla undir lög þessi skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og

upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsíðing vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Á þetta við hvort sem einstaklingur hyggst taka að sér launað starf eða sjálfboðaliðastarf."

Dómsmálaráðuneytið vinnur að því að einfalda öflun upplýsinga úr sakaskrá.

Vertu með!

ÍSí og UMFÍ standa sameiginlega að útgáfu bæklingssins Vertu með! á sex tungumálum.

Bæklingurinn hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga landsins. Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku.

Kynjahlutfall í íþróttahreyfingunni

Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn ÍSí hefur aldrei verið hærri, en í stjórninni eru nú 7 konur og 9 karlar eða tæp 44%. Í aðalstjórnnum innan sambandsaðila ÍSí á síðasta ári var hlutfall kvenna mest í íþróttahéruðum, 39%, næst í íþróttafélögum, 34% og í sársamböndum 31%. Skráðir keppendur frá Íslandi á Smáþjóðaleikunum 2019 voru 120, þar af 60 konur. Aldrei áður hefur hlutfall íslenskra kvenna verið jafn hátt á Smáþjóðaleikum. Gert er ráð fyrir því að á Ólympíuleikunum í Tókýó 2020 verði konur 49% allra keppenda, en það er sögulegt hámark á Ólympíuleikum.

Alþjóðáólympíunefndin (IOC) tilkynnti nýlega að konur séu nú 45,5% nefndarfolks IOC, en hlutur kvenna er nú í sögulegu hámarki og stíja konur í öllum 27 nefndum IOC. Þessar breytingar í átt að kynjajafnrétti, í nefndum IOC og á leikum á vegum IOC, eru í takt við stefnu Alþjóðáólympíunefndarinnar, sem ber heitið Olympic Agenda 2020.

Jafnréttisáætlanir

Innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnrétti í sem viðustum skilningi sé gætt. ÍSí hefur nú í samstarfi við Jafnréttisstofu útbúið annars vegar „Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunina er öllum sambandsaðilum og íþróttafélögum innan ÍSí heimilt að nota, íþróttastarfinu til heilla og framfara.

Hagræðing úrslita í íþróttum

Hagræðing úrslita íþróttakeppna merkir fyrirkomulag, gjörning eða aðgerðaleysi sem er af ásetningi og miðar að því að breyta úrslitum eða gangi íþróttakeppni með óviðeigandi hætti í því skyni að víkja alfarið eða að hluta til frá hinu ófyrirsjáanlega eðli fyrrnefndrar íþróttakeppni til þess aftur að ná fram óréttmætum ávinningi fyrir sjálfan sig eða aðra. Bent er á grein 1.7 í lögum ÍSí, sem bætt var við lög ÍSí á íþróttapingi í maí 2019. Þar stendur:

„Aðilar sem falla undir lög þessi skulu setja sér reglur sem leggja bann við veðmálum þeirra sem taka þátt í leikjum, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki eða eigin mót. Þá skulu reglurnar leggja bann við því að heimilt sé að veita upplýsingar um íþróttir í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.“

Samningur ÍSí og Air Iceland Connect

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) og Air Iceland Connect (AIC) eru með samning um afsláttarkjör á innanlandsflugi fyrir íþróttahreyfinguna. Samstarf ÍSí og AIC hefur verið langt og farsælt. Sambandsaðilar



Valgerður Auðunsdóttir var sámd heiðurskrossi ÍSí á þingi HSK. Hafsteinn Pálsson afhenti henni krossinn f.h. ÍSí.

eru hvattir til að kynna sér samninginn vel og hafa tímann fyrir sér við bókanir, ef mögulegt er. Það eykur líkurnar á því að ná að bóka ferðirnar á hagstæðum kjörum.

Höfuðhögg og heilahristingur

Höfuðhögg getur haft alvarlegar afleiðingar. Um það eru mörg dæmi í knattspyrnu og fleiri íþróttum. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Knattspyrnusamband Íslands hafa í samstarfi unnið fræðslumyndbönd tengd þessu mikilvæga viðfangsefni. Annars vegar er um að ræða grafísk myndbönd með mikilvægum upplýsingum, m.a. um fyrstu viðbrögð, og hins vegar viðtalsmyndbönd með reynslusögum. Viðtalsmyndböndin má sjá á samfélagsmiðlum ÍSí. Myndböndin hafa verið birt á samfélagsmiðlum ÍSí og KSÍ undanfarið ár.

Íþróttafólk sársambanda ÍSí 2019

Þann 28. desember fór fram afhending viðurkenninga til íþróttafólks sársambanda og íþróttanefnda ÍSí 2019 í Silfurbergi í Hörpu. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands veitir viðurkenningar til íþróttamanna og íþróttakvenna sársambanda ár hvert í sameiginlegu hófi ÍSí og Samtaka íþróttaréttamanna í tengslum við kjör á íþróttamanni ársins. Íþróttafólkið fékk afhenta veglega verðlaunagripir sem Ólympíufjölskylda ÍSí gefur, en það eru fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóva, Toyota og Valitor sem mynda Ólympíufjölskyldu ÍSí.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) í Bakú

Þann 21. júlí hófst Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Bakú í Azerbajjan. Hátíðin er ætluð þátttakendum á aldrinum 14-18 ára. Keppnisgreinar á hátíðinni voru frjálslíþróttir, körfuknattleikur, hjólréiðar, fimleikar, handknattleikur, júdó, sund, tennis, blak og glíma. Keppendur komu frá 50 Evrópuþjóðum og voru þátttakendur um 3.600 talsins. Ísland sendi keppendur í frjálslíþróttum, sundi, fimleikum, handknattleik og hjólréiðum.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOWF) í Sarajevó

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar var haldin í fjórtánda sinn, að þessu sinni í Sarajevó og Austur-Sarajevó í Bosnía-Hersegóvínu frá 9.-16. febrúar 2019. Keppnisgreinar á leikunum voru alpagreinar, skíðaskotfimi, skíðaganga, íshokki, skautahlaup, listskautar, krulla og snjóþreitagreinar. Keppendur hátíðarinnar komu frá 46 Evrópuþjóðum og voru yfir eitt þúsund talsins. ÍSí sendi 13 keppendur

til hátíðarinnar, í alpagreinum, skíðagöngu og snjóþreittum.

Evrópuleikarnir í Minsk

Evrópuleikarnir 2019 fóru fram í borginni Minsk í Hvíta-Rússlandi þann 21.-30. júní. Leikarnir eru haldnir á vegum Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC). Ísland sendi sjö keppendur til leiks í fimm íþróttagreinum. Keppt var í 15 íþróttagreinum, m.a. í bogfimi, frjálslíþróttum, badminton, 3x3 körfubolta, hjólréiðum, fimleikum, júdó, karate, borðtennis og glímu. Um 4000 keppendur frá 50 löndum tóku þátt í Evrópuleikunum.

Smáþjóðaleikar í Svartfjallalandi

184 manna hópur fór á Smáþjóðaleikana 2019 sem fóru fram í Svartfjallalandi. Ísland hafnaði í 3. sæti á verðlaunatöflu Smáþjóðaleikanna 2019 með 54 verðlaun, þar af 19 gullverðlaun. Lúxemborg vann flest verðlaun, samtals 76 verðlaun, þar af 26 gull.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSí

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí fyrir árið 2019 var 400 m.kr. og heildarúthlutun ársins 2019 til sársambanda ÍSí var 452,9 m.kr. Á vefsíðu ÍSí og Afrekssjóðs ÍSí má sjá hvernig styrkveitingar skiptast á milli sársambanda ÍSí en auk þess hefur Afrekssjóður ÍSí gefið út skýrslu vegna ársins 2019 þar sem má finna fróðleik um starfsemi sjóðsins og áherslur.

Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSí úthlutaði 127 milljónum króna úr Ferðasjóði íþróttafélaga í mars 2019 vegna keppnisferða á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót ársins innanlands. Styrkir úr Ferðasjóði íþróttafélaga eru greiddir beint til íþrótta- og ungmennafélaga.

Íþróttaslysasjóður

Velferðarráðuneytið hefur lagt af framlag til sjóðsins og hefur ÍSí tilkynnt íþróttahreyfingunni að hætt verði að taka á móti nýskráningum slysa í sjóðnum frá og með 1. mars 2020. Kostnaður vegna skráðra slysa í sjóðnum verður endurgreiddur út árið 2020 eða skemur ef fjármagn sjóðsins þrýtur.

Ólympíustöðin

Ólympíustöðin er ókeypis vettvangur sem sýnir beint frá íþróttaviðburðum og býður upp á þáttaraðir tileinkaða íþróttum og íþróttafólki allt árið um kring. Stöðin leggur áherslu á afreksíþróttafólk og þeirra leið að meiri árangri. Fullt af áhugaverðum og fræðandi þáttum má sjá á Ólympíustöðinni, www.olympicchannel.com.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2018



Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina, dagana 1. - 4. ágúst 2019. Þetta var 22. Unglingalandsmót UMFÍ og í þriðja sinn sem mótið var haldið á Höfn. Mótshaldarar voru Ungmennasambandið Úlfjótur og Sveitarfélagið Hornafjörður. Framkvæmdastjóri mótsins var Ómar Bragi Stefánsson en Gísli Vilhjálmsson var ráðinn verkefnastjóri mótsins á Höfn. Á mótið voru skráðir 960 einstaklingar, 448 stúlkur og 512 drengir á aldrinum 11 - 18 ára. Ætla má að tveir til þrír hafi að jafnaði fylgt hverjum þátttakanda.

Afþreying og kvöldvökur á ULM 2019

Eins og venja er var boðið upp á heilmikla afþreyingu fyrir alla fjölskylduna alla mótshelgina. Leikjatorg var sett upp á mótssvæðinu. Á útihandboltavelli vöktu búnings mikla eftirtekt sem þátttakendur gátu klæðst en þeir voru í formi sinneps og tómatsúbrúsa. Við leikjatorg var tjald sem kvöldvökur fóru fram í. Öll kvöld voru kvöldvökur með landsþekktu tónlistarfólki. Fram komu í tímaröð: DJ Sura, Úlfur Úlfur og Salka Sól, Briet og Daði Freyr, GDRN og Una Stef & SP 74 en síðasttalda tónlistarfólkið kom fram á sunnudagskvöldinu.

Skemmtileg nýbreytni

Alltaf er gaman þegar bryddað er upp á nýjungum á mótum UMFÍ. Á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn var keppt í hlaupaskotfimi í fyrsta sinn. Þátttakendur og gestir gátu líka fengið að prófa greinina. Strandhandbolti og strandblak voru á meðal nýjustu greina mótsins. Á Höfn voru tveir vellir fyrir. En svo góð reyndist skráning í greinarnar að búa þurfti til þriðja völlinn með dags fyrirvara úr timburbrettum, túnpökum og sandi. Athygli vakti að þátttakendur skrá sig hver í nokkrar greinar. Þá hafa margir búið til sérstaka liðsbúninga sem vekja gjarnan mikla eftirtekt.

Þátttakendur til fyrirmyndar

Við slit Unglingalandsmóts UMFÍ var Vaka Sif Tjörvadóttir heiðruð sérstaklega. Vaka, sem er 11 ára, keppti í götuhjólreiðum á mótinu. Undir lok keppni sá hún að í vegkanti sat drengur sem fengið hafði astmakast. Vaka stoppaði til að hjálpa drengnum og stöðvaði bil sem í voru ferðamenn sem höfðu púst til að gefa honum. Fleiri börn bættust í hópinn og hringdu þau á Neyðarlínuna. Þegar drengurinn hafði komist undir lækniðshendur héldu Vaka og vinir hennar keppni áfram en komu síðust í mark. Viðbrögð Vöku og annarra keppenda eru til fyrirmyndar.

Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði var slitið eins og venja er með ræðuhöldum og flugeldasýningu. Við slit mótsins var jafnframt tilkynnt að Héraðssamband Þingeyinga (HSP) hlyti Fyrirmyndarþikar UMFÍ. Unglingalandsmót UMFÍ fer fram á Selfossi um verslunarmannahelgina 2020.

Landsmót UMFÍ 50+ í Neskaupstað

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Neskaupstað dagana 28. - 30. júní. Landsmót UMFÍ 50+ var fyrst haldið árið 2011 og var þetta níunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Mótshaldarar voru Ungmenn- og íþróttasamband Austurlands (ÚÍÁ) ásamt sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, og framkvæmdastjóri móta UMFÍ, hélt sem fyrr um alla þræði mótsins, stýrði undirbúningi og framkvæmd þess.

Þátttakendur mótsins voru 266 talsins, 171 karl og 95 konur. Landsmót UMFÍ 50+ í Neskaupstað



Landsmót 50+ var haldið á Neskaupstað.

hófst eins og venja er á föstudeginum og lauk því á sunnudegi. Mótið var sett með hátíðlegum hætti í íþróttahúsinu í Neskaupstað. Við setninguna fluttu ávörp þeir Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, og Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar. Einar Ágúst Viðisson, liðsmaður hljómsveitarinnar Skítamórs, og fleira tónlistarfólk tók lagið. Við mótssetningu var keppt í línudansi og tóku tveir hópar þátt.

Skipulag mótsins var með hefðbundnu sniði. Á fyrsta degi opnaði þjónustumiðstöð þar sem þátttakendur gátu náð í mótsgögn og nálgast helstu upplýsingar um mótið. Á laugardagskvöldinu var haldið skemmtikvöld með hátíðarkvöldverði. Veislustjóri var Jens Garðar Helgason. Danshljómsveit Guðmundar R. Gíslasonar lék fyrir dansi.

Mótinu var slitið eins og venja var að lokinni keppni í stígvélakasti. Þar flutti ávarp Ragnheiður Högnadóttir, sem sæti á í stjórn UMFÍ. Hún þakkaði gestum fyrir þátttöku og minnti á Landsmót UMFÍ 50+ sem fram fer í Borgarnesi árið 2020.

Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 28. maí – 4. júní 2019. Alexandra Björg Ágisdóttir var ráðin sérstakur verkefnastjóri Hreyfivikunnar í stað Sabínu Steinunnar Halldórsdóttur, sem þá var í fæðingarorlofi.

Hreyfivika UMFÍ hefur fest sig víða í sessi og fjölmargir boðberar hreyfingar um allt land hafa unnið ótullga að því að kynna kosti þess fyrir landsmönnum að hreyfa sig reglulega. Markmið verkefnisins er að fjölga þeim sem stunda reglulega hreyfingu í Evrópu. Eitt af markmiðum verkefnisins er að kynna kosti þess að taka reglulega virkan þátt í hreyfingu og íþróttum.

Hreyfivika UMFÍ var sem fyrr unnin í samstarfi við Ölgarðina. Myndband sem gert var á síðasta ári var uppfært. Ölgaröin lét gera plaköt sem hengd voru upp víða um land og var Hreyfivikan auglýst í útvarpi og sjónvarpi. Hreyfivika UMFÍ var ekki sett með formlegum hætti. Þess í stað var hitað upp fyrir vikuna með fjölda viðburða víða um land. Í Reykjanessbæ var viðburður við skátaheimili Heiðarbúa við Hringbraut og á túninu á bak við skrifstofu sýslumanns. Fjöldi ungmenna tók þátt í viðburðinum. Í Hreyfivikunni þetta árið var lögð áhersla á að fá fyrirtæki til að taka þátt í henni. Lyfja og Orka náttúrunnar tóku

virkan þátt og brydduðu boðberar hreyfingar hjá fyrirtækjunum upp á ýmsum viðburðum til að hvetja samstarfsfólk sitt til þess að hreyfa sig. Fleiri fyrirtæki hafa lýst yfir vilja til þátttöku árið 2020.

Sundkeppni sveitarfélaganna er einn liður í Hreyfiviku UMFÍ. Sundkeppnin hefur verið haldin frá árinu 2015 en féll niður árið 2018. Árið 2019 var sundkeppnin endurvakin. Alls tóku 26 sundlaugar í 20 sveitarfélögum þátt í keppninni. Sundlaugin á Kirkjubæjarklaustri fór með sigur af hólmi þetta árið með 264,8 metra synta á hvern íbúa í bæjarfélaginu.

Grunnskólakeppni UMFÍ og Kristals

Helsta nýjungin í Hreyfiviku UMFÍ var grunnskólakeppni UMFÍ og Kristals, vörumerkis Ölgarðarinnar sem er opinber styrktaraðili Hreyfivikunnar. Keppnin gekk út á að nemendur hreyfi sig eins mikið og þeir geti og fái aðra á hreyfingu með sér. Nokkrir skólar tóku þátt í tilraunaverkefninu og tókst svo vel til að leikurinn verður endurtekinn árið 2020.

Nemendur í Grunnskóla Ísafjarðar stóðu sig best í keppninni. Í verðlaun veitti Kristall skólanum 100.000 króna peningagjöf og var ávísun með upphæðinni afhent við skólaslit. Þau skilyrði fylgdu gjöfnni að ávísunina átti að gefa íþróttafélagi sem nemendur völdu. Héraðssamband Vestfjarða (HSV) varð fyrir valinu. Framkvæmdastjóri HSV ákvað hins vegar að gefa skólanum peninginn til baka og er stefnt á að upphæðin gangi upp í kaup á niðurgröfnu trampólíni á skólalóðinni.

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ

Ungmennabúðir UMFÍ hafa verið starfræktar að Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð frá því í janúar árið 2005. Þangað hafa um 2.000 nemendur í níunda bekk grunnskóla landsins komið viku í senn á hverju skólaári. Haustið 2019 var síðasti veturinn á Laugum og flutti starfsemin í íþróttamiðstöðina svokölluðu í dásamlegu og líflegu umhverfi á Laugarvatni.

Orðspor Ungmennabúða UMFÍ hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin og eru skólahópar víða að frá landinu þéttbókaðir alla virka daga í ungmennabúðunum út skólaárið.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, og Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, skrifuðu í mars 2019 undir samning um leigu á íþróttamiðstöðinni

til næstu tíu ára. Vorið og sumarið 2019 einkenndist af endurbótum á gömlu íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni og hefur það tekið stakkaskiptum. Gamli nemendur í íþróttatæknibækja húsið og nánasta umhverfi vel. Húsið var heimavist íþróttakennaraskóla Íslands um árabíl og var þar auk þess starfrækt íþróttamiðstöð UMFÍ, ÍSÍ og menntamálaráðuneytis, það notað fyrir námskeið, æfingabúðir og aðra íþróttatengda viðburði. Stefnt er að því að íþrótt- og ungmennafélög fái tækifæri til að nýta sér aðstöðuna í húsinu þegar nemendur dvelja þar ekki, svo sem um helgar, á tyllidögum og yfir sumartímann. Eftir því er leitað að fá húsið á leigu. Kanadíska fyrirtækið Makwa, sem skipuleggur ferðir fyrir ungt fólk, leigði húsnæðið í júlí og hluta af ágúst. Í júní leigði svo Íþróttasamband fatlaðra húsið undir sumarþúðir í hálfan mánuð. Sumarþúðirnar hafa verið fastur liður í sumarstarfi fatlaðra fyrir 18 ára og eldri í um þrjátíu ár og hafa þær ávallt verið í húsinu. Nú bauð þar Íþróttasamband fatlaðra í fyrsta sinn upp á ævintýra og íþróttabúðir fyrir 10-14 ára. Mikil ánægja var með tilraunina og þykir líklegt að ævintýrabúðirnar verði aftur í boði næsta sumar.

Sýnum karakter og Vertu með

UMFÍ og ÍSÍ standa saman að nokkrum verkefnum. Þar á meðal eru verkefni Vertu með og Sýnum karakter. Vertu með hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Á vegum verkefnisins hefur komið út bæklingur á sex tungumálum ætlaður foreldrum barna og ungmenna af erlendum uppruna. ÍSÍ og UMFÍ hafa jafnframt veitt fimm félögum / íþróttahéruðum styrki til að vinna að aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna í sinni heimabyggð.

UMFÍ og ÍSÍ halda reglulega ráðstefnur í nafni Sýnum karakter. Árið 2019 voru haldnar nokkrir slíkir viðburðir, svo sem um breytt mótafyrirkomulag og hvernig ná má betur til barna og foreldra þeirra af erlendum uppruna.

ÍSÍ og UMFÍ halda úti vefsíðu verkefnisins. Þar er hægt að nálgast ýmsan fróðleik til að styðja betur við líkamlega og andlega þjálfun íþróttafólks, hlusta á hláðvarp og margt fleira. Sýnum karakter: www.synumkarakter.is.

Sambandsþing UMFÍ 2019

Sambandsþing UMFÍ fór fram að Laugarbakka í Miðfirði dagana 11. – 13. október 2019. Á þinginu samþykktu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ með nærri öllum atkvæðum umsókn þriggja íþróttabandalaga að UMFÍ. Þetta eru Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalag Akureyrar (IBA) og Íþróttabandalag Akraness (ÍA). Við inngöngu fengu bandalögin stöðu sambandsaðila innan UMFÍ.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, sagði í kjölfar niðurstöðunnar ungmennafélagsshreyfinguna verða öflugri. „Nú getum við sameinað krafta okkar og orðið öflugri samtök en áður.“

Heiðranir

Á sambandsþingi UMFÍ var Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður UMFÍ, sæmd heiðurskrossi ungmennafélagsshreyfingarinnar og gerð að heiðursfélaga. Þau Örn Guðnason og Hrönn Jónsdóttir voru bæði sæmd gullmerki á þinginu. Örn var þá varaformaður en Hrönn ritari. Hvorugt gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Þrír sambandsaðilar UMFÍ voru jafnframt heiðraðir með Hvatningarverðlaunum UMFÍ. UMSK hlaut verðlaunin fyrir reiðskóla Hestamannafélagsins Harðar. Skólinn er fyrir fatlað fólk og einstaklinga með þroskahömlun. Þá hlaut USAH verðlaunin fyrir frumkvöðlastarf og



Jóhanna Hlökkversdóttir, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Guðmann Óskar Magnússon hlutu starfsmerki UMFÍ á þingi HSK 2019. Örn Guðnason afhenti þeim merkin.

verkefni fyrir eldri borgara. HSH hlaut svo verðlaunin fyrir að stuðla að auknu samstarfi á milli aðildarfélaga og fyrir að ná vel til barna af erlendum uppruna.

Breyting í stjórn

Stjórn UMFÍ er kosin á sambandsþingum UMFÍ. Nokkur breyting varð á stjórn UMFÍ að þessu sinni. Haukur Valtýsson var endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára. Í aðalstjórn voru kjörin þau Guðmundur Sigurbergsson frá UMSK, Gunnar Gunnarsson frá UÍA, Gunnar Þór Gestsson frá UMSS, Jóhann Steinar Ingimundarson frá UMSK, Ragnheiður Högnadóttir frá USVS og Sigurður Óskar Jónsson frá USÚ. Í varastjórn voru kjörin Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir frá UDN, Gissur Jónsson frá HSK, Hallbera Eiríksdóttir frá UMSB og Lárus B. Lárusson frá UMSK. Þau Elísabet, Gissur og Hallbera komu ný inn í varastjórn UMFÍ.

Ungmennaráð og Ungmennaráðstefna

Ungmennaráðstefna UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, var haldin í Borgarnesi dagana 10. – 12. apríl 2019. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Betri ég - Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér?* Þátttakendur voru ungmenni á aldrinum 16 – 25 ára og komu þau viðs vegar af landinu.

Auk Ungmennaráðs UMFÍ, sem skipulagði ráðstefnuna, tók fjöldi ungmenna þátt í ráðstefnunni, starfsfólk ungmennaráða sveitarfélaga og ráðamenn. Heildarfjöldi þátttakenda var um 85 manns.

Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt og innihélt hún verkfæri og hugmyndir fyrir þátttakendur hvernig hægt er að bæta sig sem einstakling og leiðbeiningar um það hvernig þeim getur liðið.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn var sem fyrr haldinn 2. október 2019. Að deginum standa Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, ÍSÍ, Bandalag íslenskra skáta, Embætti forseta Íslands, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis sem jafnframt sem alla verkefnastjórn fyrir verkefnið. Áhersla forvarnardsins var aukin notkun rafretta, svefn og orkudrykkir.

Skinfaxi og útgáfumál UMFÍ

Á árinu 2019 komu út þrjú tölublöð af Skinfaxa, tímariti UMFÍ. Blöðin fjalla í meiri mæli en áður um

ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá einstökum félögum. Í aðdraganda stórra viðburða fá þeir sérstaklega mikið rými. Leitast hefur verið við að hafa þemu í blöðunum, s.s. um transfólk og íþróttir, fatlaða og ýmsar hindranir sem iðkendur geta mögulega staðið frammi fyrir, áskoranir félaganna og leiðir til lausna.

Göngubók UMFÍ

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2019 eftir hlé árið 2018. Göngubókin árið 2019 var unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlason, stofnandi fyrirtækisins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Einar er jafnframt leiðsögumaður og stofnandi gönguhópsins Vesen og vergangur. Bókinni var dreift um allt land, í sundlaugar, á ferðamannastaði og víðar. Bókina er jafnframt hægt að lesa á vefsíðu UMFÍ.

Fréttabréf UMFÍ

UMFÍ sendi út fréttabréf að jafnaði á tveggja vikna fresti. Á póstlista eru sambandsaðilar UMFÍ, formenn, framkvæmdastjórn, fjölmiðlafólk og hagsmunaaðilar. Í fréttabréfinu eru sagðar fréttir af UMFÍ, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð. UMFÍ sendir auk þess sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra fréttabréf um sérstök mál ef svo ber undir. Fréttabréfsformið hefur jafnframt verið nýtt á Unglingalandsmótum UMFÍ, Landsmótum UMFÍ 50+ og Landsmótinu. Í aðdraganda móta hafa þátttakendur fengið upplýsingabréf um viðburði. Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is eða með því að senda línu á umfi@umfi.is.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri UMFÍ er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Starfsmaður UMFÍ og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ er Ómar Bragi Stefánsson og er hann búsettur á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér. Í þjónustumiðstöðinni er líka skrifstofa Æskulýðsvettvangsins auk Landssambands eldri borgara, Fræðsla og forvarnir (FRÆ) og Æskulýðsvettvangurinn (ÆV).

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2019 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 192 verkefni árið 2019, samtals að upphæð 16.832.000 kr. Af því fengu 25 verkefni á sambandsvæði HSK styrk samtals að upphæð 1.883.500 kr.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Golfkl. Dalbúi	Golfkynning fyrir börn og unglinga	100.000
HSK frjálsíþróttaráð	Frjálsíþróttaskóli UMFÍ	200.000
Umf. Þjótandi	Útivistarverkefni – Fjölskylda og heilsuefling	30.000
Selfoss fimleikadeild	Þjálfaranámskeið í handstöðu	35.000
Selfoss fimleikadeild	Þjálfaramenntun í Danmörku	100.000
Golfkl. Hveragerðis	Kynningarátak í golfi	50.000
Hamar fimleikadeild	Þjálfara- og dómarnámskeið	100.000
Selfoss fimleikadeild	Þjálfaranámskeið í Austurríki, fjórir þjálfarar	200.000
Selfoss fimleikadeild	Þjálfaranámskeið FSÍ 1B og 2C	31.500
Selfoss fimleikadeild	Námskeið í kóreógrafíu	55.000
Selfoss knattspyrnudeild	Dómarnámskeið	100.000
Selfoss knattspyrnudeild	Þjálfaranámskeið KSÍ 3 og 4A	45.000
Selfoss knattspyrnudeild	Þjálfaranámskeið KSÍ III, IV A og B	73.000
Selfoss knattspyrnudeild	KSÍ þjálfarapróf A og B	18.000
Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið Svíþjóð	50.000
Selfoss fimleikadeild	Þjálfaranámskeið og fræðsludagur FSÍ	76.000
Selfoss knattspyrnudeild	Fyrirlestrar um svefn	100.000
Selfoss fimleikadeild	Fyrirlestur um næringu	25.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Fyrirlestur um jákvæð samskipti	60.000
Selfoss fimleikadeild	Fyrirlestrar um markmiðssetningu og hugarfarar	65.000
Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna 2019–2020	100.000
Umf. Hrunamanna	Fræðslufyrirlestur	25.000
Hamar sunddeild	Fyrirl. um heilbrigðan lífsstíl og jákvætt hugarfarar	35.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Útbreiðsluverkefni	60.000
Selfoss knattspyrnudeild	Saga knattspyrnudeildar í myndum	150.000

Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ, úthlutaði 1.050.000 kr. til átta verkefna á árinu 2019.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Golfklúbburinn Dalbúi	Gróðursetning skjólbelta	75.000
-----------------------	--------------------------	--------

Ferðasjóður íþróttafélaga

Íþróttu- og Ólympíusamband Íslands veitir árlega styrki úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþróttu- og forvarnarstarf. Framlag til Ferðasjóðs íþróttafélaga á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2019 var 130 milljónir. Úthlutun til aðildarfélag HSK fyrir keppnisferðir 2009–2019:

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	SAMTALS
Glimuráð HSK	15.886		33.324									49.210
Golfkl. Geysir										18.117		18.117
Golfkl. Hveragerðis				18.657	25.143	7.416	14.613					65.829
Golfkl. Selfoss	11.788			15.265						22.835		49.888
Golfkl. Þverá					7.894							7.894
Golfkl. Öndverðarnesi										17.205	6.388	23.593
Hestam.f. Geysir			26.348									26.348
Hestam.f. Ljúfur								7.259				7.259
Íþr.f. Dimon	58.430		7.654	35.284	35.685	14.169				97.026	46.237	294.485
Íþr.f. Garpur				22.125						15.874		37.999
Íþr.f. Gnýr						17.434			22.206		20.280	59.920
Íþr.f. Hamar	293.267	302.890	435.603	558.610	205.462	330.491			214.651	433.104	525.795	3.299.873
Íþr.f. Milan						22.212		22.819	63.057	38.163		146.251
Íþr.f. Suðri						81.323			44.413		48.165	173.901
Knattsp. Árborg	43.752	68.041	128.831	30.121		25.404		38.851	26.710	18.769		380.479
Knattsp. Rangæinga	241.285	81.693	11.242	125.860	124.000	109.716	135.628			180.705	136.407	1.146.536
Knattsp. Ægir	133.716	54.925	49.359	103.218	95.118	228.547	382.843	347.346	271.713	206.462		1.873.247
Körfukn.fél. Selfoss	107.598	114.924	65.268	114.987	92.133	151.187	161.040	86.942	93.748	371.273	285.921	1.645.021
Umf. Gnúpverja							25.849		34.043	47.079		106.971
Umf. Hekla		42.042				9.427				14.441	23.929	89.839
Umf. Hrunamanna	190.109	166.323	114.202	147.091	187.874	143.125	86.592	91.052	93.171	104.531	169.563	1.493.633
Umf. Laugdæla	68.153	89.719	89.082	95.405	110.553	65.123						518.035
Umf. Samhygð							2.465					2.465
Umf. Selfoss	1.465.496	911.543	1.203.083	1.316.099	1.598.042	1.615.501	1.981.123	1.611.712	2.628.863	2.138.051	2.150.981	18.620.494
Umf. Þjótandi										27.969		27.969
Umf. Þór	95.271	27.087	86.624	154.938	91.218	77.705	150.561	131.116	200.360	101.850	158.968	1.275.698
Samtals	2.724.751	1.859.187	2.250.620	2.737.660	2.573.122	2.898.780	2.940.714	2.337.097	3.692.935	3.853.454	3.572.634	31.440.954

Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Olga Bjarnadóttir, formaður, varastjórn HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2019 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og hér aftur í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2019.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

Valnefnd vegna kjörs

á Íþróttamanni HSK

Frá árinu 2007 hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Á héraðsþingi HSK árið 2018 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og nú fékk nefndin það hlutverk að velja íþróttakonu HSK og íþróttakarl HSK í annað sinn.

Fundur í valnefndinni var haldinn 2. mars 2020 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu:

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Ragnar Sigurðsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss og fyrrverandi varaformaður HSK, Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss og Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK, í farveru Ólafs Arnar Oddssonar íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Rangárbings eystra.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisi.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Val á íþróttakarl og íþróttakonu HSK 2019:

14 konur voru tilnefndar til kjörs á íþróttakonu HSK 2019 og 14 karlar voru tilnefndir í kjöri á íþróttakarl HSK. Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið íþróttakona HSK árið 2019 hlyti frjálsíþróttakonan Fjola Signý Hannesdóttir úr Umf. Selfoss og sæmdarheitið íþróttakarl HSK 2019 hlyti handknattleiksmaðurinn Haukur Þrastarson úr Umf. Selfoss.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Þátttaka HSK á 22. Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði. Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðrún Tryggvadóttir Umf. Selfoss, formaður, Guðmundur Jónasson Umf. Heklu, Hafdis Hafsteinsdóttir Umf. Gnúp, Kristín Sigfúsdóttir Íþr.fél. Garpi og María Óladóttir Umf. Selfoss.

Unglingalandsmótið fór fram á Höfn í Hornafirði í ár. Undirbúningur HSK fyrir unglingalandsmót var hefðbundinn.

Eins og undanfarin ár mætti nefndin á mánudegi fyrir mót í Selvíli til að afhenda keppendum HSK treyjur og í ár fengu allir keppendur líka gefins gula boli með auglýsingu áftan á "Sjáumst á Selfossi 2020". Ekki var hægt að senda krökkunum skilaboð í gegnum Nóra skráningarkerfið og því gekk illa að koma skilaboðum til krakkana að við yrðum í Selinu þennan dag. Allt var gert sem hægt var, sett fréttatilkynning í Dagskrána, inn á heimasíðu HSK og heimasíðu UMF Selfoss og reynt að dreifa þessum boðum. Þetta gekk ágætlega.



Keppendur HSK á setningu Unglingalandsmótsins á Höfn.

Jóhann í Jako er alltaf til í að redda okkur, pantaði fleiri peysur svo allir gátu fengið peysur sem það vildu.

Að vanda var góð þátttaka HSK keppenda í skrudgöngu á setningarathöfn mótsins og allir gengu inn í bláum jökkum merktum HSK og Arion banka, en bankinn styrkti þátttöku HSK á mótinu með myndarlegum hætti eins og undanfarin ár. Glæsilegur hópur HSK krakka vakti verðskuldaða athygli.

Ekki hefur HSK enn fjárfest í tjaldi en við leigðum tjald hjá Seglagerðinni Ægi, Eimskip sá um að koma tjaldinu, grillinu, fánastönginni og ýmsu fleiru fyrir okkur á Höfn. Ekki var tjaldstæðið of lítið í ár og aðstaðan góð.

Föstudag og laugardag var kveikt á grillinu og síðar um kvöldin buðum við svo upp á kakó og kex.

Alls kepptu 190 krakkar á Höfn í sumar stóðu sig með þrýði og skemmtu sér vel. Mótið fór vel fram innan vallar sem utan.

Sjáumst á Selfossi 2020.

Guðrún Tryggvadóttir

Unglingalandsmótsmeistarar af sambandssvæði HSK:

Bogfimi

Kjartan Hjaltason varð landsmótsmeistari í bogfimi í opnum flokki 11-14 ár með 72 stig.



Keppendur HSK sáust oft á verðlaunapalli á Unglingalandsmótinu.

Frjálsíþróttir

11 ára

Vésteinn Loftsson vann fimm greinar, sigraði í 60 metra hlaupi á 9,41sek., í hástökki stökk hann yfir 1,24m, hann stökk 3,93m í langstökki og 8,77m í þristökki svo kastaði hann kúlunni 9,75m. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson hljóp 600m á 2:01,50 og kastaði spjótinu 27,59m. Esja Sigríður Nönnudóttir stökk 4,05m í langstökki og stökk yfir 1,24m í hástökki. Toyota Hilux hét sveitin sem í voru Logi Smárason, Hjálmar Vilhelm Rúnarsson, Friðrik Smárason og Vésteinn Loftsson unnu 4x100m boðhlaup á 61,74sek.

12 ára

Kristófer Árni Jónsson stökk yfir 1,36m í hástökki, stökk 4,38m í langstökki og 8,79m í þristökki. Þorvaldur Gauti Hafsteinnsson hljóp 600 m á 1:51,68. Lára Hlín Kjartansdóttir kastaði spjótinu 24,32m. Hvolpasveitin sigraði í 4x100 m boðhlaupi pílta á 60,22 sek. Sveitina skipuðu Kristófer Árni Jónsson, Þorvaldur Gauti Hafsteinnsson og Rökkvi Þeyr Guðjónsson ásamt keppanda frá HHF.

Hvolpasveitin í stúlknaflökki hljóp 4x100m boðhlaup stúlkna á tímanum 61,14 í sveitinni voru Ísold Assa Guðmundsdóttir, Þórhildur Lilja Hafsteinsdóttir, Hjördis Katla Jónasdóttir og Lára Hlín Kjartansdóttir.



Nokkrir unglingar úr HSK tóku sig til og kepptu í lopapeysum í strandhandbolta með góðum árangri.

13 ára

Veigar Þór Viðisson hljóp 80m grind á 13,94sek, hann stökk yfir 1,50 í hástökki, kastaði kúlu 10,31m, stökk 5,06m í langstökki og 10,22m í þristökki. Daniel Breki Elvarsson kastaði spjótinu 41,74m. Selfoss Garpar unnu 4x100m. pílta á 59,16sek. Í sveitinni voru Veigar Þór Viðisson, Daniel Breki Elvarsson, Halldór Halldórsson og Þórbergur Egill Yngvason.

Þrumutær Íslands sigruðu í 4x100 m boðhlaupi stúlkna á 57,10 sek. Í sveitinni voru Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir og stúlkur úr UÍA og Ármanni.

14 ára

HSK sigur í kúluvarpi drengja og stúlkna. Tómas Þorsteinsson kastaði 10,03m og Eyrún Hjálmsdóttir kastaði kúlunni 9,47m.

Húsasmiðjan sigraði í 4x100 m boðhlaupi pílta á 52,83 sek. Í sveitinni voru Sigurjón Reynisson, Tómas Þorsteinsson og piltar úr Breiðabliki og HSB.

15 ára

Haukur Arnarsson hljóp 100 m hlaup á 12,92 sek, hann hljóp 100m grind á 15,99 sek og sigraði líka þristökkið er hann stökk 12,17m. Sebastian Þór Bjarnsson stökk 6,13 í langstökki og kastaði kúlunni 12,06m. Goði Gnýr Guðjónsson hljóp 800m á 2:26,79 og Brynjar Logi Sölvason fór yfir 1,62m í hástökki. Ásrún Aldís Hreinsdóttir kastaði kúlunni 10,40m, Guðný Vala Björgvinsdóttir kastaði spjótinu 32,80m og Hrefna S. Jónasdóttir stökk 4,78m í langstökki. Þrír harðir og Sebastian unnu 4x100 m. boðhlaup pílta á 48,98. Í sveitinni voru Sebastian Þór, Haukur, Goði Gnýr og Brynjar Logi.

16 – 17 ára

Dagur Fannar Einarsson sigraði langstökkið með stökki upp á 5,99m, Tryggvi Þórisson vann kúluna, kastaði 13,56m og Viktor Karl Halldórsson kastaði spjótinu 56,59m. Eva María Baldursdóttir stökk yfir 1,76m í hástökki sem er bæting á HSK metinu um 1cm. Birta Sigurborg Úlfarsdóttir vann 200m hlaupið á 28,60 sek., hún sigraði líka 100m grind á 17,72sek. Hildur Helga Einarisdóttir sigraði tvær greinar, kúluvarp með 12,30m og spjótkest með kast upp á 37,75m Real Latin Heroes sigraði 4x100m. boðhlaup pílta á 45,48sek. HSK A vann 4x100m boðhlaup stúlkna á tímanum 54,81sek, sveitina skipuðu Jóna Kolbrún Helgadóttir, Eva María Baldursdóttir, Unnur Kjartansdóttir og Birta Sigurborg Úlfarsdóttir.

Glíma

Ingvar Jökull Sölvason varð meistari í flokki 11-12 ára og Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson sigraði 15-16 ára flokkinn.

Golf

Sverrir Óli Bergsson sigraði í flokki 14 -15 ára og Þóra Björg Yngvadóttir sigraði í flokki 16-18 ára.

Stafsetning

Rökkvi Þeyr Guðjónsson sigraði í flokki 11-12 ára.

Sund

Sara Ægisdóttir sigraði 5 greinar í flokki 15-16 ára. 100m bringusund á 1:32.68, 50m baksund á 38.58sek, 100m skriðsund á 1:10.58, 50m flugsund á 36.53sek og svo 100m fjórsund á 1:23.60.

Upplestur

Guðný Salvör Hannesdóttir varð landsmótsmeistari í flokki 15+.

Framkvæmdanefnd Unglinga-landsmóts UMFÍ á Selfossi 2020

Stjórn HSK hefur skipað framkvæmdanefnd fyrir unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2020 á Selfossi. Nefndin hefur haldið sex fundi.

Nefndina skipa: Þórir Haraldsson, fyrrv. formaður ULM nefndar 2012 sem er formaður nefndarinnar, Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss sem er ritari nefndarinnar, Guðmundur Jónasson,

gjaldkeri HSK sem er gjaldkeri nefndarinnar, Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Helgi S. Haraldsson, varaformaður HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Ísabella Rán Bjarnadóttir, ungmennaráði Árborgar, Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ og Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar. Varamaður er Veigar Atli Magnússon, ungmennaráði Árborgar. Eftirtaldir starfa með nefndinni og eru boðaðir á fundi: Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unglingalandsmóts, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK og Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Árborgar.

Nefndin hefur m.a. unnið að skipulagningu, undirbúningi keppnisgreina, afþreyingar, kynningar og fjármögnun mótsins.

Keppnisgreinar á mótinu verða biathlon (hlaupaskotfimi), bogfimi, fimleikar/fimleikalíf, frísbíggj, frjálssar íþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, hestaiþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, köku-skreytingar, körfubolti, motocross, pílukast, rafíþróttir, skák, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund, taekwondo og upplestur.

Búið er að manna störf sérgreinastjóra í nær öllum greinum, reglur keppnisgreina liggja fyrir og undirbúningur kominn vel af stað.

Kynning á mótinu hófst formlega á Unglingalandsmótinu á Höfn í Hornafirði þar sem þátttakendur HSK voru í sérmerktum bolum þar sem allir voru boðnir velkomnir á Selfoss. Samningur um mótshaldið á milli UMFÍ, Sveitarfélagsins Árborgar og Héraðssambandsins Skarphéðins var undirritaður í Hleðsluhöllinni á Selfossi 2. desember sl. að viðstöddum nokkrum keppendum HSK og fjölmörgum gestum. Veggspjöld hafa verið prentuð og rafrænar útgáfur eru komnar í dreifingu og fyrir liggur áætlan um auglýsingar og kynningarstarf fram að mótinu.

Aðstaða á Selfossi er öll til fyrirmyndar og eingöngu þarf að koma upp góðri aðstöðu fyrir strandblak og strandhandbolta til að íþróttamannvirkni séu tilbúin til að taka við keppendum. Hið sama gildir um tjaldsvæðin sem eru tilbúin sem og önnur aðstaða, s.s. fyrir stjórnstöð ofl.

Mikinn fjölda sjálfbóðaliða þarf til að framkvæma mótið með sóma, sérstaklega til að vinna við íþróttakeppnina en einnig í gæslu, sölu, þríf og aðra þjónustu við mótsgesti og verður leitað til aðildarfélaga HSK um sjálfbóðaliða til starfa þegar nær dregur mótinu en áhugasamir eru hvattir til að gefa sig fram við nefndarfólk og starfsfólk.



Skrifað var undir samstarfssamning vegna Unglingalandsmóts á Selfossi 2020.

Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2019

Yfirlit um skipan nefnda sem kosnar voru á héraðsþingi HSK 2019 og stjórnir sérráða HSK sem kosnar voru á aðalfundum ráðanna 2019:

Almenningsíþróttanefnd

Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss
Kjartan Þ. Guðmundsson, Umf. Hvöt
Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss

Badmintonnefnd

Formaður: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór
Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór
Varamaður: Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór

Blaknefnd

Formaður: Össur Björnsson, Íþróttafélaginu Dímon
María Rósa Einarisdóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Freyja Þorkelsdóttir, Umf. Hrunamanna
Varamaður: Áslaug Harðardóttir, Umf. Laugdæla

Borðtennisnefnd

Formaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Bæring J. Guðmundsson, Íþróttafélaginu Garpi
Varamaður: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla

Bríddsnefnd

Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi
Kristján Hálfðanarson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

Fimleikanefnd

Formaður: Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, Umf. Selfoss
Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, Umf. Selfoss
Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ásdís Birta Auðunsdóttir, Umf. Þór

Stjórn Frjálsíþróttaráðs

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda,
Anna Pálsdóttir, Umf. Selfoss
Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss
Sigurður Kristinn Guðbjörnsson, Umf. Heklu
Tinna Björnsdóttir, Umf. Selfoss.

Stjórn Glimuráðs

Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda
Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi
Ritari/varaf.: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda
Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda

Golfnefnd

Formaður: Össur Friðgeirsson, Golfklúbbi Hveragerðis
Einar Lyng Hjaltason, Golfklúbbi Hveragerðis
Bjarni Jóhannsson, Golfklúbbi Hellu
Varamaður: Helgi Guðmundsson, Golfklúbbum Flúðum

Handknattleiksnefnd

Formaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss
Atli Kristinsson, ÍF Milán
Örn Þrastarson, ÍF Milán
Varamaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss

Hestaíþróttanefnd

Formaður: Lovísa H. Ragnarsdóttir, Hestamannafélaginu Geysi
Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni
Magnús Ólason, Hestamannafélaginu Sleipni
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi

Íþróttanefnd eldri félagsmanna

Formaður: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss
Markús Ívarsson, Umf. Samhyggð
Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Ásberg Lárentínsson, Umf. Þór

Íþróttanefnd fatlaðra

Formaður: Þorbjörg Vilhjálmisdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
Guðrún Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný
Varamaður: María K. Jacobsen, Íþróttafélaginu Gný

Knattspyrnunefnd

Formaður: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja
Hafþór Theodórsson, Knattspyrnufélagi Árborgar
Gústaf Sæland Skúlason, Umf. Biskupstungna
Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri

Körfuknattleiksnefnd

Formaður: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna
Þorsteinn Darri Sigurgeirsson, Umf. Heklu
Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfuknattleiksfélagi Selfoss

Skáknefnd

Formaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss
Björgvin Helgason, Umf. Heklu
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja

Starfsíþróttanefnd

Formaður: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Kolbrún Júlíusdóttir, Umf. Þjótanda
Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

Sundnefnd

Formaður: Charlotte Clausen, Íþróttafélaginu Hamri
Guðmundur Pálsson Umf. Selfoss
Sigurbjörg Hafsteinsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Anna Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Selfoss

Sögu- og minjanefnd

Formaður: Þorgeir Vigfússon, Umf. Skeiðamanna
Kjartan Lárusson, Umf. Laugdæla
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda

Yfirlit um störf nefnda og ráða HSK:

Almenningsíþróttanefnd

Um 180 keppendur í Bláskógaskokki

Bláskógaskokki HSK var haldið 16. júní 2019 í samstarfi við Ferðaskrifstofuna Exploring Iceland og Fontana á Laugarvatni. Veður var gott, þurrt og hlýtt og lítill vindur.

Hlaupnar voru 10 mílur og 5 mílur. 10 mílur voru ræstar á hefðbundnum stað við Gjábakka en 5 mílur á Laugardalsvöllum og enduðu báðar vegalendir á Hverabraut rétt sunnan við Fontana. Tímataka var með flögum frá tímataka.net. Tvær drykkjarstöðvar voru á leiðinni og í endamarki var vatn í flöskum frá Icelandic Glacial og hleðslu orkudrykkur frá MS.

Þátttakendur voru 181, þar af voru 134 manna hópur frá Bandaríkjunum en hópurinn kom til landsins á vegum Exploring Iceland. Að hlaupi loknu bauð Fontana öllum þátttakendum ásamt starfsliði frítt í baðstaðinn.

Verðlaun voru veitt fyrir fyrsta karl og fyrstu konu í hvorri vegalengd fyrir sig. Voru þau gefin af Hótel Geysi. Fyrsta kona í 10 mílum var Rán Kristinsdóttir á tímanum 01:23:25 og fyrsti karl Jonathan Slater frá Bandaríkjunum á 1:14:07. Fyrsta kona í 5 mílum var Eir Fannarsdóttir á 37:29 og fyrsti karl, Karl Ágúst Hannibalsson en hann kom í mark á 32:50. Hver þátttakandi fékk þáttökupening að hlaupi loknu.

Alls voru 14 HSK met sett í hlaupinu, en í aðdraganda hlaupsins var ákveðið að taka saman metaskrá í 10 mílum og skrásetja ný met í fimm mílum.

Starfsmenn við hlaupið á hlaupadegi voru frá almenningshlaupanefnd HSK, Frískum Flóamönnum og Exploring Iceland. HSK þakkar styrktar- og samstarfsaðilum fyrir samstarfið og stuðninginn við framkvæmd hlaupsins.

Úrslit hlaupsins má sjá á www.timataka.net og www.hlaup.is.

Badmintonnefnd

Innan vébanda HSK var badminton iðkað sem keppnisíþrótt hjá þremur félögum árið 2019 en þau voru Dímon, Hamar og Umf Þór. Iðkenda fjöldinn var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku en iðkenda fjöldinn hélst svipaður þetta árið. Formaður badmintonnefndarinnar er Sæmundur Steingrímsson, Umf Þór. Aðrir nefndarmenn eru Friðrik Sigurbjörnsson, Hamar og Karen Ýr Sæmundsdóttir, Umf Þór. Varamaður er Axel Örn Sæmundsson, Umf Þór.



Keppendur í U11 á héraðsmóti í badminton.

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framfar í ársskýrslunni á bls. 12-13.



Fjölmenni tók þátt í Bláskógaskokkinu í ár.

Tveir leikmenn voru valdir í úrtakshóp unglíngalandsliðs Íslands í badminton, Margrét Guangbing Hu, U17 ára, úr Hamri og Úlfur Þórhallsson, U13 ára, úr Hamri. Margrét var auk þess valin í sérstakan úrvalshóp Badmintonsambandsins. Bæði mættu þau á landsliðsæfingar í nokkur skipti þetta árið. Úlfur náði ekki að vera í keppnishópi fyrir Íslands hönd en Margrét var valin til að taka þátt í North Atlantic Camp í Grænlandi í júlí. Margrét og Úlfur eiga framtíðina fyrir sér í badminton og gaman verður að fylgjast með þeim sem og öðrum iðkendum í framtíðinni.

Þann 1. mars var stórt skarð hoggið í badminton á Suðurlandi þegar Sigurður Blöndal, þjálfari til tugi ára, varð bráðkvaddur á heimili sínu. Sigurður hafði komið að þjálfun bæði í Hveragerði og Þorlákshöfn og fylgdi honum mikill drifkraftur og dugnaður.

Badmintonnefnd HSK sér til þess að haldin séu tvö mót á ári undir nafni HSK en þau eru Unglingamót HSK og Meistaramót HSK. Badmintonnefnd HSK sér um fjármögnun og skipulag mótanna. Auk þess voru haldin tvenn stór barna- og unglíngamót innan vébanda HSK á árinu.

Í mars hélt Umf Þór sitt árlega Þórsímót sem er mót fyrir börn og unglíng. Þetta mót er svokallað byrjendamót þar sem þeir bestu á landinu eru ekki gjaldgengir á mótið, en það teljast allir þeir sem unnið hafa til verðlauna á mótum yfir veturinn.

Þátttakendur voru um 65 talsins. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu, alls frá 6 félögum. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda og náðist að ljúka mótið á settum tíma.

Í maí var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 69 talsins frá fjórum félögum; Dímon, Hamar, UMFL og Umf Þór. HSK-meistara titilinn hlaut Hamar, fór með sigur úr bítum með 87 stig, Dímon var í öðru sæti með 23 stig og Umf Þór varð í því þriðja með 18 stig.

Í nóvember hélt Hamar, Kjörismót Hamars sem er mót fyrir börn og unglíng. Það var byrjendamót líkt og Þórsímótið og voru þeir bestu á landinu því ekki gjaldgengir á Kjörismótið heldur. Þátttakendur voru 100 talsins frá 6 félögum, alls staðar að af landinu. Mótið gekk vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda. Við fögnum því að haldin séu tvenn stór unglíngamót á ári innan vébanda HSK og verður það eflaust til þess að efla badmintoniðkun á svæðinu enn frekar.

Í nóvember var Unglingamót HSK haldið í Hveragerði. Keppendur voru 29 talsins frá þremur félögum; Dímon, Hamar og Umf Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. HSK-meistara titilinn hlaut Hamar sem fór með sigur úr bítum með 58 stig, Umf Þór var í öðru sæti með 10 stig og Dímon í því þriðja með 5 stig.

Blaknefnd

Blaknefnd HSK hélt héraðsmót og hraðmót bæði karla og kvenna ásamt héraðsmóti í unglíngaflokki héraðs- og hraðmótum veturinn 2018-2019.

Héraðsmót HSK 2018-2019

Keppt var í tveimur hlutum í karla- og kvennaflokki og eitt mót var í unglíngaflokki drengja og stúlkna.

Í karlaflokki voru fimm lið skráð til leiks, fyrri hlutinn var spilaður á Hvolsvelli 28. nóvember 2018 og seinni hlutinn á Flúðum 2. apríl 2019 og urðu úrslit þessi:

1. Héraðsmeistarar - Hrunamenn með 10 stig
2. Hamar með 10 stig
3. UMFL 1 með 5 stig
4. UMFL 2 með 4 stig
5. Dímon með 1 stig

Í kvennaflokki voru 7 lið skráð til leiks, fyrri hlutinn var spilaður á Flúðum 20. nóvember 2018 og seinni

hlutinn að Laugarvatni 2. apríl 2019 og urðu úrslit þessi:

1. Héraðsmeistarar Dímon Hekla 1 með 16 stig
2. Hamar 1 með 15 stig
3. Hrunakonur Y með 14 stig
4. Hrunakonur U með 7 stig
5. Dímon Hekla 2 með 6 stig
6. UMFL með 5 stig
7. Hamar 2 með 0 stig

Unglingamót HSK var haldið á Hvolsvelli 5. apríl 2019. Tvö félög mættu til leiks Dímon og Hekla með 3 strákalið og 2 stelpulið. Hekla vann mótið eins og í fyrra.

Úrslit leikja

Stelpur

Hekla-Dímon	25-22 / 25-20	3-0
1. Hekla	3 stig	
2. Dímon	0 stig	

Strákar

Hekla-Dímon B	25-10 / 25-14	3-0
Dímon A-Hekla	25-12 / 20-25 / 12-15	1-2
Dímon A-Dímon B	25-11 / 25-15	3-0
1. Hekla	5 stig	
2. Dímon A	4 stig	
3. Dímon B	0 stig	

Hraðmót HSK 2019

Hraðmót karla var spilað 5. nóvember á Hvolsvelli. Að þessu sinni spiluðu fimm lið hjá körlunum 2 hrínur upp í 21 stig í einum riðli.

Úrslitin á hraðmóti karla:

1. Hraðmótsmeistarar – UMFL 1
2. Hrunamenn
3. Hamar
4. Laugdælir 2
5. Dímon

Hraðmót kvenna var spilað að Laugarvatni 30. október 2019. Spilað var í tveimur riðlum, fimm lið í riðli 1 og fjögur lið í riðli 2 alls níu lið.

Í riðlunum voru spilaðar tvær hrínur á tíma 2x8 mínútur og að lokinni riðlakeppni mættust síðan efstu lið úr hvorum riðli í úrslitaleikjum um 1. sæti, 3. sæti, 5. sæti og 7. sæti. Úrslitaleikirnir voru spilaðir í tveimur hrínur upp í 21 stig.

Úrslitin á hraðmóti kvenna:

1. Hamar skutlur
2. Dímon/Hekla Yngri
3. Dímon/Hekla Ungar
4. Hrunakonur 1
5. Hrunakonur A
6. UMFL 1
7. Dímon/Hekla Yngstar
8. Hamar skvisur
9. UMFL 2

Íslands- og bikarmót 2018-2019

Mörg lið innan HSK tóku þátt í Íslands og bikarmóti vetrurinn 2018-19 bæði í karla og kvennaflokk og stóðu sig með þryði.

Önnur mót

Lið innan HSK voru líka dugleg að taka þátt ýmsum mótum auk öldungamótsins sem var haldið í Keflavík vorið 2019.

Blakkveðjur,

Össur Björnsson, formaður blaknefndar HSK

Borðtennisnefnd

Héraðsmót

HSK mótið í borðtennis var haldið á Hvolsvelli 4. maí 2019. Alls tóku 64 keppendur þátt frá sex félögum; Dímon, Garpi, Hekla, Þór, Gnúpverjum og Eyfelling.



Verðlaunahafar í flokki stúlkna 11 ára og yngri á héraðsmótiinu í borðtennis 2019.



Sigursveitin í sveitakeppni HSK í brídds 2019.

Keppt var í 11 af 12 aldursflokkum sem í boði voru og úrslit í einstökum flokkum má sjá á www.hsk.is.

Mótið var jafnframt stigakeppni milli þátttökuliða. Dímon hlaut 109,5 stig, Garpur hlaut 64 stig, Hekla hlaut 15,5 stig, Gnúpverjar hlutu 6,5 stig, Þór hlaut 4 stig og Eyfellingur hlaut 1,5 stig.

Bríddsnefnd

HSK tvímenningurinn

HSK tvímenningurinn í brídds fór fram í Selinu á Selfossi fimmtudaginn 3. janúar 2019 með þátttöku 17 para.

Spiluð voru 40 spil og eftir þessi 40 spil stóðu uppi sem sigurvegarar þeir Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson með 63,3 stig. Helgi Hermannsson og Brynjólfur Gestsson urðu í öðru sæti með 62,9 stig. Björn Snorrason og Pálmi Kristmannsson náðu bronsinu með 56,6 stig eftir hörku keppni við Sigurð Skagfjörð og Þorgils Torfa Jónsson, en þeir enduðu í fjórða sæti.

Lokastöðuna má sjá á www.hsk.is.

HSK-mótið í sveitakeppni

HSK-mótið í sveitakeppni í bridge var spilað á Flúðum 23. febrúar 2019 og mættu sex sveitir til leiks og spiluðu allir við alla. Keppnin var spennandi milli efstu sveita allt þar til í lokin. Sveit TM tryggði sér sigurinn með 71,74 stig, sveit MS varð í öðru sæti með 70,79 stig og sveit Karls Gunnlaugssonar, sem kallaði sig Kalli og kemur varð í þriðja sæti með 61,22 stig. Meistararnir í TM sveitinni heita Kristján Már Gunnarsson, Runólfur Jónsson, Björn Snorrason og Pálmi Kristmannsson.

Þess má geta að Karl Gunnlaugsson á Varmalæk, sem varð 88 ára á árinu, mætti með sveit eins

og oft áður og var Gunnlaugur sonur hans m.a. í sveitinni. Þau eru óteljandi mótin sem Kalli hefur tekið þátt í á undanföllum áratugum í fjölmörgum íþróttageinum. Það er magnað að keppandi hátt á níræðisaldri sé enn að berjast um sigurinn í keppni við þá bestu innan héraðs.

Heildarúrslit eru á www.hsk.is.

Frjálsíþróttaráð

Aðalfundur ráðsins var haldinn 26. mars 2019. Bryndís Eva Óskarsdóttir gaf ekki lengur kost á sér til setu í stjórn ráðsins. Í hennar stað var kosin ný inn Anna Pálsdóttir Umf. Selfoss. Haustiðfundur ráðsins var svo haldinn 30. október. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu en samskipti ráðsins fóru yfirleitt fram á facebook og svo á hliðarlínunni á íþróttavellinum.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn dagana 23.-27. júní við frábærar aðstæður á Selfossi. Alls voru það 50 krakkar sem kláruðu skólann og var þetta 11. starfsár hans á HSK-svæðinu. Umsjónarmenn hans voru líkt og síðustu ár Ágústa Tryggvadóttir og Fjóra Signý Hannesdóttir en þær eru orðnar mjög sjóðar í skipulagningu skólans. Að þessu sinni voru krakkarnir í Frjálsíþróttaskólanum á aldrinum 11 til 14 ára. Flest börnin komu af sambandssvæði HSK en einnig frá Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ, Patreksfirði, Búðardal og Blönduósi. Dagskrá skólans var mjög fjölbreytt að venju og fjölmargir þjálfarar og aðstoðarmenn komu að fræmkvæmdinni. Í ár fékk skólinn líka góðar heimsóknir en Silja Úlfarsdóttir hlaupari hélt fyrirlestur um ofþjálfun auk þess að kenna hlaupataekni, hlauparinn Arnar Pétursson miðlaði af reynslu sinni auk þess sem Hilmar Örn Jónsson sleggjukastari var gestþjálfari. Frjálsíþróttaskólanum lauk með velheppnuðu frjálsíþróttamóti á fimmtudeginum.

Frjálsíþróttaráðið keypti gula stuttermaboli á keppnislið sitt fyrir öll meistaramót innan- og utanhúss. Bolirnir settu svo sannarlega lit á liðið og gerði það að verkum að auðvelt var að þekkja okkar krakka úr langri fjarlægð. Við fengum styrk til bolakaupanna frá Eimskip/Flytjanda.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/Selfoss á meistaramótum og áttum við mjög góðu gengi að fagna á öllum mótunum í flokkum barna og unglinga. Við sigruðum MÍ 11-14 ára innan- og utanhúss með miklum yfirburðum. Lið HSK í bikarkeppni 15 ára og yngri laut hinsvegar í lægra haldi bæði innan og utanhúss eftir að hafa unnið bikarmeistaratilinn nokkur ár í röð. Í þessum



Sigurlið HSK/Selfoss á MÍ 11-14 ára innanhúss.



Þátttakendur og þjálfarar á hinum árlega frjálsíþróttaskóla á Selfossi.

aldursflokkir voru bæði A og B lið skráð til leiks bæði innan og utanhúss. Mis vel gekk að koma saman bikarliðum innan og utanhúss í flokki fullorðinna en þorri liðsins var ungur og margir valdir í liðið í fyrsta sinn. HSK/Selfoss átti einnig fáa keppendur á MÍ aðalhluta en þeir sem mættu stóðu sig mjög vel.

Úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

MÍ 11-14 ára innanhúss

1. sæti 8 Íslandsmeistaratitlar

MÍ Unglinga innanhúss

2. sæti 15 Íslandsmeistaratitlar

MÍ Aðalhluti innanhúss

8. sæti 0 Íslandsmeistaratitlar

Bikarkeppni innanhúss

5. sæti 0 bikarmeistaratitlar

Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss

2. sæti 5 bikarmeistaratitlar

MÍ 11-14 ára utanhúss

1. sæti 13 Íslandsmeistaratitlar

MÍ unglunga utanhúss

3. sæti 19 Íslandsmeistaratitlar

MÍ aðalhluti utanhúss

4. sæti 1 Íslandsmeistaratitlar

Bikarkeppni fullorðinna utanhúss

8. sæti 0 bikarmeistaratitill

Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss

2. sæti 7 bikarmeistaratitlar

Keppendur HSK kepptu á nokkrum mótum á erlendri grundu á árinu, í einhverjum tilfellum á eigin

vegum en einnig með landsliði Íslands. Fjöla Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss keppti fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum sem fram fóru í Svartfjallalandi. Fjöla Signý sigraði 400m grindahlaupið auk þess sem hún var í sigurliði Íslands í 4x400m boðhlaupi. Hún keppti einnig í 100m grindahlaupi á mótinu. Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss var valin til að keppa á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Baku þar sem hún stökk 1,72m í hástökki. Hún keppti einnig í hástökki á Norðurlandamóti 19 ára og yngri þar sem hún varð í 2. sæti með 1,76m. Hildur Helga Einarisdóttir Umf. Selfoss keppti einnig á NM 19 ára og yngri og varð í 7. sæti í spjótkesti. Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss var valinn til þátttöku í langstökki á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Baku þar sem hann stóð sig vel auk þess sem hann var valinn til að keppa á NM í fjölbrautum í Noregi þar sem hann setti HSK met í tugbraut í sínum aldursflokki.

HSK á átta einstaklinga í úrvalshópi unglunga hjá FRÍ en valið var gefið út í desember 2019. Þeir sem voru valdir í úrvalshópinn eru: Sebastian Þór Bjarnason Umf. Selfoss, Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu, Unnsteinn Reynisson Umf. Þjótanda, Hjalti Snær Helgason Umf. Selfoss, Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss, Viktor Karl Halldórsson Umf. Þór, Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss og Hildur Helga Einarisdóttir Umf. Selfoss. Þess má geta að mörg þessara ungmenna komust í úrvalshópinn fyrir árangur í fleiri en einni grein. Einn einstaklingur úr HSK er í stórmótahóp FRÍ en hópurinn samanstendur af 12 efnilegustu ungmennum landsins í frjálsum íþróttum. Sá einstaklingur er Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss.

Frjálsíþróttamaður HSK 2019 var valinn af Frjálsíþróttaráði Dagur Fannar Einarsson úr Umf. Selfoss. Hann er Íslandsmeistari í níu greinum í sínum aldursflokki, þar með talið í tugbraut. Dagur keppti með landsliði Íslands í tugbraut á Norðurlandamóti 19 ára og yngri og Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar með góðum árangri. Dagur Fannar setti 29 HSK met á árinu m.a. í tugbraut auk þess sem hann varð HSK meistari í sínum aldursflokki og fullorðinsflokkum í fjölda greina.

Fjöla Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss er frjálsíþróttakona HSK 2019. Fjöla Signý var fulltrúi Íslands á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi þar sem hún keppti í þremur greinum. Hún kom heim af mótinu með tvö gull, annarsvegar fyrir 400m grindahlaup og hinsvegar var hún í sigursveit Íslands í 4x400m hlaupi. Fjöla Signý varð einnig Íslandsmeistari í sjöbraut utanhúss með 4529 stig sem gaf henni keppnisrétt á Norðurlandamótinu í fjölbrautum en hún sá sér því miður ekki fært að fara og keppa á mótinu. Fjöla Signý er mikilvæg fyrir keppnislið HSK á bikarkeppnum og meistaramótum enda reynslumikil og góð fyrirmynd fyrir yngri keppendur bæði innan vallar sem utan. Fjöla varð einnig HSK meistari í fjölmörgum greinum bæði innan- og utanhúss.

146 HSK met voru sett í frjálsum á árinu. Fatlaðir settu fimm met, keppendur 11 – 22 ára settu 80 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu fjögur met og keppendur í öldungaflokkum settu 57 met. Nokkur þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki. Dagur Fannar Einarsson Selfossi, keppandi í 16-17 ára flokki, setti flest HSK met á árinu. Hann setti 21 einstaklings HSK met og setti auk þess átta boðhlaupsmet með félögum sínum, eða samtals 29 met. Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Umf. Heklu, sem einnig keppti í 16-17 ára flokki, kom næstur með samtals 13 met. Álfrún Diljá Kristínardóttir keppandi Selfoss í 13 ára flokki var svo með 11 HSK met. Hún setti flest landsmet HSK keppenda á árinu, eða fimm talsins. Ólafur Guðmundsson Selfossi setti flest HSK met í öldungaflokkum, en hann setti 16 met á árinu í flokki 50 – 54 ára. Næstir komu frændurnir úr Þjótanda, þeir Sigmundur Stefánsson og Jón M. Ívarsson, en þeir settu báðir átta HSK met í flokki 70 – 74 ára. Ólafía Ósk Svanbergsdóttir Suðra var sú eina sem setti HSK met í flokkum fatlaðra á árinu, en hún setti fimm HSK met í flokki F 35-38.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 11 mótum á árinu. Haldið var áfram að halda innanhúsmót HSK í Kaplakrika í góðu samstarfi við frjálsíþróttadeild FH. Til þess að fjölga keppendum á fullorðinsmótinu var aldursskiptingin höfð þannig að á unglungamótinu kepptu 15-17 ára keppendur og 18 ára og eldri kepptu á fullorðinsmótinu. Við kunnum vinum okkar hjá frjálsíþróttadeild FH bestu þakkir fyrir alla aðstoð veitta á HSK mótunum í Kaplakrika. Stærsti viðburður Frjálsíþróttaráðs var MÍ unglunga sem haldið var á Selfossvelli í júní og tókst vel. Auk mótaanna sem HSK hélt aðsoðuðum við FH að halda MÍ unglunga innanhúss og mönnum hjá þeim eina keppnisgrein. Í staðin þurftum við ekki að borga þátttökugjöld á mótinu. Venja er svo fyrir því að frjálsíþróttaráð HSK sjái um það að manna eina grein á bikarkeppnum fullorðinna úti og inni auk þess að senda starfsmenn á Reykjavík International Games.

Mót á vegum HSK 2019

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára innanhúss

Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 13. janúar. Á mótið voru skráðir 90 keppendur frá átta félögum en um lítillega fækkun keppenda er um að ræða milli ára. Umf. Selfoss sigraði stigakeppni

mótsins með 422 stigum, í öðru sæti varð Íþf. Garpur með 128,5 stig og Umf. Þjótandi í þriðja sæti með 104 stig. Mikill fjöldi foreldra fylgdi sínum börnum á mótið og voru duglegir við að hjálpa til við framkvæmdina.

Unglingamót HSK 15-17 ára innanhúss

Unglingamót HSK fór fram 13. janúar, samhliða Aldursflokka- og Héraðsmóttinu. Á Unglingamótið voru 41 keppendur skráðir frá níu félögum en það er fjölgun frá síðasta ári. Umf. Selfoss sigraði heildarstigakeppni mótsins með 150 stig og í öðru sæti varð Umf. Hrunamanna með 66 stig. Umf. Biskupstungna varð svo í þriðja sæti með 38,5 stig.

Héraðsmót HSK fullorðinna innanhúss

Héraðsmót HSK fullorðinna var frekar fámennt þetta árið en aðeins 11 keppendur voru skráðir til leiks frá fimm félögum. Skírist það helst af því að Unglingamót HSK fór fram á sama tíma. Heildarstigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Þjótandi sigraði með 39 stig, Umf. Selfoss var í öðru sæti með 36 stig og Umf. Þór var í þriðja sæti með 23 stig.

Héraðsleikar HSK innanhúss

Héraðsleikar HSK í frjálsíþróttum fóru fram í Íþróttahúsinu á Hvolsvelli sunnudaginn 10. mars. 102 keppendur voru skráðir til leiks frá átta félögum. Keppendur 8 ára og yngri kepptu í þrautabraut en 9-10 ára öttu kappi í hefðbundnum greinum. Að móti loknu fengu svo allir þátttakendur verðlaunapening fyrir þátttökuna. Mótið gekk mjög vel fyrir sig.

Vormót HSK

Vormót HSK var haldið mánudagskvöldið 20. maí á Selfossvelli. Rúmlega 100 keppendur voru skráðir til leiks og er það með mesta móti. Aðstæður til keppni voru ágætar og voru öll hlaup lögleg. Á mótinu var sett Íslandsmet í 300m hlaupi pilta 18-19 ára en það var FH- ingurinn Hinrik Snær Steinsson sem hljóp vegalengdina á 34,65 mínútum. Þess má geta að fyrra metið átti Haukur Clausen og hafði það staðið óhreyft frá árinu 1947. Keppendur HSK létu ekki sitt eftir liggja og sigruðu fjórar greinar auk þriggja aukagreina. Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu sigraði langstökk karla með 6,23m stökki, Árni Páll Hafþórsson Umf. Þjótanda sigraði kúluvarp karla og kastaði 11,06, Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir Umf. Selfoss sigraði 800m hlaup kvenna á tímanum 2:54,25min og Hildur Helga Einarsdóttir Umf. Selfoss sigraði kúluvarp kvenna með 10,31m kasti.

Aldursflokkmót HSK 11-14 ára utanhúss

Aldursflokkmót 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram 2. júní á frjálsíþróttavellinum í Þorlákshöfn. Aðstæður á mótinu voru nokkuð góðar, styllt veður en frekar kalt. Keppendur á aldursflokkmóttinu voru töluvert færri en venjulega og skýrist það ef til vill helst af því að mótið var haldið viku fyrr en vanalega og sumaræfingar varla farnar af stað á sumum stöðum. Keppnin var á köflum mjög spennandi og sem dæmi má nefna að í hástökki 13 ára stúlkna vannst keppnin á umstökki. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 371 stig, í öðru sæti var Íþróttafélagið Garpur með 169 stig og í þriðja sæti Umf. Hrunamanna með 129 stig.

Héraðsleikar HSK utanhúss

Héraðsleikar 10 ára og yngri í frjálsum íþróttum fóru fram 2. júní á frjálsíþróttavellinum í Þorlákshöfn. Keppendur á Héraðsleikunum voru 49 talsins og er það fjölgun frá síðustu tveimur árum. Á mótinu voru margir að stíga sín fyrstu skref á frjálsíþróttavellinum og margir persónulegir sigrar sem náðust. Að móti loknu fengu allir þátttakendur viðurkenningu.



Fjóla Signý vann gullverðlaun á Smáþjóðaleikunum.

Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 12.-13. ágúst. Það má með sanni segja að það hefði mátt víðra betur á keppendur og starfsmenn en rokið var svo mikið fyrri keppnisdaginn að keppendur máttu hafa sig alla við að standa á fótunum. Héraðsmótið er stigakeppni milli félaga og Umf. Selfoss sigraði mótið með nokkrum yfirburðum eða 208 stigum. Í öðru sæti var Umf. Hekla með 38 stig og í þriðja sæti var Umf. Hrunamanna með 31 stig. Stigahæsti karl mótsins var Goði Gnýr Guðjónsson Umf. Heklu með 27 stig en hann sigraði þrjár greinar á mótinu, fékk eitt silfur og eitt brons. Stigahæsta kona mótsins var Fjóla Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss með 29 stig en hún sigraði fjórar greinar og fékk silfur í einni.

Héraðsmót fatlaðra

Samhliða Héraðsmóti fullorðinna var haldið Héraðsmót fatlaðra í frjálsum en þar mættu fjórir keppendur til leiks, allir í kvennaflokki. Keppnisgreinar á mótinu voru 200m hlaup, langstökk, kúluvarp og kringlukast.

Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli þriðjudaginn 23. júlí. Eftir úrhellisrigningu og þrumuveður á meðan upphitun stóð skall á hið besta keppnisveður, logn og hiti. Um 40 þátttakendur af HSK svæðinu tóku þátt á mótinu auk sjö gestabátttakenda annarsstaðar að. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 104 stig, Umf. Hrunamanna varð í öðru sæti með 71 stig og Umf. Þjótandi þriðja með 61 stig.

Meistaramót Íslands 15-22 ára

Meistaramót Íslands 15-22 ára í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli dagana 15.-16. júní. Um er að ræða eitt stærsta mót sumarsins á Íslandi og voru rúmlega 200 keppendur skráðir til leiks. Frjálsíþróttaráð HSK sá um framkvæmd mótsins sem þótti heppnast afar vel en 60 sjálfbóðaliðar af HSK svæðinu lögðu hönd á plóg svo allt gæti gengið upp. Öllum sjálfbóðaliðum og styrktaraðilum mótsins er hér með þakkað innilega fyrir þeirra framlag. Aðstæður til keppni voru ágætar, vindur var að mestu leiti löglegur en fór þó yfir löglegan vindhraða í kvíðum. Nokkur kuldi var eftir hádegi báða keppnisdaga en keppendur létu það

ekki aftra sér við það að ná góðum árangri. Keppnislið HSK/Selfoss lét ekki sitt eftir liggja á mótinu og skilaði 19 Íslandsmeistararitlum heim í hérað. Það dugði liðinu til þess að ná þriðja sæti í heildarstigakeppni mótsins, skammt á eftir Breiðablik sem var í öðru sæti. ÍR sigraði mótið þó með yfirburðum og er það í 16. árið í röð sem þeim tekst það.

Atkvæðamestur HSK manna í stigasöfnun var fjölþrautarmaðurinn Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss sem varð fimmfaldur Íslandsmeistari á mótinu. Hann keppti í flokki 16-17 ára pilta og sigraði 400m hlaup, 110m grindahlaup, langstökk og kringlukast. Auk þess var hann í sigurliði HSK/Selfoss í 4x100m boðhlaupi 16-17 ára. Sveitin setti HSK met í flokki 15-16 ára í hlaupinu þegar hún hljóp á tímanum 46,41sek. Með Degi í sveitinni voru Jónas Grétarsson Umf. Selfoss, Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu og Unnsteinn Reynisson Umf. Þjótanda. Sindri Freyr nældi í tvö önnur gull á mótinu, í 100m og 200m hlaupum og Jónas Grétarsson sigraði í bristökki. Piltarnir í 15 ára flokki létu ekki sitt eftir liggja og náðu í sjö gullverðlaun. Stigahæstir HSK manna í flokki 15 ára voru Haukur Arnarson Umf. Hrunamanna sem sigraði í langstökki og bristökki og Goði Gnýr Guðjónsson Umf. Heklu sigraði í 1500m hlaupi og 3000m hlaupi. Þeir tveir voru auk þess í sigursveit 15 ára pilta í 4x100m boðhlaupi ásamt Brynjari Loga Sölvassyni Umf. Laugdælum og Óskari Snorra Óskarssyni Umf. Hrunamanna.

Eva María Baldursdóttir setti mótsmet í hástökki 16-17 ára þegar hún stökk 1,70m og í sama flokki sigraði Hildur Helga Einarsdóttir þrjár kastgreinar, spjótast, kringlukast og kúluvarp. Hápunktur mótsins var svo þegar ÍR-ingurinn Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir setti Íslandsmet í flokki fullorðinna í 200m hlaupi. Hún hljóp á tímanum 23,45sek en fyrra metið átti hún sjálf.

Öll úrslit af mótum ársins má finna á mótaforritinu Þór sem haldið er út af Frjálsíþróttasambandinu. Á öllum mótunum sem við höldum hjálpuðust félögin innan ráðsins að við að útvega starfsmenn og gekk það í flestum tilfellum vel. Að lokum vill ég þakka stjórnarmönnum félaga, sjálfbóðaliðum, þjálfurum og iðkendum kærlega fyrir samstarfið á árinu. Sjáumst á frjálsíþróttavellinum 2020!

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður



Sigurlið Hvolsskóla í 8.-10. bekk stúlkna á Grunnskólamóti HSK í glímu.

Glimuráð HSK

Glimuráð HSK hélt merkjum glímunnar á lofti innan vébanda HSK árið 2019 líkt og endranær. Ráðið stóð fyrir þremur mótum á héraðsvísu auk þess sem keppendur úr röðum HSK tóku þátt í mótum Glímusambandsins sem og keppni í þjóðlegum fangbrögðum annara evrópuþjóða.

Alls iðkuðu 203 glímu á HSK svæðinu samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ árið 2019. Af þeim hóp tóku 62 þátt í keppni og þar af tóku 33 þátt í keppni á mótum Glímusambandsins.

Aðalfundur glímuráðs HSK var haldinn í Tíbrá 4. mars. Á fundinum var farið yfir starf ráðsins árið 2018 og línurnar lagðar fyrir starfið framundan. Ráðið býr við traustan fjárhag sem býður vel upp á eflingu glímustarfsins á svæðinu.

Af helstu störfum HSK fólks innan glímuhreyfingarinnar er það að segja að Marín Laufey Davíðsdóttir var kosin ritari GLÍ á síðasta ársþingi auk þess sem Jana Lind Ellertsdóttir var kosin varamaður. Ólafur Oddur Sigurðsson hefur setið sem formaður Keltneska fangbragðasambandsins undanfarin ár. Kjartan Lárusson var endurkjörin formaður Glímudómarafélags Íslands á ársfundi þess.

Erlend samskipti

Evrópumót í keltneskum fangbrögðum var haldið í Reykjanesbæ 25.-27. apríl. Skarphéðinskonurnar Marín Laufey og Jana Lind voru valdar í landsliði Íslands og varð árangur þeirra eftirfarandi:

Glíma

Konur -56 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur - 80 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Gouren

Konur -56 kg

3. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur - 80 kg

2. Marín Laufey Davíðsdóttir

Backhold

Konur -56 kg

3. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur - 80 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Marín Laufey var valin fangbragðakona mótsins að keppni lokinni.

Mót á vegum HSK

Grunnskólamót HSK 2019

Grunnskólamót HSK 2019 fór fram miðvikudaginn 12. febrúar í íþróttahúsinu á Hvolsvelli Rangárfingi eystra. Keppni hófst kl. 11:00 og til leiks mættu 64 þátttakendur frá fimm grunnskólum á sambandssvæði HSK. Glímt var á þremur dýnlögðum völlum samtímis og skein bæði kapp og gleði af kraftmiklum keppendahópnum. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og dómarmar og annað starfsfólk mótsins kom úr röðum HSK. Í stigakeppni milli skóla sigruðu heimamenn í Hvolsskóla þrjá flokka af fjórum en þau tíðindi urðu í flokki stelpna í 5.-7. bekk að Flóaskóli hampaði sínum fyrsta sigri í stigakeppni mótsins frá upphafi.

5. bekkur stelpna

1. Arna Danielsdóttir, Bláskógaskóla

5. bekkur strákar

1. Pawel Broniszewski, Hvolsskóla

6. bekkur stelpna

1.-2. Stefania Maren Jóhannsdóttir, Bláskógaskóla

1.-2. Svandís Aitken Sævarsdóttir, Flóaskóla



Marín Laufey og Jana Lind urðu Evrópumeistarar.

6. bekkur stráka

1. Ingvar Jökull Sölvason, Bláskógaskóla

7. bekkur stelpna

1. Melkorka Álfðís Hjartardóttir, Flóaskóla

7. bekkur stráka

1. Bjarni Þorvaldsson, Hvolsskóla

8. bekkur stelpna

1. Svanhvít Stella Þorvaldsdóttir, Hvolsskóla

8. bekkur stráka

1. Bjarki Páll Eymundsson, Hvolsskóla

9. bekkur stúlkna

1.-2. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Sunnulækjarskóla

1.-2. Thelma Rún Jóhannsdóttir, Bláskógaskóla

9. bekkur stráka

1. Veigar Páll Karelsson, Hvolsskóla

10. bekkur stúlkna

1. Oddný Benediktsdóttir, Hvolsskóla

10. bekkur stráka

1. Sigurður Sævar Ásberg Sigurjónsson, Bláskógas.

Stigakeppni skóla

Stigakeppni skóla er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

5. - 7. bekkur stráka stig

1. Hvolsskóli 19*

2. Bláskógaskóli 19

3. Flóaskóli 11

5. - 7. bekkur stelpna stig

1. Flóaskóli 18,5

2. Hvolsskóli 15,5

3. Bláskógaskóli 11,5

4. Laugalandsskóli 4,5

8. -10. bekkur drengja stig

1. Hvolsskóli 22

2. Bláskógaskóli 14

8. - 10. bekkur stúlkna stig

1. Hvolsskóli 21

2. Bláskógaskóli 8

3. Sunnulækjarskóli 5,5

4. Flóaskóli 5

*Hvolsskóli sigrar flokkinn vegna fleiri unnina gullverðlauna.

Héraðsmót HSK í glímu 2019

Héraðsmót HSK í glímu fór fram á Laugarvatni laugardaginn 23. febrúar. Keppni hófst kl. 12:00 og var keppt flokkum drengja og stúlkna frá 11 ára og yngri til unglingaflokka. Í fullorðinsflokkum var glímt um Bergþóruskjöldinn í kvennaflokki í 18. skipti og Skarphéðinskjöldinn í karlaflokki í 95. skipti. Jana Lind Ellertsdóttir Garpi sigraði kvennaflokkinn í fjórða sinn og Jón Gunnþór Þorsteinsson Umf. Þjótanda hampaði Skarphéðinskjöldinum í fyrsta sinn. 44 keppendur komu til leik frá fimm félögum á HSK svæðinu.

Skjaldarglíma Skarphéðins

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þjótanda

Skjaldarglíma Bergþóru

1. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi

Unglingar 17-20 ára

1. Sigurður Sævar Ásberg Sigurjónsson, Bisk.

15 ára stúlkur

1. María Sif Indriðadóttir, Dímon

14 ára stráka

1. Bjarki Páll Eymundsson, Dímon

14 ára stúlkur

1. Svanhvít Stella Þorvaldsdóttir, Dímon

13 ára drengir

1. Andreas Haraldur Ketel, Þjótanda

13 ára stúlkur

1. Melkorka Álfðís Hjartardóttir, Þjótanda

12 ára strákar

1. Óskar Freyr Sigurðsson, Þjótanda

12 ára stelpur

1. Svandís Aitken Sævarsdóttir, Þjótanda

11 ára og yngri strákar

1. David Örn Aitken Sævarsson, Þjótanda

11 ára og yngri stelpur

1. Ásrún Júlía Hansdóttir, Þjótanda

Stigakeppnin:

Karlar

1. Umf. Þjótandi	6 stig
2. Dímon	5
3. Umf. Laugdæla	4

Konur

1. Dímon	7 stig
2. Garpur	6
3. Laugdælir	5

Drengir 20 ára og yngri:

1. Umf. Þjótandi	27 stig
2. Dímon	23
3. Umf. Bisk.	17
4. Umf. Laugdæla	12

Stúlkur 16 ára og yngri:

1. Dímon	42 stig
2. Umf. Þjótandi	31,5
3. Umf. Laugdæla	10
4. Garpur	4,5

Fjórðungsglíma Suðurlands 2019

Fjórðungsglíma Suðurlands 2019 fór fram að Laugalandi í Holtum laugardaginn 14. desember. og hófst keppni kl. 11:00. Keppt var á tveimur dýnulögðum völlum í fjórum flokkum stúlkna, þremur flokkum drengja og kvennaflokki. Keppni í karlaflokki féll niður. Alls sendu þrjú félög 31 keppenda til leiks en rétt til þátttöku í Fjórðungsglímu eiga allir félagar íþrótt- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni.

Konur 16 ára og eldri

1. Thelma Rún Jóhannsdóttir, Laugdælum

Stúlkur 13 ára

1. Guðrún Margrét Sveinsdóttir, Dímon

Strákar 13 ára

1. Andreas Haraldur Ketel, Þjótanda

Stelpur 12 ára

1. Svandís Aitken Sævarsdóttir, Þjótanda

Strákar 12 ára

1. Valur Ágústsson, Dímon

Stelpur 11 ára

1. Arna Danielsdóttir, Laugdælum

Stúlkur 10 ára og yngri

1. Elín Friða Geirsdóttir, Dímon

Strákar 10 ára og yngri

1. Sæþór Leó Helgason, Þjótanda

Árangur Skarphéðinsmanna á mótum GLÍ

Bikarglíma Íslands 2018

Fertugasta og sjöunda Bikarglíma Íslands fór fram 11. janúar 2019 í íþróttahúsi Akurskóla í Reykjanessbæ.

Unglingaflokkur kvk +70 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur -70 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur +70 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

3. umferð í Meistarmótaröð GLÍ 2018-2019

Fór fram í Reykjavík 2. mars 2019.

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir



Keppendur í yngsta aldursflokki stúlkna á Fjórðungsglímu Suðurlands.

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

4.-5. Jana Lind Ellertsdóttir

Úrslit í Meistarmótaröð GLÍ 2018-2019

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur +65 kg

3. Marín Laufey Davíðsdóttir

Konur opinn flokkur

3. Marín Laufey Davíðsdóttir

6. Jana Lind Ellertsdóttir

Grunnskólámót GLÍ 2019

Grunnskólámót GLÍ fór fram á Hvolsvelli 16. mars. Grunnskólameistarar úr röðum HSK urðu eftirfarandi:

5. bekkur stelpna

1.-2. Ásrún Júlía Hansdóttir, Flóaskóla

1.-2. Hildur Vala Smaradóttir, Hvolsskóla

5. bekkur stráka

1. Ingvar Máni Bjarnason, Hvolsskóla

6. bekkur stráka, stærri

1. Ingvar Jökull Sölvason, Bláskógaskóla

7. bekkur stráka

1. Andreas Haraldur Ketel, Flóaskóla

8. bekkur stúlkna

1. Erlín Katla Hansdóttir, Flóaskóla

9. bekkur stráka

1. Brynjar Logi Sölvason, Bláskógaskóla

9. bekkur stúlkna

1.-2. Thelma Rún Jóhannsdóttir, Bláskógaskóla

1.-2. María Sif Indriðadóttir, Hvolsskóla

Íslandsglíman 2019

Hundraðasta og níunda glíman um Grettisbeltið og tuttugasta glíman um Freyjumenið fóru fram í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði 23. mars. Í glímuni um Grettisbeltið sigraði Ásmundur Hálfán Ásmundsson, UÍA og hlaut þar með sæmdarheitið glímukóngur Íslands í fjórða sinn. Í glímuni um Freyjumenið sigraði Jana Lind Ellertsdóttir HSK og hlaut sæmdarheitið glímudrottning Íslands í fyrsta sinn. Marín Laufey Davíðsdóttir HSK hafnaði í öðru sæti í kvennaflokki eftir úrslitaglímu við Jönu Lind. Í keppni um fegurðarverðlaun í kvennaflokki skiptu þær stöllur um sæti og Marín Laufey varð hlutskörpust að mati dómnefndar en Jana Lind önnur.

1. umferð í meistarmótaröð GLÍ 2019-2020

Haldin á Ísafirði 12. október 2019.

Konur +70 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

2. umferð í meistarmótaröð GLÍ 2019-2020

Haldin á Hvolsvelli 9. nóvember 2019.

Konur +70 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri

Haldið á Hvolsvelli 9. nóvember 2019. Verðlaunahafar úr röðum HSK urðu eftirfarandi.

Stelpur 10 ára

1. Elín Friða Geirsdóttir

Strákar 10 ára

1. Sæþór Leó Helgason

3. Guðjón Ingi Guðlaugsson

Stúlkur 11 ára

2. Ásrún Júlía Hansdóttir

3. Hulda Guðbjörg Hannesdóttir

Strákar 11 ára

2. David Örn Aitken Sævarsson

3. Pawel Broniszewski

Stúlkur 12 ára

3. Svandís Aitken Sævarsdóttir

Strákar 12 ára

2. Valur Ágústsson

3. Óskar Freyr Sigurðsson

Stúlkur 13 ára

2. Melkorka Álfdis Hjartardóttir

Strákar 13 ára

1. Andreas Haraldur Ketel

2. Heimir Árni Erlendsson

3. Tómas Indriðason

Stúlkur 14 ára

1. Erlín Katla Hansdóttir

2. Hrefna Dögg Ingvarsdóttir

Stúlkur 15 ára

1. Thelma Rún Jóhannsdóttir

3. María Sif Indriðadóttir

3. Aldís Freyja Kristjánsdóttir

Unglingalandsmót UMFÍ 2019

ULM 2019 fór fram á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina 1.-3. ágúst. Unglingalandsmótsmeistarar úr röðum HSK urðu:

Drengir 11-12 ára

1. Ingvar Jökull Sölvason

Drengir 15-16 ára

1. Sigurður Sævar Ásberg Sigurjónsson

Staða HSK fólks á styrkleikalista glímumanna 31. desember 2019

Konur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir - valin glímukona ársins af GLÍ
2. Jana Lind Ellertsdóttir

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glímuráðs HSK árið 2019. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glímusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glímusambandsins.

Fyrir hönd Glímuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Stefán Geirsson, formaður.

Íþróttanefnd eldri félagsmanna

Þátttaka HSK á 9. Landsmóti UMFÍ 50+ á Neskaupstað. Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Neskaupstað dagana 27. – 30. júní 2019. 17 keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í mótinu í boccia, bridds, frjálsum, golfi, pílukasti þönnukökubakstri, ringói og sundi.

Boccia

Lið frá Árborg varð í 2. sæti á mótinu, í liðinu voru þau Emil Þór Guðjónsson, Stella S. Sigurðardóttir og Gústav Adolf Guðnason.

Frjálsíþróttir

Yngvi Karl Jónsson varð landsmótsmeistari fjórum greinum í frjálsum, í hástökki, kringlu, langstökki og lóðkasti og vann auk þess silfur í spjóti og brons í kúlu. Hann setti HSK met í hástökki í flokki 55-59 ára þegar hann stókk 1,35 metra. Markús Ívarsson skráði sig á staðnum í hástökk og fór á kostum og sigraði með 1,10 metra. Hann setti sex HSK met í flokki 70-74 ára í hástökkkeppninni sem er trúlega HSK met í fjölda meta í sömu stökkseríu. Jón M. Ívarsson tók sig til og æfði kringlukast í mánuð fyrir mót með þeim árangri að honum tókst að sigra í fjölmönnum flokki á mótinu, þrátt fyrir að kasta án atrennu. Jón varð síðan annar í kúluvarpi á nýju HSK meti í flokki 70-74 ára, kastaði 8,11 metra. Sigmundur Stefánsson keppti í 70-74 ára flokki og varð annar í kringlukasti, lóðkasti og spjóti, þar bætti hann HSK metið, kastaði 17,86 metra.

Pílukast

Örn Guðnason var á meðal keppenda í pílukasti. Hann varð í 3. sæti eftir hörkukeppni í nýrri grein á landsmóti.

Þönnukökubakstur

Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir tók að sjálfsögðu þátt í þönnukökubakstri og varð í öðru sæti.

Ringó

Það var einvalalið HSK sem tók þátt, en sjö lið kepptu, allir við alla. Liðið vann alla sína leiki og varð landsmótsmeistari. Í liðinu voru Yngvi Karl Jónsson, Ólafur Elí Magnússon og Hólsbræður, Jón og Markús Ívarssynir.

Sund

Ómar Valdimar Franklínsson varð meistari í 50 m skriðsundi og 100 m skriðsundi í flokki 70-74 ára.

Íþróttanefnd fatlaðra

Íþróttanefnd fatlaðra hittist þegar þörf krefur en tölvu- og símasamskipti hafa reynst best. Helstu verkefni nefndarinnar eru héraðsmót í íþróttagreinum sem eru stundaðar á svæðinu og fara þau mót fram í samvinnu við þjálfara viðkomandi greina.

Þau mót sem haldin voru á árinu voru eftirfarandi:



Markús Ívarsson er eini keppandi HSK sem hefur tekið þátt í öllum Landsmótum 50+ frá upphafi.



Yngvi Karl Jónsson varð landsmótsmeistari fjórum greinum í frjálsum á Landsmóti 50+.



Keppendur á héraðsmóti fatlaðra í lyftingum.

Héraðsmót í golfi fatlaðra, 28. ágúst

Mótið var haldið á Ljósafossvelli og voru keppendur 10. Héraðsmótið hefur farið fram á þessum velli undanfarin ár. Þar taka starfsmenn stöðvarinnar ávallt vel á móti mannskapnum og galdra fram pizzaveislu að móti loknu.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Karlar: 1. sæti Eðvald H. Hólmarsson, 2. sæti Reynir Ingólfsson, 3. sæti Árni Bárðarson

Konur: 1. sæti María Sigurjónsdóttir, 2. sæti Telma Þ. Þorbjörnsdóttir, 3. sæti Sigríður E. Kristinsdóttir

Héraðsmót í boccia fatlaðra/liðakeppni, 26. nóvember

Mótið var haldið í Vallaskóla og voru keppendur 25. Tvö félög tóku þátt í mótinu, Gnýr og Suðri, og var ákveðið að draga í lið þannig að keppendur frá hvoru félagi gátu lent í sama liði. Þetta eflir félagsandann og gefur keppendum tækifæri til að kynnst betur. Keppendur gáfu liðum sínum nöfn og voru úrslit eftirfarandi:

1. sæti. Jólalvergarnir: Sigríður Erna Kristinsdóttir, Bjarni Friðrik Ófeigsson og Berglind Hrafnkelsdóttir.

2. sæti. Víkingarnir: Guðrún Jóna Ingvarsdóttir, Reynir Ingólfsson og Leó A. Grönvold Einarsson.

3. sæti. Frostrósir: Telma Þöll Þorbjörnsdóttir, Valdís Jónsdóttir, Ingólfur Andrasen.

Héraðsmót í lyftingum fatlaðra/réttstöðulyftu, 17. desember

Mótið, sem var einnig haldið til minningar um Guðmund Ásbjörnsson, fór fram í Crossfit Selfoss og voru keppendur 8. Úrslit voru eftirfarandi:

Kvennaflokkur: 1. sæti Valdís Jónsdóttir, 2. sæti Sigríður Sigurjónsdóttir, 3. sæti María Sigurjónsdóttir

Karlar: 1. sæti Ólafur Aron Einarsson, 2. sæti Reynir Ingólfsson, 3. sæti Jón Ingi Guðfinnsson.

Héraðsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum er skipulagt af frjálsíþróttaráði HSK og þar tóku fjórir keppendur þátt.

Íþróttanefnd fatlaðra hvetur fólk með fötlun að taka þátt í íþróttum. Rannsóknir hafa sýnt að þær efla líkamlega getu, félagsþroska og jákvæða sjálfsmynd. Fólk með fötlun stundar fjölbreyttar íþróttir hér á landi, bæði með almennum íþróttafélögum og íþróttafélögum fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra if@ifsport.is veitir allar upplýsingar um það sem í boði er og aðstoðar einnig við að koma að nýjungum sem fólk hefur áhuga á.

Þorbjörg Vilhjálmisdóttir

Skáknefnd

Héraðsmót HSK í skák

Héraðsmót HSK í skák fór fram 2. desember 2019 í Tíbrá. Til keppni mættu fjórar sveitir og teltf var á þremur borðum. Mótið var stórskemmtilegt þar sem tefldar voru 15 mín. skákir og gekk mikið á í sumum þeirra.

Úrslit mótsins urðu eftirfarandi:

- | | |
|------------------------|---------------|
| 1. Umf Hekla | 6 vinningar |
| 2. Umf Selfoss A sveit | 5 ½ vinningar |
| 3. Umf Selfoss B sveit | 4 ½ vinningar |
| 4. Dímon | 2 vinningar |

Sigursveit Umf. Heklu skipuðu þeir Jón Þ Þór, Einar Sigurðsson og Martin Patryk Srichakham.

Starfsíþróttanefnd

Nefndin hélt skemmtilegt héraðsmót í Félagsheimilinu Þingborg laugardaginn 25. maí. Var mótið hluti af dagskrá sveitahátíðarinnar Fjör í Flóa.

Keppendur voru í kökuskeppingum fyrir krakka 16 ára og yngri. Krakkarnir máttu keppa sem einstaklingar eða lið. Alls voru 8 lið/einstaklingar sem tóku þátt og keppnin var hin skemmtilegasta. Keppendur fengu 45 mínútur til að skreyta tertubotna sem mótshaldari skaffaði, og margar glæsilega kökur litu dagsins ljós. Í lokin voru allar kökurnar til sýnis fram eftir degi og Gunní og Felix afhentu verðlaun. Í þessum efstu sætum voru þessir krakkar.

1. Álfrún Dilljá Kristínardóttir, Umf. Selfoss
2. Laufey Árnadóttir og Magnús Guðni Emanúelsson, Umf. Þjótanda
3. Ásta Björg Jónsdóttir og Elfa Rún Heimisdóttir, Umf. Þjótanda.

Fleira var ekki á dagskrá nefndarinnar á árinu, en héraðsmótið var vel heppnað og verður vonandi haldið aftur næsta sumar.

F.h. starfsíþróttanefndar HSK
Fanney Ólafsdóttir

Sundnefnd

Sundnefnd HSK stendur fyrir þremur mótum yfir árið.

Aldursflokkmót HSK

Aldursflokkmót HSK var haldið á Hvolsvelli þann 5. maí. Selfoss sigraði með yfirburðum í stigakeppni félaga, hlaut 214 stig, Dímon varð í öðru sæti með 22 stig og Hamar í þriðja sæti 20 stig.

Héraðsmót HSK

Héraðsmót HSK haldið í Laugarskarði Hveragerði þann 6. júní.

Sara Ægisdóttir var stigahæsta sundkona mótsins með sigur í 3 greinum og vann besta afrekið í kvennaflokki fyrir 50 m skriðsund sem gaf 492 stig samkvæmt stigatöflu FINA. Guðjón Ernst Dagbjartsson var stigahæsti karl mótsins með sigur í þremur greinum og vann besta afrekið í karlaflokki fyrir 50m. skriðsund sem gaf 192 stig samkvæmt stigatöflu FINA. Selfoss vann stigakeppnina með 118 stig og Hamar fékk 84 stig.

Unglingamót HSK

Unglingamót HSK í sundi fór fram í Sundhöll Selfoss 17. nóvember 2019. Keppendur voru í þremur aldursflokkum drengja og stúlkna 14 ára og yngri.

Þrjú félög sendu keppendur til leiks. Selfyssingar unnu stigakeppni félaga með yfirburðum, liðið hlaut samtals 159 stig. Hamar varð í öðru sæti með 21 stig og Dímonarkrakkar hlutu 11 stig.

Á unglingamóti HSK í sundi eru alltaf veitt sérstök verðlaun fyrir mestu bætingu milli móta.

Frosti Magnússon úr Dímoni hlaut verðlaunin, synti 50 m bringusund á 1:25,28 mín. Í fyrra synti hann á 1:45,81 mín. sem er bæting upp um 20,43 sek.

Sundbúðir HSK haldnar í Þorlákshöfn

Sundnefnd HSK stóð fyrir sundbúðum fyrir sunddeildir á Suðurlandi síðustu helgina í október. Þær voru haldnar í Þorlákshöfn og voru það sunddeildirnar frá Selfossi, Dímoni og Hamri sem tóku þátt í þeim.



Frá keppni í kökuskeppingum á héraðsmóti í starfsíþróttum 2019.



Frá sundbúðum HSK, sem haldnar voru í Þorlákshöfn.

Markmiðið var að styrkja böndin á milli deildanna, gefa iðkendum tækifæri til að kynna sig og auðvitað synda og æfa sig enn meir undir stjórn þjálfaranna Magnúsar Tryggvasonar og Önnu Rúnar Einarsdóttur. Þórgímur Þráinsson kom í heimsókn og hélt fyrirlestur fyrir krakkana og foreldrana um það hvernig þau gætu haft áhrif á sitt eigið líf og annarra og það hvernig litlir hlutir í lífinu geta skapað stóra sigra. Sundnefnd fékk styrk til námskeiðahalds upp á 40.000 frá verkefnasjóði HSK.

Allir iðkendur sunddeildanna fóru glaðir og ánægðir heim, reynslunni ríkari eftir þessar æfingabúðir.

Sundnefnd HSK vill þakka Grunnskólanum í Þorlákshöfn og starfsfólki sundlaugarinnar í Þorlákshafnar fyrir góðar móttökur sem og styrktaraðilunum SS og Kjöris.

Sögu- og minjanefnd

Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt.

Lísa Thomsen sem starfað hefur í nefndinni frá 1991, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Er henni þökkúð mjög góð störf fyrir HSK og ánægjulegt samstarf í nefndinni.

Nefndin kom alls saman á 6 bókaða fundi og vinnufundi á starfsárinu.

Eins og undanfarin ár gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Lagði nefndin til að Jason Ívarsson yrði útnefndur öðlingur ársins 2019.

Meginverkefni nefndarinnar á árinu var að greina myndir úr myndasafni HSK, en það er varðveitt á Héraðsskjalasafni Árnessýslu. Guðmunda Ólafsdóttir skjalavörður á Héraðsskjalasafni Árnessýslu stýrði greiningarfundunum sem voru sex á árinu. Nefndin kallaði sér til aðstoðar við greiningu myndanna Guðmund Kr. Jónsson heiðursformann HSK, Harald Júlíusson fv. formann nefndarinnar, Lísu Thomsen Búrfelli, Ólaf Einarsson Hurðarbaki, Bjarna Einarsson Hæli, Gunnar Marmundsson Hvolsvelli, Guðrúnu Óskarsdóttur Hvolsvelli, Ólaf Guðmundsson Selfossi og Fanneyju Ólafsdóttur Hurðarbaki. Guðmundu og tilkölldum aðstoðarmönnum er þakkað ánægjulegt samstarf.

Greiningu myndanna miðar vel, en þetta er heilmikið og skemmtilegt verkefni. Myndir HSK og fleiri aðila má skoða á síðunni www.myndasetur.is. Við hvetjum fólk til þess að skoða myndir HSK á síðunni og senda inn ábendingar ef einhverjar myndir eru rangt skráðar eða ef hægt er að bæta skráninguna á einhvern hátt. Það er gert með því að senda inn ábendingu með því að ýta á ábendingarhnappinn sem birtist þegar einstakar myndir eru skoðaðar.

Þorgeir Vigfússon

Velkomin á Selfoss



Sveitarfélagið Árborg býður alla velkomna á 23. Unglingalandsmót
UMFÍ sem haldið verður á Selfossi 31. júlí til 2. ágúst 2020



Á Selfossi er frábær
aðstaða þar sem stutt er
á milli allra keppnisstaða.
Boðið er upp á stórt
tjaldstæði og fjölbreytta
afþreyingardagskrá fyrir
alla fjölskylduna.

Sjáumst á Selfossi

HSK
1910



Sveitarfélagið
ÁRBORG

UMFÍ

Skýrslur aðildarfélaga HSK:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa



Heimir Sigurðsson #16 mætti til leiks fyrir hönd Hreppakappa í tvær umferðir í Íslandsmótnu í Motocrossi árið 2019. Hann mætti í keppnina sem haldin var í Ólafsvík og í keppnina í Bolaöldu. Keppnin í Ólafsvík var sú fyrsta í mörg ár þar sem starfsemi vélhjólafélagsins þar hefur legið niðri. Það var rífið upp veturinn á undan og þessi braut því sett aftur inn í Íslandsmótið. Heimir hafði ekki erindi sem erfiði þegar kom að verðlaunasætum. Hann keppti í svokölluðum Open flokki þar sem stærð mótórs í hjólinu er ekki takmarkaður. Þessi flokkur er hæsta stig Motocross í karlaflokki og jafnast þá á við úrvalsdeild. Open flokkurinn var mjög þétt skipaður þetta árið af reyndum öikumönnum sem allir hafa fleiri en einn Íslandsmeistararitil á bakinu. Þetta árið var flokkurinn því gríðarlega erfiður.

Yngri deild félagsins sneri sér meira að tvihjólafaraskjótum án mótórs. Fjallahjól réðu meiri ríkjum þar þetta árið og sérstaklega svokallað "downhill". En það gengur út á að fara niður brekkur og brautir á fjallahjólum þar sem þyngdaraflíð aðstoðar við að koma hjólinu áfram en þetta krefst engu að síður mikils af þeim sem hjólinu stjórnar. Farin var ferð í Skálafell Bike Park með ungdominn sem naut sín heldur betur í brautunum þar. Þá eru skíðalyfturnar í Skálafelli notaðar til þess að ferja hjól og iðkendur upp fjallið og svo er hægt að velja úr þremur brautum til þess að hjóla niður. Þær eru flokkaðar fyrir byrjendur, lengra komna og svo mjög vana. Á leiðinni eru alls konar beygjur og battar sem og stökkpallar. Yngri deildin hefur verið að sinna þessari grein í sveitinni okkar, en það var rætt á aðalfundi félagsins hvort að félagið gæti ekki komið þeim til aðstoðar. Bæði með því að fara með hópinn aftur í Skálafell eða með því að bæta aðstæður þeirra í sveitinni.

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. desember 2019 þar sem engar breytingar urðu á stjórn félagsins.



Unnið hörðum höndum við breytingar á 5. flöt á Selsvelli.



Miðdalsvöllur sumarið 2019.

Golfklúbbur Ásatúns

Aðalfundur Golfklúbbs Ásatúns var haldinn að Sandhólum 10 Hrunamannahreppi 18. janúar 2020. Lagðir voru fram reikningar og stjórn kosinn, ásamt venjulegum aðalfundastörfum.



Í stjórn voru kosin Sigurjón Harðarson formaður, Eiríkur Stefánsson, Edda Eðvaldsdóttir, Árni Söfussón og Edda Ólafsdóttir. Varamenn eru Grímur Guðmundsson og Valgerður Jana Jensdóttir og endurskoðendur þeir Sighvatur Halldórsson og Hörður Sigurjónsson.

Verkefni stjórnar hafa aðallega farið í utanumhald félaga í klúbbnum, einnig stóð klúbburinn að fjárfestingu á dælubúnaði fyrir vökvunarkerfi Selsvallar sem er heimavöllur okkar. Mikill þurrkur var í sumar, og þurftum við að hlaupa undir bagga með þennan búnað.

Við létum einnig smíða slóðadraga, til þess að slétta undir gervigras sem notað er við stíga á vellinum.

Golfklúbbur Ásatúns fjárfesti í keðjusög til trjágrísjunnar, en mikil grísjun fór fram á Selsvelli um páskana 2019.

Að öðru leiti hafa kraftar okkar stjórnarmanna og félaga farið í að viðhalda ýmsum verkefnum á Selsvelli.

Golfklúbburinn Dalbúi

Golfárið 2019 var með eindæmum gott, bæði fyrir gróður og golfiðkendur. Veðurbliðan og mikil og góð umhirða vallarins skilaði sér í afar fallegum velli hjá okkur í Miðdalnum. Í tilefni 30 ára afmælis klúbbsins var haldið afmælmót sem heppnaðist mjög vel.



Veisluhöld um kvöldið með grilli og góðum veigum var hin mesta skemmtun. Í afmælisveislunni voru nokkrir félagsmenn heiðraðir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Að þessu sinni voru veitt silfurmerki en þeir sem þau fengu eru: Guðmundur H. Sigmundsson, Ragnhildur Bender, Hafsteinn Danielsson, Ómar Þórðarson og Hörður Bergsteinsson. Starfsmerki hlutu þeir Anthony Karl Flores og Eyjólfur Óli Jónsson.

Í tilefni afmælisársins var bryddað upp á ýmsu og má þar nefna að vinningar í mótin voru með öðru sniði en hingað til. Ný skorkort voru hönnuð og prentuð. Eitt og annað var gert til þess að fegra umhverfið og

má þar nefna ný teigmerki og nýjar fjarlægðarstíkur. Æfingasvæðið tók einnig stakkaskiptum í sumar, en það var slegið vel og vandlega og holufánar settir í ákveðnar fjarlægðir. Kylfingar nýttu svæðið alveg ágætlega og fannst mikið til þess koma að lítill klúbbur eins og GD hefði upp á slíka aðstöðu að bjóða.

Í sumar var haldið golfnámskeið fyrir börn undir stjórn Önnu Díu Erlingsdóttur íþróttakennara. Námskeiðið fór fram á æfingasvæðinu. Það heppnaðist vel og endaði í litlu golfmóti þar sem börnin gátu spreytt sig á nokkrum völdum brautum. Dagurinn endaði í pylsu veislu. Stefnt er að því að halda í samvinnu við klúbbhúsinu alltaf opin og gátu gestir annað slíkt námskeið á vordögum.

Fjöldi gesta sem skráði sig í gestabók Dalbúa var um 2.700 í ár. Til samanburðar voru um 1.500 gestir skráðir árið 2018, en gera má ráð fyrir því að einhverjir hafi ekki skráð sig í gestabókina. Líkt og á síðasta ári var forstofan í klúbbhúsinu alltaf opin og gátu gestir því notað snyrtinguna, skráð sig í gestabókina og þeir sem voru borgandi gátu greitt í greiðsluþessann. Almenn ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag hjá félagsmönnum.

Félagsmönnum bæði nýjum og gömlum hefur fjölgað þó nokkuð milli ára, en í dag eru um 108 félagar í klúbbnum samanborið við 73 í fyrra, sem þýðir að það hefur orðið 48% aukning milli ára. Þessa fjölgun má rekja að einhverju leyti til ákvörðunar stjórnar um að bjóða fyrrverandi félagsmönnum að skrá sig í klúbbinn og fá ágætis kjör á félagsgjöldum í tilefni af afmælisári GD. Erlendum gestum fjölgaði einnig milli ára og lýstu þeir ánægju sinni á vellinum.

Stjórn Dalbúa var þannig skipuð á starfsárinu 2019:

Brýndís Scheving, formaður, Böðvar Schram, varaformaður, Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri, Ásbjörn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi, Hafsteinn Danielsson, meðstjórnandi, Ragnar Þórisson, varamaður og Hafþór Guðmundsson, varamaður.

Golfklúbburinn Flúðir

Golfklúbburinn Flúðir hélt uppi öflugum íþrótt- og lýðheilsustarfi á árinu 2019. Sveit GF tók þátt í Íslandsmóti golfklúbba í karlaflokki og vann þar 4. deildina og leikur því í 3. deild á næsta ári.

GF í samstarfi við GSÍ stóð fyrir sveitakeppni eldri kylfinga, 50 ára og eldri í 2. og 3. deild á Selsvelli dagana 16. -18. ágúst og sendi GF sveit til leiks. Framkvæmd mótsins gekk í alla staði mjög vel.





Verðlaunahafar og mótsstjóri í golfmótinu Topp 10 haustið 2019. Frá vinstri: Gísli Gunnar Unnsteinsson, Elias Kristjánsson, Karl Gunnlaugsson og Helgi Guðmundsson, mótsstjóri.

GF stóð fyrir 4 innanfélagsmótum og 6 opnum mótum á árinu og voru þátttakendur tæplega 700, en til samanburðar voru þeir um 580 árið 2018.

Eins og undanfarin ár var unnið að margvíslegum framkvæmdum á vellinum og byggðist starfið að verulegu leyti á sjálfbærðum. Verkefni á vellinum eru í raun óþrjótandi og alltaf er leitast við að bæta og gera vallarsvæðið meira aðlaðandi fyrir þá kylfinga sem sækja okkur heim.

Almenn umferð um völlinn hefur aldrei áður verið meiri eða tæplega 8.600 skráðir hringir og má þakka það annars vegar vaxandi gæðum vallarins og hins vegar góða veðrinu sem lék við okkur í sumar. Til samanburðar voru skráðir hringir árið 2018, rúmlega 6.000 talsins.

Á árinu var stofnuð umhverfisnefnd GF sem leggur áherslu á umhverfisvænan og sjálfbæran rekstur. Í því felst m.a. að draga úr notkun á tilbúnum áburði, áframhaldandi skógrækt á og við vallarsvæðið, öflun vatns til vökvunnar o.fl.

Fyrir dyrum stendur samstarf við Hrunamannahrepp í gegnum verkefnið „Heilsuefandi samfélag“ þar sem ætlunin er tengja þéttbýlið á Flúðum og golfvöllinn saman með göngustígum og stækka þannig útivistarsvæði fyrir almenning.

Rekstur GF gekk vel á árinu, hagnaður varð af reglulegri starfsemi og fjárhagsstaða klúbbsins er sterk. Þá gekk rekstur framkvæmdasjóðs vel, en hann fjármagnar endurbætur á Selsvelli og vélakost klúbbsins í samvinnu við landeigendur á Efra-Seli.

Aðalfundur GF var haldinn þann 15. febrúar. Stjórn GF var þannig skipuð; Árni Tómasson formaður, Edda Svavarsdóttir varaformaður, Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson ritari og meðstjórnendur þau Herdís Sveinsdóttir og Kjartan Birgisson. Vallarstjóri var Unnsteinn Eggertsson og rekstur golfskála og veitinga annaðist Halldóra Halldórsdóttir.

Golfklúbburinn Geysir

Aðalfundur var haldinn þriðjudaginn 4. desember. Stjórn félagsins skipa: Pálmi Hlöðversson, formaður, Gunnar Skúlason, gjaldkeri, meðstjórnendur þeir Einar Tryggvason, Frimann Birgir Baldursson og Hermann Marínó Maggýjarson.

Starfið var eðli samkvæmt gjörólíkt fyrir árum. Eins og í fyrra lá fyrir að miklar skemmdir væru á vellinum, þótt hann hefði náð töluverðum framförum frá fyrra ári. Hann var aldrei opnaður í ár eins og til



stóð en eigendur unnu í því að bæta ástand vallarins og viðhalda því sem var í lagi. Klúbburinn lagði til fræ og áburð til að styðja við það starf.

Ekkert mótaföld var á Haukadalsvelli þetta árið og því ekkert meistaramót frekar en önnur mót. Vonir standa til að völlurinn verði opnaður næsta sumar og að við höldum a.m.k. meistaramót eins og venjan er.

Það voru vaskir menn sem fóru fyrir hönd klúbbsins og kepptu í sveitakeppni GSF. Keppt var í 3. deildinni í ár og var keppt á Húsatóftavelli við Grindavík. Sveit GEY barðist í neðri hlutanum og fór svo að GEY féll niður í 4. deild.

Einar Tryggvason mætti fyrir hönd klúbbsins á þing HSK, sem var haldið á Laugalandi í Holtum. Það fóru fram almenningstörf, gleði og gaman eins og alltaf.

Við í stjórn þökkum samstarfið á liðnu starfsári sem var um allt mjög sérstakt, eins og reyndar í fyrra. Vonum að veðráttan fari betur með völlinn okkar í framtíðinni, þannig að í framtíðinni verði starfið eitthvað nær normalári.

Golfklúbbur Hellsu

Aðalfundur Golfklúbbs Hellsu var haldinn 12. nóvember. Prettán manns mættu á fundinn. Óskar Pálsson var endurkjörinn formaður og er hann að fara inn í sitt 20. starfsár. Breytingar urðu í varastjórn þar sem Loftur Þór Pétursson gaf ekki kost á sér í hans stað kom Friðrik Sölvi Þórarinnsson. Lofti voru þökkud góð störf og Friðrik boðin velkominn til starfa. Allar nefndir eru óbreyttar.

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem gerst hafði á árinu, þakkaði starfsfólki, stjórn og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á árinu.

Stjórnina skipa Óskar Pálsson formaður, Einar Long varaformaður, Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir gjaldkeri, Bjarni Jóhannsson ritari, Guðný Rósa Tómasdóttir meðstjórnandi og Gunnlaugur Karl Skúlason og Friðrik Sölvi Þórarinnsson varamenn. Félagar í klúbbnum eru 126 sem er einum fleira en í fyrra.

Hátvisbikarinn hlaut Guðný Rósa Tómasdóttir og framfaraverðlaun hlaut Ása Margrét Jónsdóttir.

Í þeim innanfélagsmótum sem voru haldin var þátttökan ágæt eða á bilinu 8-15 keppendur í hverju móti en M-mótið sem hafa verið með nokkuð góða þátttöku var léleg þetta sumarið eða 92 hringir sem 56 hringjum færra en síðasta ár.

10.-13. júlí var Meistaramótið haldið keppendur voru 20 auk þess sem að 2 nýliðar kepptu í



Stjórn GHR 2019.

byrjendaflokki sem spiluðu 2 x 9 holur þar sigraði Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir. Klúbbmeistarar eru þau Andri Már Óskarsson og Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir.

1. maí var fyrsta opna mót sumarsins. Eins og í fyrra var styrktaraðilinn Sláturfélag Suðurlands. Keppendur voru 119 í ár, keppendum í þessu móti hefur farið fækkandi síðustu ár enda aðrir klúbbar að halda mót á þessum degi. Lancome-mótið var svo 5. maí og var fullt eins og oftast áður eða 86 konur. Við höldum 1 GSF mót, 2. mótið í Íslandsbankamótaröðinni dagana 31. maí – 2. júní þar voru 126 skráðir til leiks.

GHR sendi ekki sveit í Íslandsmót golfklúbba annað árið í röð, þetta kemur til aðallega af vöntun á kylfingum sem gjaldgengir eru í þessi mót, við höfum verið með í mörg ár nokkuð góða sveit sem stóð sig vel en eins og gengur dettur úr skaftinu og menn eldast og getan kannski ekki eins og áður.

Golfkennsla var í sumar að venju 2x sinnum í viku. Kennari var Gylfi Birgir Sigurjónsson, eins og síðustu ár. Það voru 8 til 13 börn og unglingar sem mættu á þessar æfingar að jafnaði.

Golfklúbbur Hveragerðis

Eftirtaldir skipuðu stjórnina: Össur E. Friðgeirsson, formaður og formaður vallarnefndar, Hafsteinn Bjarnason, varaformaður og formaður húsnefndar, Sveinn Ingvarsson, gjaldkeri og formaður mótanefndar, Vignir Demusson, ritari, Áslaug Dögg Martin, meðstjórnandi, formaður útbreiðslunefndar og formaður barna- og unglinganefndar, Hulda Bergrós Stefánsdóttir, meðstjórnandi og formaður kvennanefndar, Ólafur Ragnarsson, meðstjórnandi, formaður forgjafar- og laganefndar og afreksnefndar, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, varamaður og formaður skemmtinefndar, Arnar Geir Helgason, varamaður og Haukur Hauksson, varamaður.

Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á árinu en sumarið var mjög gott veðurfarslega og vel gekk að fá til okkar hópa sem voru duglegir að kaupa þjónustu í skála, mótaföld gekk frekar rólega framan af en þegar liða fór á sumarið voru haldin mót sem gengu mjög vel t.d. var Vita-golfmótið haldið í annað sinn og heppnaðist það mjög vel, var fjölmennasta mót sem haldið hefur verið á Gufudalsvelli en þátttakendur í því voru alls 286.

Í sumar voru skráðir hringir á Gufudalsvelli um 12.000 samkvæmt golf.is.

Fjöldi félagsmenn GHG jókst nokkuð á árinu og voru fullgildir félagsmenn þann 1. júlí, 16 ára og eldri alls 215 og að auki voru 17 félagsmenn, 15 ára og yngri skráðir í GHG. En eitt af megin verkefnum er að fjölga verulega í þeim hópi.

Störf vegna reksturs klúbbsins voru eins og áður annars vegar unnin af launuðu starfsfólki og hins vegar af sjálfbærðum. Vegna umfangs starfseminnar skiptir miklu máli fyrir klúbbinn að hafa gott fólk





Ungir iðkendur á golfnámskeiði hjá GHG.

í vinnu jafnt á velli sem í skála, það fólk er andlit klúbbsins út á við gagnvart þeim fjölmörgu gestum sem sækja völinn heim og njóta verunnar í Gufudal.

Hvað varðaði umhirðu vallarins þá var hann vel hirtur og skartaði sínu fegursta í allt sumar.

Eins og fram kemur í ársreikningi þá var hagnaður af hefðbundnum rekstri ársins 5,4 millj. kr. skuldir voru lágar í lok reikningsársins og lausafjárstaða klúbbsins góð.

Það er ýmislegt sem klúbburinn þarf á næstu misserum að framkvæma, sumt af því kostar mikið og verður ekki unnið að fullu leiti í sjálfböðavinnu, en mikilvægt er að fara sér að engu óðslega í þessum efnunum og reyna að áfangaskipta helstu framkvæmdum og stilla af framkvæmdahraða við getu klúbbsins á hverjum tíma. Á síðustu árum hefur launakostnaður hækkað nokkuð og fer stærstur hluti ráðstöfunartekna klúbbsins í launagreiðslur en við vonum að það skili sér í bættri þjónustu við félagsmenn og gesti klúbbsins, sem þá skilar sér vonandi aftur í auknum tekjum og aukinni ánægju fólks af veru sinni á Gufudalsvelli.

Mótahald var annars með hefðbundnu sniði þetta sumarið en ber þó kannski sérstaklega að nefna að VITAGolf open mótið um verslunarmannahelgina var sérlega stórt og slegið met í þátttöku og var afar ánægjulegt að sjá og heyra hve þátttakendur voru ánægðir með alla framkvæmd mótsins og ekki síður frábært ástand vallarins.

Almennt má segja að mótahald sumarsins hafi tekist nokkuð vel og var til að mynda góð þátttaka bæði í Friðgeirs og Kjörís mótunum sem haldin voru í ágúst. Fjölmargir komu að framkvæmd þessara móta og ber að þakka þeim þeirra aðstoð og framlag.

Miðvikudagsmótaröðin var á sínum stað í sumar og aftur voru það KFC og Skalli sem voru styrktaraðilar, félagsmenn voru mjög duglegir að taka þátt og full ástæða til að halda þessu móti áfram næsta sumar.

Meistaramóti GHG fór fram 3. – 7. júlí. Segja má að veðrið hafi loks látið á sér kræla eftir mikla þurrka og þurfti að fresta fyrstu tveim dögum mótsins vegna úthellis rigningar og stytta þar með mótið í þrjá daga. Mótinu lauk síðan á sunnudegi eftir skemmtilega og spennandi keppni þar sem þurfti bráðabana í kvennaflokki til að ná fram úrslitum. Eftir skemmtilega daga stóðu uppi sem klúbbsmeistarar þau Elvar Aron Hauksson og Þuríður Gísladóttir.

Það var boðið upp á 2 æfingar á viku í allt sumar fyrir börn og unglunga, undir stjórn Einars Lyng PGA golfkennara. Þátttaka var góð og eru núna

komnir krakkar sem eru að stíga sín fyrstu skref og verður haldið áfram með æfingar fyrir þau í vetur og framhald næsta sumar. Kjarni er að byrja að myndast sem mættir reglulega á æfingar.

Klúbburinn lánar kylvör fyrir til allra aldurshópa og er frítt að æfa hjá GHG.

Þúttmót voru haldin innandyr yfir vetrarmánuðina og voru þau vel sótt og verður reynt að halda þau aftur í vetur og verður það kynnt nánar á heimasíðu klúbbsins.

Karlalið GHG tók þátt í 3. deild í Íslandsmóti golfklúbba, keppnin fór fram í Grindavík og stóðu okkar menn sinn frábærlega og endaði liðið í 4. sæti, og mun leika aftur í 3. deild að ári.

Í sumar tók 50+ kvennaliðið okkar þátt aftur í Íslandsmóti golfklúbba og keppti í 2. deild og fór keppnin fram í Öndverðanesi. Enduðu þær í sjöunda sæti.

Að lokum viljum við þakka öllum styrktar og stuðningsaðilum golfklúbbsins fyrir veittan stuðning við starf klúbbsins, þar má helst nefna Hveragerðisbæ fyrir ómetanlegan stuðning og gott samstarf.

Golfklúbbur Kiðjabergs

Í ár var stjórn Golfklúbbs Kiðjabergs skipuð eftirtöldum:

Börkur Arnviðarson formaður, Brynhildur Sigursteinsdóttir, gjaldkeri, Jónas Kristinsson, ritari, Gunnar Þorláksson og Magnús Þór Haraldsson, meðstjórnendur og Ágúst Friðgeirsson og Jens Magnússon, varamenn.

Fjöldi spilaðra hringja á vellinum samkvæmt golf. is var um 10.500 samanborið við 9.300 árið 2018 sem er um 13 % fleiri hringir 2018.

Veturinn var vellinum hliðhollur og kom hann vel undan. Það hefur því miður verið neikvæð þróun í framboði á vallarstarfsmönnum með reynslu á Íslandi þ.a.l. gerðum við tilraun með að ráða starfsmann frá Englandi og það tókst með ágætum. Við vonum þó að þessari leiðinlegu þróun verði snúið við.

Í vetur var einnig farið í endurnýjun á eldhúsi í veitinga aðstöðu skála sem komið var á tíma. Er eldhúsið nú í góðu standi til framtíðar.

Meistaramót klúbbsins var haldið 10.-13. júlí að venju 4 daga mót og öldunga, unglunga og opin flokkur 2 daga. Klúbbsmeistarar voru í karlaflokki Andri Jón Sigurbjörnsson og í kvennaflokki Margrét Geirsdóttir. 71 þátttakandi var í mótinu og skiptust nokkurn vegin jafnt milli móta.

Mikið fjör var hjá kvennanefndinni eins og

undanfarin ár með reglulega tíma á föstudögum og vegleg kvennamót.

GKB átti sveitir í þremur flokkum í Íslandsmóti golfklúbba, 2. deild karla sem leikin var í Vestmanneyjum. Átti sveitin í smá ströggli enn hélt sér í deildinni. Kvennasveit eldri kyflinga spilaði í 2. deild í Öndverðanesi, urðu í öðru sæti og aðeins hársbreidd frá því að vinna deildina. Karlasveit eldri kyflinga spilaði í 2 deild á Flúðum og enduðu um miðja deild.

GSÍ kynnti á golfþingi niðurstöður úr þjónustukönnun sem Gallup gerði fyrir sambandið. Skoraði klúbburinn langt yfir meðaltali á öllum mælikvörðum sem þar voru notaðir í spurningum og er það gleðilegt.

Golfklúbbur Selfoss

Árið 2019 var stærsta ár Golfklúbbs Selfoss í margvíslegum skilningi og hefur starfsfólk klúbbsins, vallarstarfsmenn og framkvæmdastjóri í samvinnu við golfvallaarkitekt unnið magnað starf til þess að árangur náðist í framkvæmdum og rekstri klúbbsins. Stjórn vill þakka þeim af heilum hug fyrir þeirra framlag sem og þeim félagsmönnum sem lögðu hönd á plóginn við hin ýmsu verk.

Golfklúbbur Selfoss er félagsmenn hans og samheldni þeirra og framlag til starfsins er það sem er mikilvægast til þess að ná árangri. Á tímum eins og núna þegar hæst stendur í kostnaðarsömum framkvæmdum er framlag félagsmanna og allt sjálfböðastarfr hreint ómetanlegt. Öll getum við lagt eitthvað af mörkum með mismunandi hætti og vonandi verður sameiginlegt uppbyggingaráttak til þess að styrkja okkur enn frekar og viðhalda okkar góða félagsanda.

Veðráttá ársins var einstök og hjálpaði það bæði við allar framkvæmdir og til þess að rekstur klúbbsins hefur sjaldan eða aldrei komið jafn vel undan sumri. Það reyndust óþarfa áhyggjur stjórnar og starfsmanna í byrjun sumars að framkvæmdir á svæðinu myndu fæla fólk frá, valda truflun og leiða til lítillar aðsóknar. Hið andstæða reyndist niðurstaðan og völlurinn vel nýttur allt fram á haust.


Af vettvangi ungra kyflinga og keppni á vegum klúbbsins má þess geta að fjöldi ungra og efnilegra kyflinga keppti víðsvegar um land undir merkjum GOS og stóð sig með stakri þrýði og var klúbbum til söma. Fjöldi sveita var sendur til keppni í Íslandsmótum golfklúbba og má til gamans geta þess að sá yngsti sem keppti fyrir hönd GOS var 9 ára á meðan sá elsti var sjötugur. Golfið er leikur allra kynslóða og því felst m.a. fegurð þess.

Þá fór fyrsti kyflingur klúbbsins í háskólagolf í Bandaríkjunum nú á haustmánuðum og fylgjum við spennu með þeim stórkostlega árangri sem hún er nú þegar búin að ná á þeim vettvangi. Það er viðbúið að þetta verði öðrum ungum kyflingum til fyrirmyndar og eftirbreytni á næstu árum og verður gaman að fylgjast með þeirri þróun.

Stjórn GOS skipa Páll Sveinsson formaður, Bjarki Már Magnússon varaformaður, Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri, Svanur Geir Bjarnason ritari og Halldór Morthens, Ástfríður M. Sigurðardóttir og Vignir Egill Vigfússon meðstjórnendur.

Viðurkenningar: Efnilegasti unglungurinn var kosinn Heiðar Snær Bjarnason. Verðlaun fyrir mestu lækkun forjafar hlýtur Arnór Ingi Gíslason. Golfkarl ársins er Aron Emil Gunnarsson. Golfkona ársins er Heiðrún Anna Hlynisdóttir. Ágúst Magnússon og Vilhjálmur Pálsson voru sæmdir heiðursverðlaunum GOS.





Á árinu 2019 var hafist handa við byggingu aðstöðuhúss fyrir Golfklúbb Selfoss og var húsið tekið í notkun 11. janúar 2020.

Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur ársins 2019 var haldinn 10. janúar. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Er stjórn GOT óbreytt og er skipuð eftirfarandi mönnum;

Bjarni Magnússon

forseti, Bogi Pétursson varaforseti, Magnús Már Þórðarson gjaldkeri, Marteinn Þorkelsson ritari og Hilmar Hólmgeirsson, Óli Öder Magnússon, Júlíus Hallgrímsson meðstjórnendur.

Herrakvöld GOT var ekki haldið í ár. Var þetta í fyrsta skipti í mörg ár sem klúbburinn heldur ekki herrakvöld og af augljósum ástæðum var því ekki uppselt. Mikil óvissa er með framhaldið um hvort slíkt herrakvöld verður haldið aftur sem skýrist af mörgum ástæðum en ákvörðun verður tekin með það á næstu vikum.

Sumarstarfið. Stærsta verkefnið í sumarstarfinu var undirbúningur og þátttaka í meistaramóti GOT. Einnig voru haldin nokkur sumarmót sem slógu í gegn. Að venju lét klúbburinn gott af sér leiða og styrkti gott málefni. Stóðu Tuddar vaktina á Kótelettunni eins og undanfarin ár og grilluð styrktarlettur og seldu til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna.

Á sama tíma og stjórnin hvetur klúbbfélaga til virkara félagsstarfs þá vill stjórnin þakka öllum sem komu að starfi klúbbsins í sumar og tóku þátt.

Meistaramót GOT var haldið 8.-10. september í Grímsnesinu og var leikið á tveimur völlum, Öndverðarnesvelli og Kiðjbergsvelli. Heiðursgestur var Magnús Eggertsson. Mótið var haldið með hefðbundnu sniði með keppni milli Rauðra og Svartra, en þó með nokkrum breytingum. Mótstjórn eins og áður var í höndum Einvaldsins. Það kom ekki á óvart að Svarta liðið sigraði að þessu sinni, með yfirburðum. Klúbbmeistari ársins 2019 er Sigurður Elvar Þórólfsen. Skemmtinefndin skipulagði svo skemmtikvöld og aðrar samverustundir. Mikil gleði myndaðist meðal félagsmanna á skemmtikvöldinu. Öll framkvæmd mótsins tókst með miklum ágætum og vill stjórnin þakka öllum þeim sem komu að og tóku þátt.

Sumarmótarið GOT var spiluð í sumar. Þátttaka í mótinu var góð eftir atvikum og var gerður góður rómur að slíkri mótarið. Hvetur stjórnin mótanefnd

að efla þessa mótarið enn frekar á komandi sumri. Sigurvegari mótariðarinn 2019 er Hjörtur Vigfússon og ber því titilinn SumarTuddinn 2019.

Jólahlaðborð GOT var haldið þann 30. nóvember í Kópavogi. Bauð Einvaldur félagsmönnum í nýjar höfuðstöðvar sínar og fór sérstaklega vel um menn. Matarnefndin stóð sig frábærlega eins og áður og ekki má gleyma að minnst sérstaklega á afrek skreytinganefndarinnar. Öll framkvæmd jólahlaðborðsins tókst með miklum ágætum og vill stjórnin þakka öllum sem að komu og tóku þátt.

Lokaorð. Ljóst er að árið 2019 var gott ár í ljósi aðstæðna. Mörg viðfangsefni fengu jákvæða niðurstöðu umfram væntingar og örfá aðeins undir, sem bætt verður úr 2020.

Að því sögðu þá vill stjórnin hvetja félagsmenn til leggja sitt af mörkum til að árið 2020 verði félagsmönnum öllum til mikillar ánægju. Því virk jákvæð þátttaka félagsmanna er lykillinn að velferð klúbbsins.

Golfklúbburinn Úthlíð

Nýliðið ár var eitt það besta sem komið hefur í langan tíma til golfiðkunar og

hirðingar golfvallarins í Úthlíð. Veturinn 2018-2019 var einstaklega mildur og nánast ekkert frost kom í jörðu. Flatinar voru slegnar og völlurinn opnaður þann 26. apríl sem er 3-4 vikum fyrr en venjulega. Nokkrar skemmdir voru í flötunum eftir mjög mikið kal árið á undan en það minnkaði verulega þegar leið á sumarið og var nánast alveg horfið í haust. Síðastliðið sumar var síðan einstaklega sólríkt og veðursælt og af því leiddi að líklega hefur aldrei verið spilað meira á völlum. Þetta skapaði talsvert álag og sérstaklega slitnuðu teignir nokkuð, sérstaklega þeir þar sem ekki var hægt að koma því við að vökva.

Hirðing vallarins gekk vel og munar miklu hvað sláttur er léttari ef það er þurr og hlýtt veður á móti því hvernig það gengur í rigningatið, einnig er álag á vélarnar minna og bilanir fátíðari.

Vallarstarfsmenn voru Marcin Piśkiewicz og Jón Þórðarson. Sá Jón um að slá flatir en Marcin sló brautir og með slátturorfi í kring um tré og teiga. Flatir voru slegnar daglega yfir hásumarið frá byrjun júlí fram í miðjan ágúst en 4-5 sinnum í viku þess utan. Brautir og teigar voru að jafnaði slegnar á mánudögum og

föstudögum en á miðvikudögum voru teigar slegnar og svæðið í kring um flatirnar.

Skráðir félagar í GÚ í bókum GSÍ eru núna 216 og þar af 164 sem eru með GÚ sem aðalklúbb. Nokkur hópur aukafélaga er ávallt í klúbbnum, þ.e. félagar sem hafa ekki spilarétt en eru í GÚ til að hafa aðgang að GSÍ og hafa skráningu á golf.is. Þessum félögum fækkaði aðeins og sama er að segja um fjölda félaga með fulla aðild, þetta má kannski rekja til þess að félagar eru almennt að eldast og nýir félagar koma ekki í sama mæli inn í klúbbinn mögulega vegna þess að ungt fólk kaupir sér ekki sumarþústaði í sama mæli og áður var.

Fyrirtækjum og félagasamtökum sem kaupa frikort á völinn fækkaði einnig aðeins og munaði þar mestu um að starfsmannafélag ÍSAL keypti engin kort í sumar.

Mótahald gekk vel og voru mót sumarsins yfirleitt vel sótt. Fyrirtækið Margt Smátt var aðal styrktaraðili vormótsins sem að venju var í byrjun júní. Vormótið er ávallt punktakeppni í karla og kvennaflokki og sigurvegarar núna voru Sigurborg Gunnarsdóttir og Jóhannes L. Harðarson.

Miðsumarmótið 2019 var heiðrað minningu Reynis bakara, góðs stuðningsmanns klúbbsins alla tíð. Einnig bar það upp á afmælisdag Björns bónda í Úthlíð. Mótið var sérstaklega vel heppnað. 100 spilarar luku keppni í einstakri veðurbliðu.

Meistaramótið var haldið um miðjan júlí. Klúbbmeistarar urðu Bjarki Þór Davíðsson og Sigurborg Gunnarsdóttir. Geirs goða mótið sigruðu Björn Guðjónsson sem fékk Geirs goða bikarinn til varðveislu og Dýrleif Arna Guðjónsdóttir sem fékk Höllubikarinn.

Mótarið hjóna- og parakeppninnar sigruðu Böddi og Þorgerður, alls voru 5 mót í röðinni í sumar en voru misvel sótt. Sumrinu lauk með skemmtilegri bændaglímu þar sem lið Jónu Lár bar sigurorð af liði Bylgju Valtýsdóttur.

Að lokum þökkum við öllum sem lagt hafa klúbbnum lið á árinu sem er að liða, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, sjálfboðaliðum og öðrum sem styrkt hafa klúbbinn.

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar starfsárið 2019 var þannig skipuð: Guðmundur Baldursson formaður, Magnús Ingvason varaformaður, Ingvar Jónsson ritari, Magnús Joachim Guðmundsson gjaldkeri, Óskar Logi Sigurðsson meðstjórnandi, Ásta Júlía Jónsdóttir og Óskar Gíslason varamenn.

Árið 2019 var okkur hagstætt að mörgu leiti. Veðrið lék við okkur oft og tíðum, reyndar svolítt þurrkur um tíma. Starf golfklúbbsins helgaðist mikið eins og undanfarin sumar á rekstri golfvallarins, þeim breytingum og framkvæmdum sem unnið er að þar. Breytingum á völlum miðar hægt en örugglega og má reikna með að þeim ljúki að mestu leiti á næstu tveimur árum. Núna á vörmánuðum verður völlurinn opnaður með nýju skipulagi og áhugavert verður að vita hvernig breytingunum eða breyttum velli verður tekið. Það eru spennandi tímar fram undan hér hjá okkur.

Skráðir félagar golfklúbbsins voru um áramótin 317. Þetta er fjölgun frá fyrra ári um 34 félaga. Unglingastarfið í sumar var eins og áður í umsjá Ingvars Jónssonar PGA golfkennara. Gekk unglingastarfið mjög vel og var heildarfjöldi þátttakenda 38 þetta sumarið. Þátttakan og áhuginn í sumar var það mikill að gera má ráð fyrir að æfingatímabilið næsta sumar verði lengt og horfum við til þess að komast





Verðandi 18. braut á Þorlákssvelli.

í innanhúsaðstöðu eins fljótt og hægt er til að geta haldið úti æfingum yfir vetrartímann.

Kvennastarfi GP undir stjórn Ástu, Elínar og Valdísar gekk vel. Það var góður hópur kvenna sem spilaði reglulega saman allt sumarið.

Ingvar Jónsson sá um kennslumál fyrir klúbbinn, þar á meðal að leiðbeina bæði hópum og einstaklingum.

Aðsókn að vellinum var talsvert meiri en árið á undan eða fjölgun spilaðra hringja um 35% og síðustu tvö ár er aukningin um 69%. Sumarið var okkur hliðholtt veðurlega séð og má að einhverju leiti þakka þessa fjölgun því, en ekki síður að völlurinn er alltaf að verða betri og betri og almenn ánægja er með þær breytingar sem búið er að gera á vellinum. Ekki má gleyma því að Þorlákssvöllur er sá golfvöllur sem einna lengst er opin árlega og ákveðin forréttindi að geta spilað á vellinum að jafnaði sjö til átta mánuði á ári eða lengur. Þetta er nánast eini völlur landsins sem er með opið inn á sumargræn allt árið.

Mótahald hjá GP var talsvert þetta árið. Fyrsta stigamót ársins hjá GSÍ, Egils – Gull mótið, var haldið hjá okkur, þar keppa allir bestu kylfingar landsins. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt stigamót er haldið hér og var almenn ánægja með hvernig til tókst. Þá var haldið hér Íslandsmót golfklúbba 18 ára og yngri. Ýmis önnur mót voru hjá okkur m.a. Black Sand open mótið, sem haldið var 1. maí. Þetta mót er árlegt mót og þá á þessum tíma. Innanfélagsmót voru átta talsins og voru þau með svipuðu sniði og áður. Nokkuð góð þátttaka var í þessum mótum. Meistaramót GP var haldið í júlí þar sem keppt var í fjórum flokkum karla og einum flokki kvenna. Þórður Jónsson varð klúbbmeistari karla og Dagbjört Hannesdóttir klúbbmeistari kvenna.

Aðalfundi GP er nýlokið og var fjárhagsleg afkoma á árinu betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Afkoma eftir afskriftir og fjármagnsliði var tæplega 3.5 millj. kr. hagnaður. Við getum verið þökkalega sátt með árangurinn miðað við allar þær framkvæmdir sem unnið var að.

Á aðalfundinum voru veittar heiðursviðurkenningar til þriggja einstaklinga fyrir frábær og óeigingjörn störf í þágu golfklúbbsins á undanförnum árum. Þeir sem fengu heiðursviðurkenningu voru Hannes Gunnarsson og hjónin Gunnar Halldórsson og Valdís Magnúsdóttir.

Öll stjórn golfklúbbsins var endurkjörin.

Stjórn GP þakkar starfsfólki og félögum öllum fyrir ánægjulegt starfsár.

Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ fyrir árið 2018-2019 var haldinn 24. nóvember 2019. Leiknir hringir í Öndverðarnesi voru um 12.000, eða um 3.000 hringjum meira en árið 2018. Tekjur klúbbsins jukust um 10 milljónir milli ára og voru rúmar 56 milljónir. Gjöldin jukust aðeins um 2 milljónir og voru rúmar 44 milljónir. Hagnaður var um 11,5 milljónir og jókst um 9 milljónir milli ára. Starfsmenn í fullu starfi voru Sveinn Steindórsson, framkvæmda- og vallaarstjóri og Ólafur Dór Steindórsson, aðstoðarvallaarstjóri.

Stjórn GÖ 2019 var skipuð eftirfarandi Knútur G. Hauksson formaður, Guðmundur Pálmason varaformaður, Brynjar Stefánsson ritari, Guðlaug Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Hannes Björnsson meðstjórnandi, Aðalsteinn Steinþórsson varamaður, Þórhalla Arnardóttir varamaður.

Hestamannafélagið Geysir

Stjórn félagsins á árinu 2019 er Ólafur Þórisson formaður, Davíð Jónsson varaformaður, Brynja Jóna Jónasdóttir gjaldkeri, Magnús Lárusson ritari, Alma Gulla Matthíasdóttir meðstjórnandi og varamenn eru Sigvaldi Lárus Guðmundsson og Hjörvar Ágústsson. Aðalfundur Geysis var haldinn 25. febrúar í Rangárhöllinni við Helli.

Hefðbundið vetrarstarf hófst með Uppskeruhátíð Æskunnar hjá Geysi í janúar þar sem allir fengu viðurkenningarspjald fyrir þátttöku í námskeiðum og öðru starfi æskulýðsnefndar Geysis. Föndurkvöld og óvissuferð æskulýðsnefndar voru í febrúar og mars. Vetrarmótin voru á sínum staði í upphafi hvers mánaðar feb, mars og apríl. Páskahoppmót fór fram í fyrsta skipti þar sem keppt var í hindrunastökki og tókst vel. Mótarið Æska Suðurlands sem er samvinnuverkefni allra hestamannafélaga á Suðurlandi fór fram í mars, keppt er í 6 greinum í barna-, unglinga- og ungmennaflokki og keppt í þremur höllum það er Flúðum, Rangárhöll Helli og á Selfossi. Tókst þessi mótarið mjög vel. Suðurlandsdeildin fór fram þriðja veturinn í röð, þátttakan var góð og mikil ánægja með deildina í heild sinni meðal hestaáhugamanna



Klúbbmeistarar GÖ 2019, þau Þórir Björgvinsson og Ásgerður Sverrisdóttir.

hér á Suðurlandi. Svo var Æskulýðssýning Geysis þann 1. maí haldin í annað skipti og tókst frábærlega, rúmlega 80 krakkar tóku þátt í sýningunni og um 200 manns komu til að horfa á.

Mótahald sumarsins var einnig með hefðbundnum hætti. Gæðingamótið var haldið í byrjun júní, Áhugamannamót Íslands var haldið í lok júlí, Suðurlandsmót yngri-flokka og WR Suðurlandsmót var haldið í ágúst ásamt því að Meistaramót Íslands (gæðingamót) var haldið í fyrsta skipti og var það haldið á Rangárbökkum við Helli.

Fræðslunefndin var með nokkra viðburði á liðnu starfsári og tókust þeir viðburður með eindæmum vel. Má þar nefna sýnikennsla sem fram fór í Sumarliðabæ og svo komu á annað hundrað gestir á fyrirlestur með Eyjólf Ísólfsyni á haustdögum.

Æskulýðsnefnd Geysis hlaut Æskulýðsbikar Landsamband hestamannafélaga fyrir frábært æskulýðsstarf 2019.

70 ára saga Geysis var rituð á árinu í tilefni af 70 ára afmæli Hestamannafélagsins Geysis. Bókin var gefin út í nóvember 2019 og er til sölu fyrir áhugasama.

Uppskeruhátíð og afmælishátíð Geysis var svo haldin 23. nóvember og voru um 200 manns á hátíðinni sem tókst frábærlega vel í alla staði.

Hestamannafélagið Logi

Aðalfundur var haldinn 16. apríl 2019 á Skjólí. Það urðu engar breytingar á stjórninni þetta árið. Árið 2019 var stjórn félagsins þannig skipuð: Freydis Örlýgsdóttir formaður, Trausti Hjálmarsson varaformaður, Helga María Jónsdóttir gjaldkeri, Sjöfn Sóley Kolbeins ritari og Gústaf Loftsson meðstjórnandi.

Starf Hestamannafélagsins Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2019.

Hestamannafélagið Logi varð 60 ára 22. febrúar, og bauð félagið öllum félagsmönnum í kótilettur með öllu tilheyrandi af því tilefni.

Haldið voru reiðnámskeið í reiðhöllinni á Flúðum í samstarfi við Hestamannafélagið Smára og voru þau vel sótt.

Æskulýðsnefndir Loga og Smára sameinuðust 2019 og var mjög fjölbreytt starf árið 2019.

Að þessu sinni voru tvö reiðnámskeið haldin í Hrisholti í júní og júlí og í framhaldi var haldin firmakeppni á mótswæði Logamanna í Hrisholti. Á undanförnum árum hefur samstarf hestamannafélaganna í uppsveitum aukist mikið og hélt það áfram 2019. Sameiginleg Uppsveitadeild fullorðinna og æskunnar voru haldin yfir vetrarmánuðina. Allir þessir viðburðir hafa vakið athygli og hleypt miklu lífi hestamennsku í Uppsveitunum.

Reiðhöllin á Flúðum hefur sannað sig á undanförnum árum sem mikilvægur hlekkur í starfi





Æskulýðssýning Geysis 1. maí.

félaga í hestamannafélögunum og vel nýtt yfir vetrarmánuðina.

Föstudaginn 21. júní var svo kvennareíðtúrinn með Traustakonum. Að þessu sinni héldu Traustakonur reíðtúrinn og hittust konurnar í Miðengi í Grímsnesi þar sem riðinn var hringur í kringum Keríð og endað var svo aftur í Miðengi þar sem grillað var og sungið. Það er gaman að sjá að það fjölgar alltaf konunum sem mæta í þennan reíðtúr.

Um verslunarmannahelgina var svo þriggja daga reíðtúr um okkar fallegu sveit, þar sem þátttakan var mjög góð.

Að þessu sinni var ákveðið að halda engan haustfund heldur halda haust- og aðalfund saman árið 2020.

Hestamannafélagið Sleipnir

Starfsárið hófst í byrjun janúar og var með hefðbundnu sniði. Námskeiðahald fyrir börn, unglinga og ungmenni hófst seinnihluta janúar, stóð fram í maí og lauk með hinu árlega Hestafjöri Sleipnis. Hestafjör er einksonar uppskeruhátið námskeiða vetrarins þar sem nemendur á námskeiðum sýna listir sínar. Hestafjörrið var vel sótt enda litríkur viðburður sem hefur unnið sér sess í starfi félagsins.

Skráðir þátttakendur í vetrar og vor námskeiðum Æskulýðsnefndar félagsins 2019 voru um 100 talsins. Aðalfundur Sleipnis var haldinn 23. janúar og var vel sóttur. Árleg þórrareíð var haldin en vel á annað hundrað félagsmanna tóku þar þátt. Vetrarmótaröðin var að venju á dagskrá, hófst í febrúar og lauk í apríl.

Í apríl var haldið Páskatölmót, Firmakeppni og Skírdagsreið auk Kvinnakvölds félagsins sem eru árlegir viðburðir. Á tímabilinu frá maí til júní voru nokkrir viðburðir. Fánareíð félagsins í 1. maí skráðgöngunni, WR íþróttamót, og árlegur baðtúr Sleipnismanna þar sem riðið er niður á Eyrabakka og sundriðið í sjónum. Övissuferð Æskulýðsnefndar var farin í lok maí en þar er farið með börn og unglinga í félaginu í dagsferð út í óvissuna, árlegur viðburður sem ávallt er mikil ásókn í. Gæðingamót og árleg þriggja daga sumarferð Sleipnis voru svo í júní. Sumarskóli Sleipnis, með reiðnámskeið fyrir þau börn, unglinga og ungmenni sem ekki hafa aðgang að hestum og búnaði, var starfræktur í júní og fram í ágúst auk þess sem boðið var upp á samskonar

námskeið í október og nóvember. Fjöldi þátttakenda á þessum námskeiðum var um 230.

Síðsumarsýning og árlegur síðsumarsreiðtúr var að venju í ágúst og var riðið niður í Flóa að félagsheimilinu Félagslund, þar sem kvenfélögin í Flóahreppi voru með kaffiveitingar. Á annað hundrað reiðmanna voru þar á ferð í blíðskaparveðri.

Í október var haldin uppskeruhátið samhliða 90 ára afmælishátið félagsins í Hvíta húsinu á Selfossi og var uppselt á viðburðinn. Í árvarpi formanns kom fram að hafnar væru framkvæmdir við áður samþykktu 250m2 viðbyggingu við reiðhöll félagsins á Brávöllum auk þess sem kynnt var að samningar hefðu náðst um stækkun félagssvæðisins sem tryggir framþróun félagsins til lengri tíma.

Stjórn Sleipnis kom á framfæri þakklæti til alla þeirra félaga sem lagt hafa hönd á plóg með sjálfbæðastarfi fyrir hestamenn og hestamennsku á svæðinu á liðnum árum og um leið eftir félagsandann



Olil Amble og Álfarinn frá Syðri-Gegnishólum, Íslandsmeistari í fimmgangi, kepptu í fimmgangi með landsliði Íslands á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Berlín.

sem og styrkt stóðir hestamennskunnar í Árborg og Flóahreppi. Sleipnir átti fimm Íslandsmeistara á árinu en þau eru: Olil Amble Íslandsmeistari í fimmgangi, Sigursteinn Sumarliðason Íslandsmeistari í samanlögðum fimmgangi, Glódís Rún Sigurðardóttir Íslandsmeistari í tölti T1 unglingaflokki og Védís Huld Sigurðardóttir Íslandsmeistari unglinga í samanlögðum fjörgangi.

Heiðursfélagar ársins 2019 voru þeir Jón Sigursteinn Gunnarsson og Haraldur Þórarinnsson fyrir ómetanleg störf í þágu félagsins og hestamennskunnar um árabil. Félagar ársins voru þau Ingibjörg Stefánsdóttir og Sigurvaldi R. Hafsteinsson fyrir frábær og virk félagsstörf á liðnum árum. Mikil gróska var í félagsstarfinu og er fjöldi félagsmanna Sleipnis enn 6% af íbúafjölda Árborgar og Flóahrepps þrátt fyrir mikla fjölgun íbúa í báðum sveitafélögum.

Hestamannafélagið Smári

Aðalfundur Smára 2019 var haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum 27. janúar. Stjórn Smára skipa Hulda Hrönn Stefánsdóttir formaður, Rósa Birna Þorvaldsdóttir varaformaður, Elín Moqvist gjaldkeri, Ragnheiður Hallgrímsdóttir ritari og Jón William Bjarkarson meðstjórmandi.



Eftir aðalfund fóru helstu nefndir á fullt að vinna í sínu starfi, en nefndir á vegum Smára eru æskulýðsnefnd, mótanefnd, firmanefnd, reiðveganefnd, vallarnefnd og útreiðanefnd.

Æskulýðsnefnd stóð sig vel að vanda, en gott samstarf er með æskulýðsnefnd Loga, gaman er að sjá hvað félögin starfa vel saman við nýliðun og uppbyggingu æskulýðsstarfs í uppsveitunum. Margt var í boði bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Æska Suðurlands er ný mótaröð sem félögin á Suðurlandi tóku sig saman að halda og byrjaði hún í ár. Félögin skiptast á að halda mótin og gekk þetta fyrirkomulag nokkuð vel. Uppsveitadeild æskunnar hætti eftir mörg góð ár en þátttakan var farin að verða lélegri, sú deild var mikil lyftistöng fyrir æskulýðsstarfið okkar.

Mótanefnd stóð sig einnig vel en hún sá um vetrarmótin og sameiginlega páskatölmótið. Síðustu tvö ár hefur verið breyting á vetrarmótunum en sú breyting hefur lagst nokkuð vel í keppendur, þátttaka var alltaf að minnka og er þetta nýja form hluti af því að reyna að rífa upp vetrarmótin. Allar breytingar þurfa smá tíma til þess að aðlagast og stöðjum við mótanefndina að halda áfram sínu góða starfi. Páskamótið var vel sótt en það er haldið með nágrannafélögum okkar Loga og Trausta. Mótanefnd mun segja betur frá sínu starfi í skýrslu mótanefndar.

Uppsveitadeildin 2019 hófst þann 1. febrúar með fjörgangi. Sjö lið kepptu í fjórum greinum og endað var með smala, í ár var Uppsveitadeildin opnuð svo keppendur komu víða að. Smári átti marga keppendur sem stóðu sig vel og voru oft í verðlaunasætum. Virkilega skemmtileg deild sem er orðin fastur liður í hestamennskunni í uppsveitunum.

Firmakeppni Smára var haldin 1. maí að venju, þátttaka var mjög góð eða um 60 skráningar. Veðrið var gott og fjölmenntu félagar á svæðið okkar bæði akandi og riðandi. Eftir keppnina bauð félagið upp á grillaðar pylsur. Stjórn Smára þakkar öllum þeim sem keyptu firma, en gaman er að segja frá því hvað allir eru jákvæðir að kaupa firma af félaginu. Firmanefndin safnaði yfir 100 firmum og er allur ágóðinn nýttur í starf og uppbyggingu félagsins.

Reiðvegum fjölga hjá félaginu, þótt það sé mikið eftir, við viljum þakka þeim sem fórna sínum tíma

og tækjum í reiðvegagerð hjá félaginu. Með þessari sjálfböðavinnu er hægt að framkvæma verkin hraðar og kostnaður því minni.

Íslandsmót í hestaíþróttum fór fram í Reykjavík dagana 2- 7. júlí. Hestamannafélagið Smári átti glæsilega fulltrúa á mótinu sem við erum gríðarlega stolt af. Þar af eignaðist Smári einn Íslandsmeistara, Sigrúnu Högnu Tómasdóttur. Við óskum henni og öllum fulltrúum Smára innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

Sigrún Högnu Tómasdóttir var Íslandsmeistari í fimmgang unglinga með einkunnina 6.57.

Thelma Dögg Tómasdóttir og Bósi frá Húsavík lentu í 4. sæti fimmgangi ungmenntaflokk með 6.9 og í 2. sæti í slaktaumatölti ungmenntaflokk með einkunnina 6.79. Hún keppti einnig á Mörtu frá Húsavík. Þær lentu í 7. sæti tölti með einkunnina 7.06 og 6. sæti í fjórgang með einkunnina 6.9.

Þórarinn Ragnarsson og Leikur frá Vesturkoti kepptu í fjórgang þar sem að þeir enduðu í 7. sæti með einkunnina 7.37. Hann keppti einnig á Hring frá Gunnarsstöðum í tölti og enduðu þeir í 6. sæti með einkunnina 8.06.

Þórey Þula Helgadóttir keppti í 100m flugskeiði á Þóttu frá Hvammi 1, tíminn var 8:34 og 3. sætið.

Aron Ernir Ragnarsson og Váli frá Efra Langholti kepptu í tölti og enduðu í 12. sæti í b-úrlistum.

Við höldum glæsilegt opið Landstólpa-gæðingamót með Trausta í sumar. Þetta er þriðja árið í röð sem við höldum þetta mót með þessu formi og hefur Landstólpi verið styrktaraðili mótsins öll þessi þrjú ár. Við þökkum þeim fyrir stuðningin og þeirra framlag til hestamennsku í uppsveitunum. Mótið hefur fengið mjög góðar viðtökur og þátttökan virkilega góð, við getum verið stolt af þessari glæsilega móti okkar. En svona stórt mót er ekki hægt að halda nema með mikilli vinnu og sjálfböðastarfi, við þökkum öllum þeim sem hjálpuðu okkur að halda mótið kærlega fyrir.

Hestamannafélagið Smári veitir farandsverðlaun fyrir hæsta Smárafélaga í eftirtöldum flokkum. Í barnaflokki hlaut Magnús Þór á Ós frá Ósabakka þau ásamt ásetuverðlaunum. Í unglingaflokki hlaut Þorvaldur Logi á Sögu frá Miðfelli 2 þau ásamt ásetuverðlaunum. Enginn þátttakandi frá Smára var í ungmenntaflokki. Í B-flokki gæðinga hlaut Leikur frá Vesturkoti og Þórarinn Ragnarsson verðlaunin. Hreppasvipan er veitt efsta Smárafélaga í A-flokki og það var Ronja frá Vesturkoti og Þórarinn Ragnarsson sem hlutu hana.

Í byrjun árs var Rósa Birna Þorvaldsdóttir með sýnikennslu í reiðhöllinni og var hún ágætlega sótt, námskeiði voru síðan haldin með henni í framhaldinu. Boðið var upp á fjögur skipti og gat hver valið um að mæta eftir þörfum.

Pilates námskeiðið var haldið og var þátttaka góð, Heiðrún Halldórsdóttir kom og kenndi okkur góðar æfingar.

HSK þing var haldið 14. mars á Laugarlandi á Holtum, tveir fulltrúar félagsins sátu þingið.

Hestanudd og heilsa, fyrirlestur og sýnikennsla var haldin 18. nóvember í reiðhöllinni. Kennari var Auður G. Sigurðardóttir. Námskeiðið var ágætlega sótt.

Við þökkum öllum sem tóku þátt í viðburðum félagsins eða lögðu félaginu lið okkar bestu þakki.



Dimon vann stigakeppni félaga í stúlknaflökki á héraðsmótinu í glímu.

Íþróttafélagið Dimon

Starf Íþróttafélagsins Dimonar á árinu 2019 hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt að vanda. Við höfum haldið úti æfingum í 10 íþróttagreinum svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Æfingar eru fyrir alla aldurshópa og er ánægjulegt að segja frá að fjölbreytni í framboði er að aukast fyrir fullorðna. M.a. var á árinu boðið upp á sundnámskeið fyrir fullorðna og verður það auglýst aftur eftir áramótin. Nýliðar voru boðnir velkomnir í kvennablaði með blaknámskeiði á haustdögum og á borðtennisæfingum, sem og í eldri hóp í taekwondo er fullorðnum velkomnið að æfa með. Að vanda nær félagið einnig oft að manna lið fullorðinna á mót í karlablaði, ringó o.fl. Akveðinn kjarni sækir einnig skákmót og keppir fyrir hönd félagsins. Þó ekki séu skipulagðar skákæfingar fyrir börn og unglinga eru skákborðin í skólanum mjög vinsæl og Óli Elí hnippir reglulega í efnilega skákmenn sem sækja mót. Deildir hafa margar verið mjög virkar á árinu og sem fyrr eru það íþróttæfingar fyrir börn og unglinga sem eru aðalverkefni félagsins. Við eigum alltaf efnilega glímukrakka og einnig er mikill vöxtur og gott gengi iðkenda á mótum í sundi, fimleikum, frjálsum, borðtennis og taekwondo. Einnig æfa fjölmennir hópar blak, badminton og körfu/handbolta. Við höfum fengið til liðs við okkur nýja þjálfara. Meðal annars pólska keppniskonu í sundi, Patrycja Gaj.

Aðalfundur Dimonar var haldinn 24. febrúar 2019. Þar lét Ásta Laufey Sigurðardóttir af störfum sem gjaldkeri félagsins en hún hefur verið mjög lengi í stjórn og eru henni þökkúð ómetanleg störf í þágu félagsins, reyndar er hún okkur enn innan handar og gott að leita til hennar. Kristín Jóhannsdóttir vék einnig úr stjórn félagsins eftir gott starf. Nýir í aðalstjórn komu Ástvaldur Helgi Gylfason gjaldkeri og Ólafur Elí Magnússon, sem meðstjórnandi. Inga Birna Baldursdóttir er ritari, Gina Christie meðstjórnandi og Arnheiður Dögg Einarsdóttir formaður. Varamenn eru Anna Runólfssdóttir, Magnús Ragnarsson og Elísabet Lind Ingólfssdóttir.

Helstu fjáraflanir félagsins hafa verið auk félagsgjalda, æfingagjöld, dósasöfnun og páskabingó. SS styrkir félagið með auglýsingum sem nýtast til niðurgreiðslu búningakaupa. Auk þess safnar félagið rúlluhólkum fyrir Torf túnþökuvinnslu sem á móti styrkir félagið. Rangárþing eystra styður einnig myndarlega við félagið og foreldrar, iðkendur



og þjálfarar inn auk þess mörg handtökin af hendi í þágu félagsins. Þetta allt gerir okkur kleift að halda uppi þróttmiklu starfi félagsins.

Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn 26. mars að Laugalandi í Holtum. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að Birgir Örn Hauksson lét af störfum og gekk Árbjörg Sunna Markúsdóttir inn sem fulltrúi yngri iðkenda. Stjórn Garps skipa Jóhanna Hlökkversdóttir formaður, Friðgerður Guðnadóttir gjaldkeri og Áni Pálsson ritari. Aðrir meðlimir stjórnar eru Guðný Salvör Hannesdóttir varamaður og Árbjörg Sunna Markúsdóttir sem fulltrúi yngri iðkenda.

Starfsemi Garps var með svipuðu sniði og síðastliðin ár. Boðið var upp á æfingar í frjálsum íþróttum, glímu, körfubolta, borðtennis og sundi. Þjálfarar Garps eru Haraldur Gísli Kristjánsson og Birgir Örn Hauksson í frjálsum íþróttum, Sóley Margeirsdóttir með sund, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson með körfubolta og borðtennis og Kristinn Guðnason með glímu. Æfingar í frjálsum íþróttum voru haldnar á Brúarlundi yfir sumarið og var þátttaka góð.

Á haustmánuðum var tekið upp samstarf með Ungmenntafélaginu Heklu í frjálsum íþróttum. Ástþór Jón Ragnheiðarson kom inn sem þjálfari og hefur árangurinn hefur ekki látið á sér standa.

Sótt voru á árinu ótal borðtennis- og frjálisíþróttamót. Árangur iðkendanna hefur verið til fyrirmyndar og sjáum við bætingar á hverju íþróttamóti. Er það helst að þakka metnaður hjá þjálfurum og iðkendum til er til fyrirmyndar, bæði utan vallar sem innan.



Garpstelpur á verðlaunapalli á aldursflokkamóti HSK í frjálsum.

Útkeyslupjónusta félagsins á aðfangadag var vel nýtt þetta árið sem endranær og gekk vel. Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar féluginu og eru honum færðar innilegar þakkir fyrir framlag sitt.

Við hjá Íþróttafélaginu Garpi erum stolt af krökkunum okkar og gerum okkar besta við að veita þeim gott vegað til framtíðar.

Íþróttafélagið Gnýr

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gnýs á Sólheimum var miðvikudaginn 8. janúar. Stjórn Íþróttafélagsins Gnýs skipa: Formaður María K. Jacobsen, varaformaður Eyþór Jóhannsson, gjaldkeri Valgeir F. Backman og ritari Leifur Þór Ragnarsson.



Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs, stofnað 1983. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar sem er blandaður hópur einstaklinga fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Þjálfari íþrótt- og bocciaæfingum er Valgeir Fridolf Backman um 16 manna hópur æfir Boccia reglulega 1-2 sinnum í viku.

Leifur Þór Ragnarsson og Valgeir fóru á þjálfaranámskeið 16. og 17. feb.

María K. Jacobsen og Valgeir sóttu héraðsþing HSK 14. mars.

Morgunleikfimi Rásar 1 hefur verið fastur liður í áraðar og stundum tvisvar á dag.

Íslandsmót liðakeppni var í 6.-7. apríl í Laugardalshöll og sendi Gnýr fjögur lið, í öðru sæti voru þau Leifur, Erla Björk og Dís en Berglind, Kamma og Rúnar náðu þriðja sæti sínum flokki.

Kvennalaup Sjóvá 15. júní á Sólheimum var vel sótt. Sólheimalaupið og Frískir flóamenn hlupu 21. september og hlaut Elfa Björk Jónsdóttir framfarabikarinn 2019.

Íslandsmót IF í einliðaleik haldið í Ísafirði 4.-6. okt.

Sex keppendur Íþróttafélagsins Gnýs með 2 fylgdarmönnum fóru á þetta stóra og vel skipulagða, skemmtilega mót.

Héraðsmót Íþróttanefndar fatlaðra HSK var 26. nóvember í Vallaskóla og það var mikið gaman.

Menningarveisla Sólheima var í allt sumar og fengum við fjölmarga gesti til okkar.

Að venju voru listsýningar alla daga, tónleikar allar helgar og skemmtilegar uppákomur eins og

fyrirlestrar um umhverfismál, vistmenningu og hnattræna hlýnun.

Hestaþerapía, Reiðnámskeið er í samstarfi við Vorsabæ II skeiðum hjá þeim Björssa og Stefáníu, en þau reka hestabúgarð með reiðhöll. Elin Moqvist reiðkennari leiðbeindi.

Árlegt skyndihjálparnámskeið var haldið í Sesseljúhúsi og er skyldumæting allra starfsmanna. Fræðslunet Suðurlands var svo með námskeið fyrir fatlaða og gera það mjög vel sem hluti af þeirra námi.

Svartapétursmótið flott verðlaun frá Íslandsbanka og nafn sitt ritað á Svartapéturs styttuna góðu. Þetta var hörkumót og spennan svakaleg. 1. Sæti Sigurður Thomsen 2. Arna María Andrésdóttir 3. Guðrún Lára Aradóttir

Skátafélag Sólheima 1985-2019 34 ára. Telst til íþróttastarfs á Sólheimum og voru kvöldvökur og samverustundir þó nokkrar á árinu, í tilefni Baden Powels var skátamessa, skátakórinn og Magga Tómm í Sólheimakirkju 24. febrúar. Héldum afmælisdag skátafélags Sólheima 30. október með því að heimsækja fræðslusetur skáta Úlfjótssvatni við Ljósafossvirkjun, tókum með okkur fullt af kökum og góðgæti. Mikið sungið mikið gaman.

Þann 24. október var farið á stóra kvöldvöku hjá Fossbúum Selfossi sem haldin var í Sunnlækjaskóla, mikið fjör.

Leikfélag Sólheima. Leikfélagsstarfið telst einnig til íþróttastarfs á Sólheimum og flestir íbúar Sólheima taka þátt í sýningunni á árinu. Leikritið *Leitin að sumrinu* var sett upp, spennandi og krefjandi verkefni sem Guðmundur Lúdvík Þorvaldsson leikstýrði en hann sá einnig sjá um leikræna tjáningu í jan-feb sem var undanfari leikæfinga í mars-apríl. Mjög spennandi og leikritið gekk ljómandi vel og fengum til liðs við okkur mörg börn úr sveitarfélaginu.

Íþróttafélagið Hamar

Aðalfundur var haldinn 24. febrúar 2019 og stjórn félagsins valin. Stjórn félagsins fyrir árið 2019 skipa: Hallgrímur Óskarsson, formaður, Dagrun Ösp Össurardóttir, ritari, Svala Ásgeirsdóttir, gjaldkeri og Hrund Guðmundsdóttir og Ágúst Örlaugur Magnússon, meðstjórnendur.



Í byrjun árs hélt fimleikadeild sína árlegu nýársýningu við góðar undirtektir og síðar um vorið hélt deildin Íslandsmót í stökkfimi með góðu



Sandra Björg Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri Hamars.

móti. Meistaraflokk karla í knattspyrnu gekk vel um sumarið en náði þó ekki að hækka sig um deild. Knattspyrnudeild bætti við sig meistaraflokki kvenna. Meistaraflokkur karla í körfuknattleik lék í fyrstu deild karla og endaði árið í toppslag þar. Mikið var um breytingar í liði karla þetta árið. Kvinnalið körfuknattleiksdeilda gekk ekki jafn vel en átti þó nokkra góða leiki.

Sunddeildin átti einnig gott ár þar sem þjálfari þess, Magnús Tryggvason, sótti þjálfaranámskeið á vegum FINA og er eini Íslendingurinn sem hefur náð hæsta stigs þjálfunargráðu í sundi.

Badmintondeild átti tvo Íslandsmeistara á árinu.

Blakdeild Hamars sótti nokkur mót á árinu og gekk mæta vel. Sóttu meðal annars öldungamótið Rokköld með fjögur lið í keppni. Deildin hélt opnum strandblaksvelli yfir sumarið við góðar undirtektir.

Á árinu var ráðinn verkefnastjóri Hamars til að halda utan um störf félagsins. Hefur það reynst vel og mun sú staða halda áfram árið 2020.

Íþróttafélagið Milan

Stjórn IF Milan skipaðu árið 2019 Birgir Örn Harðarson formaður, Eyþór Jónsson gjaldkeri, Sigurþór Þórsson ritari og Örn Þrastarson varaformaður.



Aðalfundur félagsins var haldinn 25. apríl og allir stjórnarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. IF Milan spilaði tímabilið 2018-2019 í utandeild HSÍ og endaði í 6. sæti. Á haustdögum hófust æfingar að nýju og eru þær einu sinni í viku. Ákveðið var að halda áfram í utandeildinni leiktíðina 2019-2020 og jafnframt að taka þátt í Coca cola bikarnum. Milan sat hjá í fyrstu umferð í bikarnum en dróst svo á móti Olisdeildarliði ÍR í 16 liða úrslitum. Ljóst var að við erfðan andstæðing var að etja en Milanmenn mættu til leiks af hörku og voru yfir í upphafi leiks en þegar leið á seig lið ÍR framúr og Milan var þar með úr leik eftir hetjulega baráttu. Utandeildin fer mjög vel af stað og um áramót sat IF Milan á toppi deildarinnar. Ráðist var í búningakaup á árinu og fékk liðið styrk til kaupanna frá hinum ýmsu fyrirtækjum. Þeim er hér með þakkað kærlega fyrir stuðninginn.



Lið Milunnar eftir bikarleikinn í haust.



Lið Gnýs á Íslandsmóti í liðakeppni í boccia, ásamt fararstjórum.

Íþróttafélagið Mímir

Aðalfundur félagsins fór fram 4. febrúar 2019. Stjórnendur félagsins eru Almar Máni Þorsteinsson og Kristján Bjarni R Indriðason. Í ML standa íþróttafórnenn Mímis fyrir fjölbreyttum íþróttatímum fjórum sinnum í viku, klukkutíma í senn. Bekkjarmót eru haldin mánaðarlega en þar etja bekkirnir kappi í ýmskonar íþróttagreinum (stöku sinnum mynda kennarar ML lið og keppa á móti nemendum sínum). Á vorin er kraftakeppni haldin þar sem nemendur keppa sín á milli í allskonar þrautum. Þessi keppni ber nafnið „ML tröllid og skessan“ og er keppninni skipt í karla- og kvennaflokk.



Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldinn 10. apríl 2019. Þóris Bjarnadóttir gekk úr stjórn og Vilhelmina S. Smáradóttir bauð sig fram og var hún kosin formaður. Aðrir gáfu áfram kost á sér og var klappað fyrir þeim. Auk Vilhelminu eru í stjórn Aðalbjörg Skúladóttir, gjaldkeri, Katrín Ýr Friðgeirsdóttir, ritari, María Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi og Sigrún Elfa Reynisdóttir, meðstjórnandi.



Verðlaun voru veitt fyrir framúrskarandi árangur. Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir var kjörin íþróttakona Suðra 2018 og Birgir Örn Viðarson var kjörinn íþróttamaður Suðra 2018.

Sund

Þjálfari í sundi 2019 var Magnús Tryggvason og voru æfingar samhlíða sunddeild UMFS. Æfingar voru 2 x í viku á mánuðögum og miðvikudögum. Ekki var farið á nein mót á þessu ári.

Boccia

Boccia er vinsælasta íþróttagrein Suðra með marga iðkendur. Farið var til Reykjavíkur með fimm lið á Íslandsmót. Eitt lið komst í undanúrslit en náði ekki verðlaunasæti.

Í maí var farið á Hængsmótið og komust sjö keppendur í undanúrslit en náðu ekki verðlaunasæti en það munaði þó ekki miklu.

Í október var farið til Ísafjarðar á Íslandsmeistaramót í einstaklingskeppni. Þar náðu keppendur góðum árangri og einn keppandi lenti í fjórða sæti en aðeins munaði tveimur stigum að sá hinn sami gæti spilað um 1. og 2. sætið. Íslandsmótið í einstaklingskeppni mun svo vera haldið hér á Selfossi í október 2020.

HSK mót var haldið í nóvember. Gnýr frá Sólheimum mætti einnig á það mót. Suðri bar sigur á því móti en þó með aðstoð frá keppendum í Gný þar sem keppt var með blönduð lið.

Þjálfarar í boccia 2019 voru Ófeigur Ágúst Leifsson, María Sigurjónsdóttir og Jónína Ósk Ingólfssdóttir.

Golf

Tólfta árið í röð var haldið golfnámskeið á Svarfhólsvelli í samstarfi við Gylfa Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Góð þátttaka og bætingar voru á þessu námskeiði.

Lyftingar

Aðsókn í lyftingar 2019 hefur verið góð og keppendur tóku þátt í Íslandsmóti ÍF með góðum árangri og HSK mót var haldið á haustönn. Tvær konur úr Suðra kepptu einnig á Special Olympic í Abu Dabi í mars og stóðu sig rosalega vel. Þjálfari Suðra, Örvar Arnarson fór með þeim stóllum í þessa keppnisferð og kom María Sigurjónsdóttir heim með 1 gull og 2 silfur og



Bekkjarmót í fótþolta á Laugarvatni.

1 brons og Vala Kristín Jónsdóttir kom heim með 2 brons.

Taekwondo

Haldið var áfram með taekwondo æfingar í samstarfi við UMFS og sá Sigurjón Bergur Eiríksson (3-Dan) um þjálfun og æfingar voru 2 x í viku.

Frjálsar

Þrír iðkendur Suðra stunduðu æfingar tvisvar í viku hjá Íþróttafélagi Ármanns í Reykjavík og þjálfari þeirra þar var Kári Jónsson. Tvær þeirra eru einnig í afrekshópi ÍF í frjálsum og hafa stundað námskeið og æfingar á þeirra vegum.

Aflraunir

Einn keppandi frá Suðra keppti í aflraunum sumarið 2019 og vann þar titilinn Sterkasta fatlaða kona Íslands ásamt því að vinna sér inn keppnisrétt á Arnold Classic sem haldið verður í Ohio í Bandaríkjunum í mars 2020 og á Heimsmeistaramóti fatlaðra í aflraunum sem haldið verður í Berlín í júní 2020.

Samstarf og stuðningur

Margir hafa stutt við bakið á Suðra á árinu. Rótarýklúbbur Selfoss styrkti félagið og færur við þeim okkar bestu þakkir fyrir það.

Gott samstarf við önnur félög og deildir innan UMFS eru okkur mikilvæg og á árinu var þetta samstarf tekið skrefinu lengra í þessu samstarfi.

Félagar sem iðka íþróttir hjá Suðra eru um 50 talsins og er alltaf að fjölga, íþróttagreinir sem stundaðar eru 6 – 7 á ári.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til þess að kynna sér starfsemi Suðra og taka þátt í þessu frábæra starfi sem þar fer fram. Ásamt því sem okkar iðkendur eru að efla hreyfifærni sína, þol og þrek með markvissri þátttöku þá eykst jafnframt félagsfærni og sjálfsstraust með æfingum og keppni við jafningja hjá öllum enda skemmtilegur félagsskapur og aldurstakmark ekkert.



María Sigurjónsdóttir, Ólafía Ósk Svanbergssdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir á Íslandsmóti ÍF.

Karatefélag Suðurlands

Við höldum aðalfund 25. október 2019 og eftirfarandi stjórn var endurkosin. Formaður Kristján Lárusson, gjaldkeri Halldór Arinbjarnar og ritari Ágúst Ingvarsson.

Árið 2019 var frekar rölegt. Töluvert hefur fækkað í félaginu aðallega vegna brottfluttra félaga. Æfingum er þó haldið áfram og er æft að meðaltali um tvisvar í viku. Stefnan er að halda áfram að æfa í húsnæði okkar í Sandvíkurskóla. Reynt verður að bæta upp fámennið með því að æfa öðru hverju hjá Karatefélagi Reykjavíkur, móðurfélagi okkar í Reykjavík. Einnig hefur verið rætt að fá þaðan æfingafélaga og kennara í heimsókn.

Knattspyrnufélag Árborgar

Aðalfundur félagsins fór fram þann 14. nóvember. Það urðu engar breytingar á stjórn Árborgar á milli ára en hana skipa Hafþór Theodórsson forseti, Sigurður Sigurðarsson framkvæmdarstjóri og Eiríkur Sigmarrson meðstjórnandi.



Stjórn Árborgar ætlar að leggja áherslu á að halda áfram uppbyggingu í kringum unga leikmenn á Suðurlandi. Það á viðhalda þeirri umgjörð sem hefur einkennt félagið síðustu ár. Aðstaða félagsins fer sífellt batnandi þótt nokkur úrbóta sé þörf.

Fyrir tímabilið 2019 þá voru teknir inn nýir menn í teymið hjá okkur. Guðjón Bjarni Hálfðánarson hélt áfram sem aðal þjálfari, Eiríkur Raphael Elvy kom inn sem aðstoðarþjálfari og Hugrún Vignisdóttir var áfram sem sálfræðingur.

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var uppá í meistaraflokkum karla á vegum KSÍ á árinu. Fyrsta mót ársins var Lengjubikarinn þar sem Árborg lék í C-deild. Félagið lenti í 4. sæti í sínum riðli. Í 1. umferð Mjólurbikarsins mætti liðið Augnabliki þar sem Árborg laut í lægra haldi.



Guðmundur Garðar Sigfússon, leikmaður ársins hjá Knattspyrnufélagi Árborgar.

Árborg fór mjög vel af stað í Íslandsmótinu þar sem við náðum í fjóra sigra í fyrstu fimm leikjunum. Við vorum í baráttu um sæti í úrslitakeppni en úrslit í nokkrum leikjum féll ekki okkar megin. Það fór svo að við lentum í þriðja sæti annað árið í röð og komust þar af leiðandi ekki í úrslitakeppni.

Stærsta fjóröflun félagsins á árinu var að venju umsjón með hátíðinni Sumar á Selfossi. Hátíðin vex stöðugt í sniðum og er nú orðin eitt af stóru númerunum í menningarlífinu á Selfossi.

Á lokahófi félagsins var sóknarmaðurinn öflugur Guðmundur Garðar Sigfússon kosinn leikmaður ársins, en hann var einnig markakóngur félagsins. Bjartasta vonin var hinn efnilegi Þorvarður Hjaltason. Félagi ársins var að þessu sinni Ágúst Þór Weaber eða bara Gústi okkar eins og við þekkjum hann. Gústi var líklegast með eina bestu mætingu á æfingar félagsins auk þess að sinna virkilega óeigingjörnu starfi utan vallar. Hann var líka félaginu gríðarlega mikilvægur yfir hátíðina Sumar á Selfossi þar sem hann gekk í öll þau störf sem honum voru falin.

Þjálfarateymið var einnig heiðrað fyrir góð störf og mun Eiríkur Raphael Elvy þjálfari liðið 2020.

Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga var haldinn 20. febrúar 2019 þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosin var ný stjórn. Í stjórn félagsins sitja Tinna Erlingsdóttir formaður, Sigríður Karólína



Viðarsdóttir gjaldkeri, Hulda Dóra Eysteinsdóttir ritari, Guðmundur Úlfar Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir meðstjórnendur, Tómas Birgir Magnússon og Klara Viðarsdóttir eru varamenn.

Mannauður félagsins er mikill en hjá félaginu starfa 7 reynslumiklir þjálfarar. Yfirþjálfari félagsins er Ólafur Örn Oddsson og aðrir þjálfarar eru Yngi Karl Jónsson, Helgi Jens Hliðdal, Guðrún Bára Sverrisdóttir, Sandra Sif og Fanney Úlfarsdætur og Gunnlaugur Friðberg Margrétarson.

Meistaraflokkur karla KFR spilar í 4. deild en þjálfarar þeirra eru Ellert Geir Ingvason aðalþjálfari og Hjörvar Sigurðsson aðstoðarþjálfari. Nýstofnaður Meistaraflokkur kvenna er að byggjast upp og þjálfari þeirra er Reynir Björgvinsson.

Iðkendaþjöldi KFR hefur aldrei verið meiri og í yngri flokkum félagsins æfa yfir 190 iðkendur knattspyrnu úr þremur sveitafélögum; Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Sveitafélagin standa þétt við bakið á félaginu og veita árlega góða styrki til félagsins til að sinna iðkendum sínum, bæði í peningastyrkjum og með aðgangi að íþróttasvæðum sveitafélaganna. Sérstakt átak fór af stað haustið 2019 til þess að auka vægi stúlkna í knattspyrnu og fékk félagið veglegan styrk frá Rannís til þessa verkefnis.

Iðkendur yngri flokka fóru á fjölmörg mót á starfsárinu og tóku þátt í Faxaflóamóti og Íslandsmótum. Elstu iðkendur fóru einnig á dómaranámsskeið í apríl. KFR er í samstarfi með elstu flokka við Selfoss, Hamar, Ægi og Sindra þar sem iðkendaþjöldi er takmarkaður. Hæfileikamót KSÍ og N1 fór fram í september á árinu þar sem 95 leikmenn

frá 33 félögum æfðu saman. Elías Páll Jónsson var valinn í hópinn frá KFR.

Starfsár KFR endaði svo með uppskeruhátíð yngri flokka 18. september 2019 í íþróttahúsinu á Hellu. Þar fengu iðkendur þátttökuviðkenningar og nokkrir einstaklingar fengu verðlaun fyrir góða ástundun og frammistöðu. Hátíðin tók 200 manns þátt í hátíðinni sem var mjög ánægjuleg og vel heppnuð.

Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 14. nóvember 2019. Nýja aðalstjórn félagsins skipa Guðbjartur Örn Einarsson formaður/gjaldkeri, Sigríður Lára Ásbergsdóttir meðstjórnandi, Anna Berglind Júlísdóttir ritari, Lárus Arnar Guðmundsson meðstjórnandi og Jón Reynir Sveinsson meðstjórnandi. Yfirþjálfari félagsins er Sveinbjörn Jón Ásgrímsson



Knattspyrnuárið 2019 var viðburðarríkt og skemmtilegt á fótboltavellinum og er við hæfi að líta til baka og fara yfir það helsta sem gerðist á tímabilinu.

Starfsemi Barna- og unglingaráðs var með hefðbundnum hætti sl. tímabil og var gróskumikið starf í verkefnum flokkanna. Ásta Kristín Ástráðsson kom ný inn í ráðið í stað Kaisu Jónasson sem hætti í ráðinu. Þjálfarar voru Sveinbjörn, Lalli, Torfi og Ingibjörg.

Verkefni barna- og unglingaráðs fólst einkum í árlegum verkefnum svo sem sumarkaffi Ægis sem tókst reyndar ekki nógu vel þar sem fáir komu í kaffið, umsjón með lokahófi yngri flokka og ýmsum fjóröflunum.

Að öðru leyti var nóg að gera í tengslum við þátttöku yngri flokkanna í hinu og þessu mótinu og er óhætt að segja að krökkunum okkar hafi almennt gengið vel í keppnum tímabilsins.

Lögd er áhersla á að þjálfarar fari á þau símenntunarnámsskeið sem í boði eru og styrkir ráðið þjálfara í þeim efnum. Torfi sótti m.a. þjálfaranámsskeið hjá KSÍ.

Barna- og unglingaráð hefur reynt að stilla æfingagjöldum í hóf og voru þau ekki hækkuð á tímabilinu. Tekið var upp æfingagjald fyrir 8. fl. frá og með hausti 2019 og eins og fyrri ár þá var sækja- og skilapjónusta fyrir leikskólabörn sem vildu æfa fótbolta. Iðkendaþjöldi var svipaður og á síðasta tímabili en það er eitt af meginmarkmiðum barna- og unglingaráðs að fjölga iðkendum samhliða því sem lögd er áhersla á að hafa vel menntaða og góða þjálfara.

Að venju tóku Ægiskrakkarnir þátt í ýmsum fótboltamótum vítt og breytt um landið. Auk þess tóku 3., 4. og 5. fl. þátt í Íslandsmóti.

- 3.-4. fl. strákar með Selfossi - Rey Cup 26. - 30. júlí
- 5. fl. stúlkur - Síamótið í Kópavogi 13.-16. júlí
- 5. fl. strákar - N1 mótið á Akureyri
- 6. fl. - Vís mótið 27.-28. maí.
- 6. og 7. fl. stúlkur með Hamri - Síamótið í Kópavogi 13.-16. júlí.
- 6. fl. strákar - Setmótið á Selfossi 10.-11. júní
- 6. fl. strákar (eldri árgangur) með Hamri - Peyjamótið í Eyjum 28. júní - 2. júlí
- 6. og 7. fl. - Weetosmótið í Mosfellsbæ 26.-27. ágúst.
- 7. fl. strákar með Hamri - Norðurálmótið á Akranesi 23.-25. júní. TM - mót Stjörnumnar.

Samstarfsfélögin okkar eru: Hamar í 7., 6. og 5. flokki. En Hamar og Selfoss í 2., 3. og 4. flokki. Samstarfið hefur gengið nokkuð vel og telur barna- og unglingaráð brýnt að byggja það áfram upp.



Stjórn KFR 2019.



Lið Ægis deildarmeistari karla í 4. deild.

Markmiðið í yngra flokka starfinu er að geta boðið einstaklingsmiðaða þjálfun og að bæta tæknis- og leikskilning iðkenda þar sem áhersla er lögð á þolinmæði, ástundun og endurtekningar. Krakkar í dag þurfa að geta verið í fleiri en einni grein í dag þar sem fjöldinn sem við höfum úr að spila í þær 5-6 íþróttagreinar sem æfðar eru í Þorlákshöfn er ekki nógur. Það er orðið löngu tímabært að skoða hvaða leiðir við getum farið til að allir uni sáttir við. Það mótél sem við vinnum eftir hefur líklega verið eins síðastliðna 2 - 3 áratugi. Koma þarf á meira samstarfi milli deilda og greina. Aðstaða til fótballaefinga myndi einnig þola uppþæslu, miðað við aðgengi okkar að íþróttasalnum og veðráttuna að vetri til. Draumur okkar er að rísi á næstu árum fjölnota íþróttahús/knatthús í Þorlákshöfn sem myndi gjörbylta okkar aðstöðum og aðstöðu.

Meistaraflokkur Ægis lék í 4. deild tímabilið 2019 eftir að hafa fallið úr 3. deild árið áður. Nýr þjálfari var ráðinn fyrir tímabilið, Nenad Zivanovic frá Serbíu, sem hefur góða reynslu sem slíkur bæði erlendis og hér á Íslandi. Undirbúningstímabilið hófst formlega í janúar og var góður stigandi í að byggja upp liðið fyrir mótið. Hlutfall heimamanna í liðinu var talsvert hærri en undanfarin ár og var það jákvæð og gleðileg breyting enda skiptir það miklu máli að sé til góður kjarni í liðinu svo ekki sé verið að búa til nýtt lið fyrir hvert tímabil. Í stuttu máli gekk tímabilið mjög vel og Ægir vann 4. deildina nokkuð örugglega og komst því aftur upp í 3. deildina. Sá árangur sem náðist á árinu 2019 gefur góð fyrirheit um framtíðina og eitthvað sem hægt er að byggja á til framtíðar.

Við hjá Ægi viljum nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir sem komu að starfi félagsins á árinu 2019.

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Aðalfundur Selfoss-Körfu 2019 var haldinn 28. mars 2019 kl. 20:00 í kjallara Vallaskóla. Í stjórn voru kosnir eftirtaldir: Gylfi Þorkelsson formaður, Eyþór Frimannsson gjaldkeri, Þorbjörn Jónsson ritari, Jóhanna Hallbjörnsdóttir, Ólafur Valdín Halldórsson, Auður Rafnsdóttir og Trausti Jóhannsson.

Starfsemi félagsins er í megindráttum þrískipt.

- Meistaraflokkur karla
- Körfuboltaakademía og unglingastarf
- Barnastarf



Meistaraflokkur karla

Selfoss teflir fram liði í 1. deild karla. Niðurstaða keppnistímabilsins vorið 2019 varð aðeins undir væntingum, liðið náði ekki í úrslitakeppni. Miklar hreyfingar voru á leikmannahópnum og nauðsynlegan stöðugleika vantaði.

Að loknu tímabili var ákveðið að auglýsa eftir aðstoðarþjálfara fyrir akademíuna og meistaraflokk karla. Fjölmar gar umsóknir bárust, nánast allar erlendis frá. Úr þeim hópi var ráðinn Rui Costa, Portúgali með æðstu þjálfaragráðu þar í landi, sérhæfingu í þróun ungra leikmanna og töluverða reynslu af þjálfun á flestum stigum. Hann kom til starfa í byrjun ágúst.

Sumarið var nýtt til að leita að leikmönnum. Einblint var á unga og metnaðarfulla leikmenn, hér heima og erlendis. Niðurstaðan varð að ráða einn atvinnumann og fyrir valinu varð 22 ára Bandaríkjamaður, Christian Cunningham, sem kom til landsins í byrjun september. Þá komu til liðsins þrír ungir strákar erlendis frá; tveir frá Englandi, 18 og 19 ára gamlir, og 19 ára króatískur strákur. Innanlands frá komu einnig þrír strákar á sama reki, einn frá Skallagrími, einn frá Fjölni og einn úr Njarðvíkum. Seinna um haustið bættust í hópinn leikmaður frá Hamri og ungur leikmaður frá Haukum í Hafnarfirði.



Rebecca Jasmine Vokes-Pierre var valin í æfingahóp U15 ára stúlkna.

Afheimamönnum var það að fréttu að Ari Gylfason hætti og Björn Ásgeir fór yfir í Hamar en Hlynur, Maciek, Svavar Ingi, Sveinn Hafstein, Arnór Bjarki og Páll Ingason skrifuðu undir leikmannasamninga. Með þetta unga lið hélt félagið til leiks og var gengið að vonum um haustið. Deildin reyndist tvískipt, sigrar unnust gegn liðum í neðri hlutanum en töpuðust gegn betri liðunum, þó þar hafi nokkrir leikir orðið spennandi.

Körfuboltaakademían og unglingastarfið

Breytingar urðu í þjálfarateymi akademíunnar. Karl Ágúst Hannibalsson ákvað að hætta sem yfirþjálfari. Í hans stað var ráðinn Chris Caird og til aðstoðar Rui Costa, eins og fyrr greinir. Góð aðsókn var í námið á haustönn, 22 nemendur og nóg að gera. Því miður reyndist ekki unnt að senda til keppni stúlknaflakkslið frá akademíunni og ákveðið var að skrá eitt lið til keppni í drengjaflokki en ekki tvö. Rui Costa sá um liðið í keppnisleikjum.

Selfoss, Hrunamenn og Hamar sameinast um keppnislið í unglingaflokki. Chris Caird þjálfar það. Kjarni liðsins eru leikmenn meistaraflokks Selfoss en við bæstast þrír Hrunamenn og einn til tveir Hamrar.

Barnastarfið

Ekki gekk þröutalaust að ráða þjálfara í barnastarfið. Stefnit hafði verið að því að fá aftur til félagsins Iván Guerrero en eftir mikið jafn, jafn og fuður gekk það ekki upp. Karl Ágúst stjórnar starfinu áfram af myndarskap og honum til aðstoðar eru áhugasamir, ungir einstaklingar sem sótt hafa þjálfaranámskeið í haust til að bæta þekkingu sína.

Yngriflokkastarfið er öflugt frá 8. flokki og niður í yngstu barnaldursflokkana en nokkuð vantar í eldri aldurshópina. Það leysum við með samstarfi við nágrannana og þannig er reynt að tryggja að allir fái krefjandi verkefni við hæfi.

Stór hópur frá félaginu fór á „Göteborg Open“, skemmtilegt körfuboltamót í Svíþjóð í lok maí. Þetta voru krakkar úr 8.-10. flokki, vel studdir af foreldrum sínum og þjálfurum. Um var að ræða fyrsta skrefið á vonandi langri vegferð slíkra keppnisferða erlendis.

Starf félagsins er til fyrirmyndar, áherslur í þjálfun faglegar og skipulagðar í samræmi við aldur og þroska skv. sérstakri námskrá sem tíunduð er í Gæðahandbók Selfoss-Körfu.

Landsliðsverkefni

Tilkynnt var í lok árs um val æfingahópa yngri landsliða Íslands. Þrír félagsbundnir einstaklingar Selfoss-Körfu voru þar á meðal. Þetta eru þeir Arnór Bjarki Eyþórsson og Bergvin Einir Stefánsson sem skipa æfingahóp U20 landsliðsins. Arnór, sem kemur úr yngriflokkastarfi félagsins, er nú valinn til landsliðsæfinga í fyrsta sinn og óskum við honum til hamingju með það. Þriðji einstaklingurinn er Rebecca Jasmine Vokes-Pierre sem var valin í æfingahóp U15 ára stúlkna. Það er í fyrsta sinn sem stúlka úr yngriflokkastarfi félagsins er valin í landsliðshóp og því um tímamót í sögu þess að ræða. Óskum við þessum einstaklingum hjartanlega til hamingju með árangurinn af erfiði sínu.

Lyftingafélagið Hengill

Núverandi stjórn félagsins var kosin á aðalfundi þess þann 24. mars 2019 og hana skipa Hlynur Kárasen formaður, Jóhannes Snorrason varaformaður, Eydis Arna Birgisdóttir ritari, Ellý Jóhannsdóttir gjaldkeri, Kristinn Hólm Runólfsson stjórnarmaður og varamennirnir María Rún Þorsteinsdóttir og Heiðar Ingi Heiðarsson.





Félagar í Lyftingafélaginu Hengli á æfingu.

Rólegheit einkenndu árið 2019 hjá félaginu. T.d. áttum við bara tvo keppendur á mótum 2019. Æfingar á vegum félagsins voru haldnar á sunnudagsmorgnum og var ágætlega mætt á þær. Nokkrir nýir aðilar létu sjá sig. Vonandi verður árið 2020 betra og við náum að lyfta starfseminni aðeins á hærra plan.

Skotíþróttafélagið Skyttur

Aðalfundur Skotíþróttafélagsins Skyttur var haldinn 13. mars 2019. Stjórn var endurkjörin: Formaður Magnús Ragnarsson, varaformaður Haraldur Gunnar Helgason, ritari Bjarki Eiríksson, gjaldkeri Erlingur Snær Loftsson, meðstjórnandi Kristinn Valur Harðarson og varamenn Guðmar Jón Tómasson og Jón Þorsteinsson.



Á árinu hélt Skotíþróttafélagið Skyttur upp á 10 ára afmæli sitt. Var haldið afmæliskaffi þann 12. febrúar en þá var stofnfundur haldinn 10 árum fyrr. Stóð félagið fyrir bogfiminámskeiði helgina 2.-3. mars og var þátttaka mjög góð en félagið er nýlega orðið hluti af Bogfimisambandi Íslands.

Nokkur mót voru haldin á árinu. Stærsta mótið var án efa BR50 félagsmótið en 15 þátttakendur skráðu sig til leiks á mótinu og fór það vel fram þrátt fyrir stífa norðanárt. Er þetta stærsta mót sem félagið hefur staðið fyrir til þessa. Einnig voru haldin tvö mót í haglagreinum sem fóru vel fram og voru vel sótt.

Skotíþróttafélag Suðurlands

Stjórn félagsins skipa Ólafur Árni Músson formaður, Bjarni I. Halldórsson varaformaður, Margrét Ósk Jónasdóttir gjaldkeri, Hákon Þór Svavarsson ritari og Guðmundur Gestur Þórisson meðstjórnandi.



Aðalfundur haldinn 4. apríl 2019. Það var mikið að gera á skotsvæðinu þetta árið. Kompak sporting völlur var settur upp austan megin við skeet vellina og steypt var plata þar sem svokallaðir skotbásar eru staðsettir.

Eitt skeetmót var haldið á vegum STÍ ásamt fjölda innanfélagsmóta þar sem keppt var bæði í riffilskotfimi og haglakotfimi.

Mikið var að gera í hreindýraprófum og voru skotin yfir 200 próf.

Almennt var mikil aðsókn í svæðið og mikið skotið bæði úr riffli og haglabyssu en félagið telur rúmlega 300 manns en það er þó nokkur fjölgun.

Áfram verður haldið að byggja upp svæðið og huga að ýmsu viðhaldi.

Ekki náðist að byggja við félagsaðstöðuna eins og fyrirhugað var og færast því það verkefni yfir á næsta ár.

Torfærklúbbur Suðurlands

Stjórn torfærklúbbsins var þessi: Formaður Helga Katrín Stefánsdóttir, varaformaður Anna Aurora Wagge, gjaldkeri Sigfús Þór Sigurðsson, ritari Kristján Finnur Sæmundsson og meðstjórnandi Heiðar Oddsson.



Aðalfundur var haldinn 25. febrúar 2019. Starfsár 2019 hjá Torfærklúbbum var viðburðaríkt. Klúbburinn var duglegur að byggja upp keppnissvæðið sem það hefur í Akrafjalli. Keppendum fjölgaði sem kepptu fyrir hönd klúbbsins í öllum mótorsportgreinum. Mikill barátta var um Íslandsmeistaratilinn þetta árið og voru keppendur frá klúbbum í topp þremur.

Klúbburinn hélt sína keppni í torfæru um miðjan júlí á Akranesi og gekk það vonum fram. Í heildina voru 20 keppendur sem tóku þátt í keppninni og úrslitin komu öllum á óvart. Nú á vetrarmánuðum



Frá BR50 móti hjá Skyttunum í sumar.

var kosinn akstursíþróttamaður Íslands og kom hann úr okkar klúbbi sem er ánægjulegt enda sýndi hann frábæran akstur á árinu og hefur verið í sportinu yfir 25 ár.

UBH

Aðalfundur félagsins var haldinn í Njálsgarði 14. á Hvolsvelli 20. desember 2019. Í stjórn voru kosin: Guðmann Óskar Magnússon, formaður, María Rósa Einarssdóttir, gjaldkeri, Ólafur Elí Magnússon, ritari og varamennirnir Helgi Jens Hlíðdal og Jón Gísli Harðarson.



Félagið hefur ekki nein sérstök verkefni síðan að íþf. Dímon tók yfir íþróttastarfsemi á svæðinu, en er stuðningsaðili Dímonar.

Umf. Biskupstungna

Aðalfundur Ungmennafélags Biskupstungna var haldinn í Bergholti þann 27. apríl 2019. Eins og undanfarin ár funduðu allar deildir félagsins sama dag. Byrjað var á fundi aðaldeildar, þá leikdeildar og loks íþróttadeildar.



Stjórn félagsins er óbreytt en hana skipa Oddur Bjarni Bjarnason formaður, Svava Theodórsdóttir gjaldkeri og Dagný Rut Gretarsdóttir ritari.



Hákon Þór Svavarsson skotíþróttamaður í keppni á móti á Krít.

Æfingar íþróttadeildar voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í boði var fótibolti, körfubolti, frjalsar, fimleikar og strong by zumba. Guðbjörg Bjarnadóttir sundkennari hélt sundnámskeið fyrir 3-6 ára börn í júní.

Samstarf ungmennafélaga í uppsveitum er orðið ágætt þegar kemur að fótibolta og var t.d. farið með sameiginlegt lið á Krónumót HK í Kópavogi og Kjörismót Hamars. Samstarf í öðrum íþróttagreinum er misgott en ungmennafélögin eru samt t.d. orðin duglegri að samnýta þjálfara.

Sveitarfélögin í uppsveitum hafa skipað aðila til þess að fara yfir þessi mál og var fundur boðaður ásamt stjórnun ungmennafélaganna til þess að kynna nokkrar sviðsmyndir að hugsanlegu íþróttasamstarfi í uppsveitum. Hann frestaðist því miður fram á nýtt ár. Þrátt fyrir þetta er íþróttastarf Ungmennafélags Biskupstungna á mikilli uppleið og ekki hægt að segja annað en að spennandi tímar séu framundan.

Ritnefnd félagsins gaf út tvö tölublöð af málagnni félagsins „Litla-Bergþóri“. Þetta var 40. árgangur og er innihald blaðanna fjölbreytt og í senn fræðandi um félagið og mannlífð í Tungunum. Fésbókarsíða blaðsins er: „Litli-Bergþór. Blað Ungmennafélags Biskupstungna“.

Leikdeild kom saman helgina 22.-24. nóvember. Ráðinn var nýr leikstjóri, Ólafur Jens Sigurðsson, en Gunnar Björn Guðmundsson hefur leikstýrt síðustu 9 verkum. Valið var leikverkið Allir á svið eftir Michael Frayn og er frumsýning áætluð þann 14. febrúar í Aratungu.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir samstarfið.

Umf. Eyfellingur

Umf. Eyfellingur og Umf. Trausti skiptast á að halda þrettándabrennu. Þetta árið var hún haldin við Skógafoss og var fjölmenni við brennuna. Á eftir var boðið uppá kaffi og konfekt í Fossbúð. Félagið sér ekki lengur um íþróttir ungmenna á svæðinu. Flestir félagsmenn sem taka þátt í íþróttum gera það undir merkjum Dímonar.



Í ár var sundlaugin á Seljavöllum hreinsuð nokkrum sinnum og hreinsað rusl á svæðinu en laugin er eitt af helstu kennileitum svæðisins og hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Uppgerð félagsheimilisins Dagsbrúnar er enn í biðstöðu. Formaður félagsins er Ármann Fannar Magnússon. Aðalfundur félagsins var haldinn 18. mars 2019.

Umf. Eyrarbakka

Aðalfundur UMFE var haldinn 6. febrúar í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka og var eftirfarandi stjórn kosin: Helga Kristín Böðvarsdóttir formaður, Elín Birna Bjarnfinnsdóttir gjaldkeri, Halla Emilsdóttir ritari, meðstjórnendur Jessica Dahlgreen og Rakel Gunnlaugsdóttir.

Starfið var með svipuðum hætti og á síðasta ári, vorinu var startað með Hópslaupinu, verðlaunaafhending á 17. júní, Jónsmessan í júní sem öll félög á Eyrarbakka taka þátt í og jólatrésskemmtun fyrsta sunnudag í aðventu.

Við ákváðum að prófa að bjóða uppá spilavist og auglýstum hana í Dagskránni. Er nú spilað á hverju þriðjudagskvöldi og er vel mætt af fólki úr nágrennabæjarfélögunum. Við höldum styrktarspilakvöld fyrir fjölskyldu á Eyrarbakka og var fullt hús. Sýnir það samhuginn í bæjarfélaginu okkar.



Þrettándabrenna Umf. Eyfellingar að Skógum 2019.



Vist spiluð á Eyrarbakka.

Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélags Framtíðarinnar 2019: Lilja Guðnadóttir formaður, Helgi Ármannsson ritari, Brynja Rúnarsdóttir gjaldkeri og Glódís Margrét Guðmundsdóttir og Berglín Anna Birkisdóttir meðstjórnendur.



Aðalfundur félagsins var haldinn 28. janúar 2019 í íþróttahúsinu. Eins og undanfarin ár hefur félagið staðið fyrir boltakvöldum einu sinni í viku í vetur. Á boltakvöldum er farið í ýmsa leiki sem allir hafa áhuga á hverju sinni. Patrekur Jóhann Kjartansson hefur séð um þessar samkomur í vetur.

Í apríl bauð félagið ásamt Íþr. Dímon, Umf. Heklu og Íþr. Garpi til heilsueflandi námskeiðs í íþróttahúsinu í Þykkvabæ. Þetta var örnámskeið um meðvirkni og áföll sem Kjartan Pálmason frá Lausnin, fjölskyldumiðstöð sá um.

Framtíðin tók þátt í Hreyfiviku UMFI í maí. Það var góður hópur, bæði börn og fullorðnir, sem hjólaði Ástarbrautarhringinn í ágætis veðri þann 27. maí. Þann 29. maí pöntuðum við nokkra loftbolta og áttum frábæra stund við íþróttahúsið, í ærslafullum leik. Í júní skipulögðum við ruslatínsludag. Safnað var rusli frá þjóðvegi og niður um allan Þykkvabæ, þetta er liður í fjárflyun ásamt dósasöfnun og sölu á blómum fyrir konudaginn.

Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 9. maí 2019 í Grunnskólanum á Hellu. Á fundinn mætti fjöldi fólks. Verðlaunaðir voru iðkendur fyrir mætingu og framfarir í hverri íþróttagrein sem æfð er hjá félaginu. Fjárhagsleg staða félagsins er ágæt og var rekstur ársins með smá afgangi. Inn í stjórnina kom Garðar Þorfinnsson í staðinn fyrir Gunnar Þorgilsson. Stjórn Umf. Heklu er skipuð eftirfarandi aðilum: Guðmundur Jónasson formaður, Sigurður Kristinn Guðbjörnsson varaformaður, Hulda Karlsdóttir gjaldkeri, Ólöf Árnadóttir ritari og Agnes Ólöf Óskarsdóttir Thorarensen meðstjórnandi. Varamenn eru Erna Sigurðardóttir og Garðar Þorfinnsson.

15-20 krakkar á grunnskólaaldri æfðu körfubolta einu sinni til tvisvar í viku. Þjálfari er Þorsteinn Darri Sigurgeirsson.

Tómstundanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-14 ára var haldið í sumar, í samvinnu við sveitarfélagið Rangárþing ytra. Námskeiðið stóð yfir í 3 vikur í júní. Þátttakendur voru rúmlega 40 talsins. Umsjónarmenn námskeiðsins voru Elín Stolzenwald, Anita Tryggvadóttir, María Aðalbjarnardóttir og Aron Birkir Guðmundsson. Lagði sveitarfélagið til aðstoðarfólks úr unglingavinnu.





Yngri þátttakendur á frjálsíþróttæfingu hjá Heklu og Garpi í Íþróttahúsinu á Hellu.

Engar frjálsíþróttæfingar voru hjá félaginu fyrr en með haustinu þegar Ástþór Jón Ragnheiðarson var ráðinn til starfa. Þá fóru í gang æfingar í samstarfi við Garp sem fóru fram á Hellu og á Laugalandi. Mæting var dræm til að byrja með en jókst jafnt og þétt og undir áramót voru um 40 krakkar að mæta frá báðum félögum. Farið var á nokkur mót. Sindri Seim Sigurðsson vann til fjölda verðlauna á öllum mótum sem hann tók þátt í og setti 13 héraðsmót á árinu og varð þrefaldur Íslandsmeistari utanhúss. Kristófer Árni Jónsson vann einnig til fjölda verðlauna á öllum mótum sem hann tók þátt í, hann varð Íslandsmeistari í kúluvarpi innanhúss.

Um 15 iðkendur á aldrinum 12-16 ára æfðu blak einu sinni í viku. Þjálfarar voru Ingibjörg Heiðardóttir og Aníta Tryggvadóttir. Félagið varð héraðsmestari bæði í flokki stráka og stelpna. Meistaraflokkslíð kvenna undir merkjum Heklu og Dímonar var starfandi á árinu og tóku þær þátt í fjölda móta. Kvinnaliðið stóð fyrir Kvannahlaupi ÍSÍ í sumar og var þátttakan þökkaleg.

Skák. Félagið sendi sveit á héraðsmót fullorðinna og varð sveitin héraðsmestari. Sveitina skipuðu: Jón Þ. Þór, Einar Sigurðsson og Martin Patryk Strichakham.

Átta iðkendur tóku þátt í Héraðsmóti HSK í borðtennis sem haldið var á Hvolsvelli í maí og varð félagið í þriðja sæti stigakeppninnar.

Tvisvar í viku æfðu iðkendur frá félaginu taekwondo í Íþróttahúsinu á Hellu en þær æfingar voru haldnar í samvinnu við Taekwondodeild Umf. Selfoss. Æfingarnar voru aldurskipptar fyrir 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Þátttakendur voru rúmlega 20, bæði börn og fullorðnir. Margir iðkendur fóru í beltapróf á árinu. Kennarar hafa aðallega verið Daníel Jens Pétursson 1. Dan og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir.

Um 70 iðkendur á aldrinum 6-15 ára æfðu fimleika á vegum félagsins 1-4 sinnum í viku. Krökkunum var skipt í 5 hópa eftir aldri og getu. Um 60 iðkendur á leikskólaaldri æfðu krílafimleika einu sinni í viku í tveimur hópum. Á haustönn hófu eldri iðkendur frá íþróttafélaginu Dímon að æfa fimleika hjá Umf. Heklu og hefur það samstarf gengið vel. Líkt og undanfarin ár hafa elstu iðkendur félagsins notið góðs af góðu samstarfi okkar við Fimleikafélagið Ármann og fengið að æfa þar undir leiðsögn Erlu og Helgu Sunnu einu sinni til tvisvar í mánuði. Haldnar voru tvær fimleikasýningar á árinu þar sem fimleikaiðkendur sýndu listir sínar fyrir framan fjölmarga áhorfendur og var jólasýningin sú fjölmennasta frá upphafi. Sú sýning var fjárfloflun fyrir áhaldakaup og kunnum við öllum þakkar sem komu og styrktu félagið. Á árinu var farið á fimleikamót í Hveragerði og Nettó

mót á Selfossi, ásamt því að elstu iðkendur fóru á sitt fyrsta stökkfimimót á vegum Fimleikasambands Íslands. Elstu iðkendurnir fóru einnig í æfingabúðir til Keflavíkur og voru þar við æfingar heila helgi og gistu.

Um 30 iðkendur á aldrinum 6-12 ára sóttu línu-skautæfingar einu sinni í viku í vetur. Hópnum var aldurskippt í tvo hópa. Þjálfari er Diego Pinero Pinera.

Unglingalandsmót UMFI fór fram á Höfn í Hornafirði í sumar og kepptu þar 4 iðkendur frá félaginu.

Akstursíþróttir. Starf ársins hófst að venju með ársþingi AKÍS þar sem við áttum 1 fulltrúa þar var kosið í nefndir og til stjórnar AKÍS. Í byrjun maí héldum við torfærukeppni á Hellu þar sem um 5500 áhorfendur voru mættir ásamt 20 keppendum í tvemur flokkum. Keppnin fór vel fram og setjum við markið hátt fyrir 2. maí 2020 þegar keppnin fer fram að nýju. Héldum svo Traktorstorfæru á Flúðum um verslunarmannahelgina þar voru 10 keppendur og um 10 þúsund áhorfendur. Þessar tvær keppnir eru þær akstursíþróttakeppnir sem laða að sér flesta áhorfendur á landsvísi og erum við gríðarlega stolt af því. Í ár kepptu 16 keppendur undir nafni AINH í torfæru, rallycrossi og drifti bæði hér heima og erlendis. Árangurinn var glæsilegur og þar ber hæst að nefna Skúla Kristjánsson sem stóð uppi sem heimsmeistari í torfæru á heimsbikarmótinu sem fram fór í Noregi í lok maí 2019. Keppendum á vegum AINH fjölgaði milli ára.

Helstu fjáraflanir félagsins eru lottótekjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði. Keypt voru á árinu áhöld til fimleikaiðkunar. Eins og undanfarin ár gaf félagið, í samstarfi við fyrirtækið Þjótanda ehf. nemendum 1. bekkjar Grunnskólans á Hellu boli merktu félaginu. Félagsmenn í Umf. Heklu eru 691 talsins. Félagsgjald er 1500 kr. fyrir 18 ára og eldri.

Þrír félagsmenn mættu á HSK þingið fyrir hönd Umf. Heklu á Laugalandi um miðjan mars. Það voru þau Hulda Karlsdóttir, Erna Sigurðardóttir og Ólöf Árnadóttir.

Umf. Hrunamanna

Boðað var til aðalfundar félagsins þann 30. apríl. Stjórnin var óbreytt og er eftirfarandi, formaður Jóhanna Bríet Helgadóttir, gjaldkeri Sigurjón Snær Jónsson, ritari Dúna Rut Karlsdóttir. Meðstjórnendur eru Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson. Á fundinum var íþróttamaður ársins 2018 krýndur en



það var körfuknattleiksmaðurinn Eypór Orri Árnason. Starfið innan deilda gekk vel og hér verður stiklað á stóru yfir það helsta.

Kvennablaðdeild: Áttunda starfsár deildarinnar og fjöldi iðkenda heldur sér í svipuðu horfi eða milli 16-20 iðkendur sem samanstendur af konum á aldrinum 19-54 ára úr uppsveitunum og Selfossi. Hrunakonur voru nokkuð virkar í þátttöku á mótum þetta árið. Eitt lið tók þátt á Íslandsmóti og héldu sig í 4. deildinni. Ein umferð var haldin í íþróttahúsinu á Flúðum sem heppnaðist í alla staði mjög vel. Á haustmánuðum var tekið stórt skref þegar að tvö lið voru skráð til þátttöku á Íslandsmót og þegar þetta er ritið stóðu bæði lið sig vel í 1. umferð. Tvö lið tóku einnig þátt í Hraðmóti HSK og héraðsmóti þar sem yngra liðið krækti sér í brons. Á Öldungi kom annað liðið heim með bronsverðlaun úr sinni deild. Skemmtilegir sigrar innan sem utan vallar.

Fimleikadeild: Fimleikadeildin tók til starfa aftur eftir árs pásu. Þjálfari er Sigga Steina og henni til aðstoðar er Valdis Una. Iðkendur á haustönninni voru 23 og sjást framfarir á hverri æfingu.

Frjálsíþróttadeild: Starf frjálsíþróttadeildarinnar var með hefðbundnu sniði, þjálfarar voru Guðbjörg Viðarsdóttir og Anna Þórný Sigfúsdóttir og voru iðkendur um 40 talsins. Hrunamenn tóku þátt í fjölmörgum mótum á árinu og gerðu það gott víða. Í heildina voru mótin nærri 30 talsins og vöktu iðkendur eftirtekt fyrir vaska framgöngu. Á árinu eignuðumst við nokkra Íslands- og HSK meistara bæði utan- og innanhúss. Tíu iðkendur urðu HSK meistara með samtals 31 titil. Fjórir iðkendur náðu Íslandsmeistaratitili en það voru þeir Máni Snær Benediktsson, Vésteinn Loftsson, Haukur Arnarsson og Óskar Snorri Óskarsson með samtals 7 titla. Deildin hélt tvö mót eins og vant er, páskamót og jólamót.

Knattspyrnudeild: Vetraræfingar knattspyrnu-deildarinnar voru áfram með hefðbundnu sniði, æfing 1x í viku ýmist inni í íþróttahúsi eða á gervigrasvællinum. Þjálfarar voru Jón Hermann, Heimir og Máni Snær, iðkendur 10 talsins. Sumaræfingarnar hófust síðan í júní þar sem Umf. Bisk, Umf. Laugdæla og Umf. Hrunamanna voru með sameiginlegar æfingar líkt og undanfarin sumur. Fulltrúi KSÍ kom á eina æfingu á Flúðum, gaf gjafir og stýrði æfingu. Í lok sumars var haldið sameiginlegt knattspyrnuslútt þar sem farið var í fótboltagolf og grillað. Þjálfarar voru Gústaf Sæland og Anthony Karl og iðkendur voru 26. Sameiginlegt lið uppsveita ÍBU, tók þátt í nokkrum mótum, þ.a.m. Weetos mótinu, Krónumóti HK og jólamóti Hamars og Kjörismóti Hamars.

Umf. Hvöt

Árið 2019 hófst vel hjá Hvöt, flestir krakkar á yngri stigum grunnskólans á svæðinu eru sælir og glaðir í íþróttastarfi hjá okkur.

Þann 1. febrúar var þorablót hjá okkur þar sem vel var mætt. Aðalfundurinn var 24. mars, þar sem hefðbundin aðalfundarstörf fóru fram og árleg páskaeggjaleit. Á árinu tók félagið þátt í keppni, bæði í frjálsum íþróttum og knattspyrnu. Í sumar stóð félagið bæði fyrir leikjanámskeiði og sundnámskeiði sem voru vel sótt. Í haust héldu svo æfingar áfram og auk knattspyrnu, frjálstra íþróttar og blaks bættist nú körfubolti við þær æfingar sem eru í boði.

Í haust fengu allir iðkendur buning frá félaginu þannig að nú ætti félagið að verða sýnilegra í samfélaginu og þegar viðburðir eru með öðrum félögum. Börn frá 5 ára aldri geta tekið þátt í íþróttastarfi 4 sinnum í viku á Borg í Grímsnesi.

Á aðfangadag fengum við svo tvo jólasveina til að heimsækja börn og afhenda þeim smá pakka.





Ánægðir Hvatakrakkar að loknu skemmtilegu fótboldamótí.

Umf. Ingólfur

Umf. Ingólfur hélt ekki aðalfund á árinu, og urðu því ekki breytingar í stjórn. Stjórn er eftirfarandi: Þróstur Guðnason formaður, Kristinn Guðnason gjaldkeri og Þórhalla Gísladóttir ritari. Varamenn eru Daniel Magnússon, Jóna Sveinsdóttir og Ragnheiður Jónasdóttir.

Þróstur mætti sem fulltrúi félagsins á 97. Héraðsþing Skarphéðins á Laugalandi 14. mars. Einnig mætti hann á formannafund á Selfossi þann 19. nóvember.

Að lokum þökkum við gott samstarf við HSK.



Umf. Merkiðvöllur

Aðalfundur Umf. Merkiðvolls var haldinn þann 13. apríl 2019. Stjórn félagsins skipa Jóhanna Hlíðversdóttir sem formaður, Sigurður Einar Guðmundsson sem gjaldkeri og Anna Björg Stefánsdóttir sem ritari félagsins.

Starfssemi félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár en sá það um hátíðarhöld á 17. júní þar sem sveitungar og gestir koma saman, ásamt jólaballi 28. desember.

Uppbygging Brúarlunds heldur ótrauð áfram. Segja má að hollvinir Brúarlundir hafi staðið sig vel í öllum þeim verkefnum sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur.



Umf. Laugdæla

Stjórn UMFL skipa Daniel Pálsson formaður, Eva Hálfðanardóttir gjaldkeri og Freyja Rós Haraldsdóttir ritari.

Vorið 2019 var börnum boðið upp á æfingar í blaki, fótbolta, klifri, fangbrögðum, bland og fjör, þrek-þol-frjálssar, dans og íþróttaskóli fyrir þau yngstu. Haustið 2019 voru æfingar í körfubolta, frjálsum íþróttum, klifri, fótbolta, blaki og þreki. Fullorðnir stunduðu blak kvenna og karla. Leikjánaðmskeið var haldið um sumarið og fótboltaæfingar voru í samstarfi við Hrunamenn og Umf. Bisk.

Flæra var á dagskrá UMFL að venju t.d. árlegt þorablót í febrúar og skemmtun á 17. júní.



Umf. Selfoss

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss var endurkjörin á aðalfundi félagsins sem haldinn var í félagsheimilinu Tíbrá þann 4. apríl.

Víktor S. Pálsson er formaður, en auk hans sitja áfram í framkvæmdastjórn Hjalti Þorvarðarson gjaldkeri, og Dýrfinna Sigurjónsdóttir ritari, ásamt Sigrúnu Hreiðarsdóttur og Sverri Einarssyni, meðstjórnendum. Ásamt framkvæmdastjórn skipa þau Ingibjörg Garðarsdóttir formaður fimleikadeildar, Helgi S. Haraldsson formaður frjálssíþróttadeildar, Þórir Haraldsson formaður handknattleiksdeildar,



Birgir Júlíus Sigursteinsson formaður júdódeildar, Jón Steindór Sveinsson formaður knattspyrnudeildar, Guðmundur Gústafsson formaður mótókrossdeildar, Guðmundur Pálsson formaður sunddeildar, og Ófeigur Ágúst Leifsson formaður taekwondodeildar, þrettán manna aðalstjórn félagsins.

Hjá aðalstjórn félagsins starfa Gissur Jónsson framkvæmdastjóri í fullu stöðugildi auk Aðalbjarar Skúladóttur bókara félagsins í hálfu stöðugildi. Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir sinnti starfi framkvæmdastjóra fimleikadeildar í 75% starfshlutfalli ásamt því að Tanja Birgisdóttir starfar sem yfirþjálfari deildarinnar í hálfu stöðugildi. Sveinbjörn Músson er sem fyrr framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar og vallaustjóri á Selfossvelli. Starfsmenn á Selfossvelli í lok árs 2019 voru Þórdís Rakel Hansen og Einar Örn Einarsson. Þá er knattspyrnudeild með þrjá starfsmenn í fullu stöðugildi þ.e. Gunnar Rafn Borgþórsson sem yfirþjálfari knattspyrnudeildar og þjálfari, Alfreð Elías Jóhannsson sem þjálfari meistaraflakks kvenna og þjálfari yngri flokka ásamt því að sjá um þjálfun fyrir knattspyrnuakademíu og Ingi Rafn Ingbergsson er starfsmaður knattspyrnudeildar og þjálfari. Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson er framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar í hálfu stöðugildi. Þá er Sigríður Anna Guðjónsdóttir í hlutastarfi sem yfirþjálfari og starfsmaður frjálssíþróttadeildar. Flestar aðrar deildir félagsins eru með starfandi yfirþjálfara og/eða verkefnastjóra í mismunandi stöðuhlutfalli.

Innan Umf. Selfoss eru starfandi átta virkar deildir þ.e. fimleikadeild, frjálssíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnudeild, mótókrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiks- og knattspyrnudeildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Fimleika-, frjálssíþrótt- og handknattleiksdeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands. Knattspyrnudeild á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins sérstök vallaustjórn, jólasveinaneind og minjaverndarneind.

Í gildi er þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss sem og samningur um rekstur íþróttavallasvæðisins sem gilda til lok árs 2022. Eins og undanfarin ár sér knattspyrnudeild um rekstur íþróttavallasvæðisins en það er íþróttavallarneind sem hefur yfrumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Í gildi er samningur við taekwondodeild um þrif og utunumhald á æfingasal deildarinnar á annarri hæð í Baulu, íþróttahúsi Sunnlækjarskóla. Mótókrossdeild sá áfram um rekstur og uppbyggingu mótókrossbrautar og júdódeild sá um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Sunddeildin er með sína starfsemi í glæsilegri aðstöðu í sundhöll Selfoss. Handknattleiksdeild hefur komið starfsemi sinni vel fyrir í Hleðsluhöllinni eða lðu, íþróttahúsi Fjölbautaskóla Suðurlands. Fimleikadeild er sem fyrr með alla sína starfsemi í Baulu. Meginþungi starfsemi knattspyrnudeildar og frjálssíþróttadeildar fer fram á Selfossvelli en einnig æfa deildirnar í íþróttahúsi Vallaskóla yfir vetrarmánuðina. Þá rekur félagið þjónustumiðstöð, sem opin er allt árið, í félagsheimilinu Tíbrá við Engjaveg 50.

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Fimleikadeild sá um framkvæmd Nettómótsins og Minningarmótsins auk árlegrar jólasýningar í desember. Frjálssíþróttadeild hélt 50. Grýlupottahlaupið á vordögum og Brúarhlaupið í byrjun ágúst. Handknattleiksdeild hélt hefðbundið Bónusmót á vordögum fyrir 7. flokk auk þess sem Landbankamótið bættist við fyrir 8.



Körfuboltatrúar úr Laugdælum, ásamt þjálfara.



Íslandsmeistaralið Selfoss í handknattleik karla.



Bikarmeistaralið Selfoss í knattspyrnu kvenna.

flokk og Ragnarsmótið, á haustdögum. Júðódeild, sunddeild og taekwondodeild héldu HSK-mót. Knattspyrnudeild hélt Guðjónsmótið í apríl, í upphafi júní fóru fram þrjú mót þ.e. Lindex-mótið, Selfoss-mótið og Set-mótið og í ágúst fór ÓB-mótið fram í fimmtánda sinn. Mótokrossdeild hélt bikarmót á vegum MSÍ.

Getraunastarf skipar fastan sess í starfi félagsins þar sem hópur fólks hittist vikulega í félagsheimilinu Tíbrá og tippar yfir kaffibolla og góðu meðlæti, einnig eru stuðningsmannaklúbbar starfræktir í handknattleiks- og knattspyrnudeild.

Sem fyrr segir var aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 4. apríl 2019. Í ársskýrslu félagsins kom m.a. fram að heildartekjur þess árið 2018 voru tæpar 430 milljónir og var rekstur félagsins jákvæður. Handknattleiksdeildin hlaut UMFI bikarinn sem deild ársins fyrir góðan árangur meistaraflokks karla í Evrópukeppni og Íslandsmóti og Guðmundur Karl Sigurdórsson fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.

Líkt og undanfarin ár sá félagið um rekstur íþróttar- og útivistarklúbbsins sem er fyrir börn á aldrinum 6-10 ára og er liður í þjónustusamningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg. Haldin voru fimm tveggja vikna námskeið á tímabilinu frá 11. júní til 16. ágúst. Einstakar deildir stóðu fyrir sumarnámskeiðum, knattspyrnudeild starfrækti fótboltaskólann,

fimleikadeildin var með sumaræfingar og handknattleiksdeildin stóð fyrir handboltaskóla. Íþróttaskóli barnanna var starfræktur á vegum fimleikadeilda í tólf vikur tvisvar á árinu fyrir yngstu börnin. Þá hóf ungbarnasund, Guggusund, á vegum sunddeilda sitt 28. starfsár.

Íþróttastarf félagsins er umfangsmikið og hefur þróast jafnt og þétt undanfarin ár. Fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Glæsilegur árangur náðist á keppnisvælinum á árinu og óhætt að segja að árangurinn hafi verið sá besti frá upphafi. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu hrósaði sigri í Mjólkuþrikarkeppni KSÍ eftir frækinn 2-1 sigur á KR í framlengdum úrslitaleik, auk þess jafnaði liðið besta árangur sinn í Pepsi Max deildinni þar sem liðið hafnaði í þriðja sæti. Meistaraflokkur karla varð í þriðja sæti í 2. deildinni hársbreidd frá því að endurheimta sæti sitt í Inkasso-deildinni. Meistaraflokkur karla í handknattleik varð Íslandsmeistari eftir glæsta frammistöðu í úrslitakeppni Olís deildarinnar. Liðið hafnaði í öðru sæti deildarinnar en eftir að hafa sópað ÍR og Val úr úrslitakeppninni tryggði liðið sér Íslandsmeistaratitilinn með öruggum sigri í fjórða leik gegn Haukum í troðfullri Hleðsluhöllinni. Meistaraflokkur kvenna varð að bíta í það súra epli að falla úr Olís-deildinni. Í einstaklingsíþróttum vannst

fjöldi Íslands- og bikarmeistaratitla, samstarf HSK/ Selfoss í frjálsum skilaði liðinu enn á ný fram á við en þar er unnið eftirtektarvert uppbyggingarstarf auk þess sem akademían festir sig í sessi. Júðómennt og taekwondofólk vann til fjölda Íslandsmeistaratitla á árinu auk þess sem góður árangur yngri iðkenda í mótokross vakti athygli en systkinin Bergrós og Bjarki Breiðfjörð Björnsbörn voru valin efnilegasta aktsríðarar á árinu hjá MSÍ.

Eins og fyrri ár var fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss kallaðir til ýmissa landsliðsverkefna bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum sersambanda ÍSÍ. 23 einstaklingar kepptu með landsliðum Íslands, yngri og eldri, á Norðurlandamótum og í undankeppnum EM og HM. Auk þess var fjöldi einstaklinga valinn á landsliðsæfingum og í úrvalshópa.

Fjöldi ungmennta úr Umf. Selfoss tók þátt í unglingalandsmóti UMFI sem haldið var á Hornafirði um verslunarmannahelgina. Á héraðsþingi HSK sem haldið var á Laugalandi í Holtum 14. mars var Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, sæmdur silfurmerki HSK. Sigríður Anna Guðjónsdóttir var sæmd starfsmerki UMFI við sama tækifæri. Selfyssingarnir Elvar Örn Jónsson og Dagný María Pétursdóttir voru útnefnd íþróttafólk HSK á þinginu. Verðlaunahátið Umf. Selfoss fór fram 4. desember hvar knattspyrnukonan Barbára Sól Gísladóttir og handknattleiksmaðurinn Haukur Þrastarson voru útnefnd íþróttakona og íþróttakar Umf. Selfoss 2019. Á uppskeruhátið ITÁ sem haldin var 27. desember voru þau einnig útnefnd íþróttakar og íþróttakona Árborgar 2019.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt fimm fundi á árinu og aðalstjórn fundaði einnig fimm sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Framkvæmdastjóri situr í forvarnarhópi Sv. Árborgar sem fundar mánaðarlega. Þá sátu framkvæmdastjóri og formaður ýmsa fundi með fulltrúum Árborgar, ÍSÍ, UMFI, HSK og fleiri aðilum. Auk þess er gríðarmikið sjálfbærðastarfið unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða.

Umf. Skeiðamanna

Í stjórn eru: Lára Bergljót Jónsdóttir formaður, Ágúst Guðmundsson gjaldkeri og Guðfinna Ósk Magnúsdóttir ritari.

Aðalfundur var haldinn þann 8. apríl. Kosið var í spilaneftnd, skemmtineftnd og íþróttaneftnd. Auk þess hætti Sigríður Ósk sem gjaldkeri félagsins og Guðfinna Ósk kosin í hennar stað.

Í janúar og febrúar voru haldin 3 spilakvöld í Brautarholti, spilað var félagsvist þar sem heildarstigum var safnað fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Góð mæting. Hjónaball var haldið í mars og var vel sótt.

Ungmennafélagið sá um samverustund á sumardaginn fyrsta, farið var í ratleik, grillaðar pylsur og hoppukastali. Veðrið lék við okkur og var mæting góð.

Leikjanámskeið var haldið í júní fyrir 6-12 ára. Anna Þórný Sigfúsdóttir sá um námskeiðið. Allir voru velkomnir og þátttakan var mjög góð. Knattspyrnuæfingar fyrir 1.-7. bekk voru í boði undir vorið, þjálfari var Elvar Már Svansson.

Í nóvember var haldið jólabingó með nýstárlegu sniði þar sem gestir komu með pakka fyrir spjalð.



Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur var haldinn 30. maí 2019. Hefðbundin fundarstörf og ný stjórn félagsins kosin. Í henni situr Ólafur Már Ólafsson formaður, Agnes Lind Jónsdóttir gjaldkeri, Viktoría Ýr Norðdahl ritari, Jónas Höskuldsson varamaður, Örvar Hugason varamaður.



Við hjá Ungmennafélaginu höldum úti fimleikum, knattspyrnu og kraftlyftingardeild. Nýr yfirþjálfari fimleika er Ásdís María Magnúsdóttir, en hún hefur verið að þjálfa hjá félaginu í mörg ár. Fimleika æfa um 50 börn. Knattspyrna er með yngri flokka starf, í samstarfi við Ungmennafélag Selfoss, og meistaraflokkur varð virkur aftur á þessu ári. Formaður þeirrar nefndar er Gunnar Valberg Pétursson en þar æfa um 30 börn. Kraftlyftingardeildin hefur sér stjórn, en þar er formaður Unnar Már Hjaltason og Gunnhildur Hjaltadóttir gjaldkeri. Iðkendur í þeirri deild eru um 70.

Í júní var haldið sundnámskeiði fyrir börn í samstarfi við sundþjálfara frá Selfossi. Einnig sá félagið um framkvæmd Kvennahlaupsins á Stokkseyri þann 15. júní.

Að öðru leyti var starfsemi félagsins hefðbundin. Strandhlaup var í maí þar sem fólk á öllum aldri mætti og hljóp 800 metra en á þessu ári tóku 70 manns þátt. Að hlaupunum loknum var haldin viðurkenninga- og uppskeruhátíð.

Í júlí var haldin Bryggjuhátíð en ungmennafélagið heldur utanum þá hátíð. Hátíðin tókst vel og var vel mætt á auglýsta viðburði.

Í haust buðum við upp á fría tíma í íþróttahúsinu tvisvar í mánuði, fyrir mæður nýfæddra barna, að koma saman og hreyfa sig og börnin sín.

Í desember sáum við um að kveikja á jólatré bæjarbúa. Kakó og piparkökur voru á boðstólum og jólsveinar komu með góðgæti fyrir börnin. Skótuveisla var haldin á Þorláksmessu, þar mættu um 180 manns. Á aðfangadag aðstoðuðum við jólasveina við að koma pökkum til barna bæjarins. Einnig sér ungmennafélagið um að kveikja í áramótabrennu þorpsins.

Á árinu voru haldnir mánaðarlegir stjórnarfundir, ásamt öðrum fundum með kraftlyftingadeild, fimleikabjálfurum og umsjónarmanni knattspyrnu.

Að lokum viljum við þakka styrktaraðilum okkar, Sveitafélaginu Árborg og sjálfboðaliðum starfið á árinu.

Umf. Þjótandi

Aðalfundur félagsins var haldinn 4. febrúar í Þingborg. Engar breytingar urðu á aðalstjórn félagsins en hana skipa: Guðmunda Ólafsdóttir formaður, Lilja Ómarsdóttir gjaldkeri og Magnús St. Magnússon ritari. Á aðalfundinum voru veitt verðlaun fyrir íþróttamann ársins en þau hlaut Unnsteinn Reynisson frjálslíþróttamaður og félagi ársins var kjörin Rannveig Árnadóttir. Stjórnarfundir voru haldnir síðasta mánuðag hvers mánaðar og auk stjórna voru nefndarformenn og varastjórn boðuð á fundina.

Starfsemi Umf. Þjótanda árið 2019 var fjölbreytt að vanda. Gjaldfrjálsum íþróttæfingum var haldið úti allt árið auk glímæfinga yfir vetrartímann. Leikjanámskeið var svo haldið í júní og þátttökan var mjög góð. Keppt var undir merkjum Þjótanda bæði í glímu og frjálsum íþróttum á hinum ýmsu mótum innan héraðs og utan. Þess má geta að Þjótandi landaði sínum fyrsta HSK meistaratitli þegar lið okkar sigraði héraðsmót innanhúss í frjálsum.



Skeiðamenn í ratleik á sumardaginn fyrsta.



Iðkendur á jólasýningu fimleikadeildar Umf. Stokkseyrar.

Fastir viðburðir héldu sínu striki og má þar nefna þrettándagleði, Flóahlaupið, viðavangshlaupið, reiðtúr, Eftirréttaballið í Félagslundi, Flóamótið, skótuveislu og jólasveinaheimsóknir. Þorra-blótsdeildin hélt einnig áfram að standa fyrir þorra-blótinu í Þingborg. Félagið átti einnig þátt í framkvæmd hátíðarinnar Fjör í Flóa og 17. júní hátíðarhaldanna í Einbúa sem er útivistarsvæði félagsins.

Útivistarverkefni Þjótanda, Sá ég spóa suðrí Flóa, var haldið í annað sinn í sumar en þar bauðst sveitungum að ganga að sex póstkössum víðsvegar um Flóahrepp og rita nafn sitt í gestabók. Útdráttarverðlaun voru veitt í lok tímabilsins en þau voru ferð fyrir fjölskylduna með Kayakferðum á Stokkseyri. Það voru 169 manns sem tóku þátt í verkefninu og þeir rituðu 426 sinnum í gestabækurnar.

Vinnu við persónuverndarstefnu félagsins og vinnsluskrá var lokið á árinu auk þess sem við höfum lögum samkvæmt tekið upp þær vinnureglur að afla sakavottorða frá öllum þjálfurum félagsins og aðstoðarmönnum.

Umf. Þór

Aðalfundur Þórs var haldinn 15. maí 2019. Stjórnin var endurkjörin, formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjóla Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir. Haldnir voru nokkrir fundir með formönnum deilda. Þetta eru reglulegir fundir þar sem starf deildanna er rætt. Einnig eru stjórn og deildarformenn í mjög reglulegum tölvupóstsamskiptum. Í stuttu máli hefur starfsárið gengið mjög vel hjá öllum deildum Ungmennafélagsins Þórs.

Körfuknattleiksdeild

Starf körfuknattleiksdeildar Þórs hefur gengið vel á árinu og hefur meistaraflokkur Þórs fest sig í sessi í úrvalsdeild KKÍ. Árangur liðsins hefur verið reglulega í fréttamiðlum landans og um leið auglýst bæjarfélagið. Árangur meistaraflokks hefur ávallt hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina og eru um 110 krakkar 4 - 18 ára að æfa hjá deildinni. Yngri flokkar





Ræst í Viðavangshlaupi Umf. Þjóta.



Fimleikastelpur úr Þór á vinamóti í Þorlákshöfn.

deildarinnar hafa staðið sig vel í Íslandsmóti KKÍ en nokkrir flokkar eru í samstarfi við önnur lið á Suðurlandi. Samstarfið hefur gengið ágætlega og er von félaganna að það efli þessa flokka og komi í veg fyrir brottfall unglinga á þessum aldri.

Tveir leikmenn Þórs hafa keppt með yngri landsliðum KKÍ en í ár kepptu Ísak Júlíus Perdue með U16 ára landsliði Íslands og Styrmir Prastarson með U18 ára landsliði Íslands.

Halldór Garðar Hermannsson var valinn körfuknattleiksmaður Þórs 2019 en hann er lykilleikmaður með meistaraflokki Þórs. Á árinu hefur hann leikið mjög vel og var hann valinn í A landslið karla. Hann var valinn besti ungi leikmaður fyrri hluta Dominos deildar og var einnig í valinn í úrvalslið deildarinnar. Halldór var valinn leikmaður 8. umferðar Íslandsmótsins.

Fimleikadeild

Fimleikaæfingar hófust 7. janúar og iðkendur deildarinnar voru um 102 talsins. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan janúar og var í alls 12 skipti. Yfirþjálfari var Arna Björg Auðunsdóttir en auk

hennar störfuðu 10 þjálfarar við deildina. Farið var með nokkra hópa á mót og stóðu allir sig með sóma. T1 fór á Selfoss á æfingar til að komast í betri aðstöðu og borgaði deildin leiguna á salnum. Vorsýning og uppskeruhátið var haldin 22. maí. Þrennar viðurkenningar voru veittar og þær hlutu: Dana Rakel, fyrir framför og ástundun eldri og Nicole, fyrir framför og ástundun yngri. Efnilegasti iðkandinn var Katrín Ósk.

Sumarnámskeið var 10. júní til 12. júlí, fyrir 6-12 ára ásamt því að T1 og T2 æfðu saman 3x í viku þetta sama tímabil. Haustönn hófst 4. september með 127 iðkendum. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan september og var í alls 10 skipti. Yfirþjálfari var Arna Björg og auk hennar störfuðu 12 þjálfarar við deildina. Jólásýning var 14. desember og í ár var hún byggð á ævintýrinu um Aladín. Fimleikamaður ársins var valin Katrín Ósk.

Badmintondeild

Starf Badmintondeildar Þórs gekk mjög vel á árinu. Iðkendum fjölgaði mikið í upphafi árs en fækkaði hins vegar til muna með haustinu. Til starfa tók nýr þjálfari

en við bjóðum Magnús Joachim Guðmundsson velkominn í þjálfarahópinn.

Hið árlega Þórsmót var haldið í febrúar en þangað mættu keppendur alls staðar að af landinu. Þá var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn í byrjun maí þar sem bæði var keppt í unglinga- og fullorðinsflokkum. Voru heimamenn sigursælir á báðum þessum mótum. Í maí var einnig farið í óvissuferð til Reykjavíkur og höfðu krakkarnir mjög gaman af því. Auk þeirra móta sem haldin voru í Þorlákshöfn tóku krakkarnir þátt í fjölda annara móta og stóðu sig þar með stakri þrýði.

Frjálsíþróttadeild

Árið 2019 gekk vel hjá Frjálsíþróttadeild Þórs. Ný stjórn var kosin á aðalfundi í upphafi árs og Marta María Bozovic ráðin þjálfari áfram. Iðkendafjöldi var um 20 krakkar, breytilegt eftir árstímum. Stór hópur eldri iðkenda hefur að auki æft með Umf. Selfoss. Á mótum ársins náðist ágætis árangur bæði á HSK mótum og öðrum mótum og fimm Íslandsmeistarattitlar voru í höfn í árslok.

Frjálsíþróttadeild Þórs hélt eitt innanfélagsmót á árinu auk aðkomu að þeim HSK mótum sem haldin voru hér í Þorlákshöfn, á Selfossi, Laugardalshöll og í Kaplakrika. Fjárhagsstaða deildarinnar er nokkuð góð og er starfið fjármagnað með æfingagjöldum, dósasöfnunum, eggjasölu, lottótekjum og fleiru, auk þess sem Sveitarfélagið Ölfus stendur dyggilega á bak við starf deildarinnar eins og annarra deilda Ungmennafélagsins Þórs. Viktor Karl Halldórsson var kjörinn frjálsíþróttamaður ársins 2019.

Vélhjóladeild

Starfsárið 2019 var nokkuð hefðbundið. Deildin átti 4 öikumenn sem tóku þátt í Íslandsmótinu í mótorkrossi/enduro. Gyða Dögg Heiðarsdóttir sem hefur verið okkar fremsti fulltrúi í mótorkrossinu ákvað þetta árið að keppa í MX2 flokki til að auka við reynslu sína og reyna sig samhliða fleiri karlkyns öikumönnum. Áður keppti hún í kvennaflokki með mjög góðum árangri. Hún stefnir á að keppa á erlendri grundu á næsta keppnistímabili.

Á tímabilinu kepptu einnig Sölvi Örn Heiðarsson og Bríet Anna Heiðarsdóttir. Í nóvember hélt deildin Vetrarkeppni til styktar Gyðu Daggar sem eins og fyrr sagði hyggur á keppni erlendis árið 2020. Mæting á keppnina var nokkuð góð miðað við árstíma og heppnaðist með eindæmum vel. Stjórn félagsins skipa Heiðar Örn Sverrisson formaður, Helga Helgadóttir gjaldkeri og Gyða Dögg Heiðarsdóttir.

Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu:

Golfklúbburinn Þverá
Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Ljufur
Hestamannafélagið Trausti
Umf. Dagsbrún
Umf. Gnúpverja
Umf. Trausti
Umf. Þórsmörk



Svipmyndir úr starfinu



Sigurlið Hamars á unglingamóti HSK í badminton 2019.



Hrunamenn HSK meistarar í blaki karla.



Sigurlið Umf. Selfoss á aldursflokkmóti HSK í frjálsum utanhúss 2019.



Lið Þjótanda vann stigakeppni stráka á héraðsmótinu í glímu.



Dimon/Hekla vann titilinn á héraðsmóti kvenna í blaki.



Ingibjörg Helga varð önnur í pönnukökubakstri á Landsmóti 50+.



Verðlaunahafar á sveitakeppni HSK í skák.



Bikarlið HSK í frjálsíþróttum innanhúss 2019.




UMFÍ

LANDSMÓT UMFÍ 50+
Borgarnesi 19. - 21. júní 2020

ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ
Kópavogi 26. - 28. júní 2020

UNGLINGALANDSMÓT
Selfossi 31. júlí - 2. ágúst 2020

Ítarlegri upplýsingar á umfi.is



Gerðu tilraun í Arion appinu

Núna getur þú sett þér markmið í sparnaði í appinu. Það er sama hvert markmiðið er, hvort sem það er stórt eða smátt þá færir þú það nær í hverjum mánuði.

Tíminn vinnur með þér – ef þú getur beðið.

